



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. ágúst 2008 — 231. tölublað — 8. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

SÍBS sjötíu ára

70 ár eru liðin síðan berklasjúklingar komu saman á Vífilsstöðum og stofnuðu Samtök íslenskra berklasjúklinga.

TÍMAMÓT 18

Órafmögnuð hátíð

Svavar Knútur Kristinsson skipuleggur tónlistarhátíð á nýopnuðum Café Rosenberg um helgina.

FÓLK 24

Endalok hernáms

Í stað samnings um ævarandi hernám er nú verið að semja um brotthvarf bandaríks herliðs frá Írak, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

Góður undirbúningur

Kvennalandslið Íslands í körfubolta er tilbúið í slaginn í B-deild Evrópukeppninnar.

ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐA VÆTA Í dag verður víða suðvestan 5-10 m/s en norðaustan 8-13 m/s vestanlands. Víða dálítill rigning eða skúrir en þurrt að mestu og bjart austanlands. Hitinn verður á bilinu 8-15 stig.

VEDUR 4

OPIÐ

til **20** alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Nýr meirihluti ósamstíga um flugvöllinn

Framsóknarflokkurinn vill flugvöllinn áfram í Vatnsmýri en formaður skipulagsráðs vill hann burt. Hann efast um að niðurstaða liggi fyrir á þessu kjörtímabili. Unnið er að skipulagninu Vatnsmýrar sem þrengir að flugvöllinum.

SKIPULAGSMÁL Meirihlutaflökkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur eru ósamstíga um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Samkvæmt málefnasamningi nýs meirihluta er nú unnið að skipulagningu svæða í Vatnsmýrinni sem þrengja að flugvöllinum. „Við framsóknarmenn höfum verið þeirrar skoðunar að flugvöllurinn eigi að vera annaðhvort í Vatnsmýrinni eða á Lönguskerjum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, hefur hins vegar sagt að hann vilji flugvöllinn úr Vatnsmýrinni.

Í málefnasamningi Ólafs F. Magnússonar og sjálfstæðismanna sagði að ekki yrði tekin ákvörðun um flutning hans á kjörtímabilinu. Aðspurður hvort það séu ekki vonbrigði fyrir sjálfstæðismenn að ekki skuli vera eining um málið með nýja samstarfsflokknum segir Júlíus Vífill: „Nei, alls ekki. Flugvallarmálið er þannig mál að þar fer skoðun manna ekki eftir flokkslínunum. Í raun væri engin leið að mynda nokkurn meirihluta í borgarstjórn þar sem fullkominn samhljómur væri í afstöðu borgarfulltrúa til vallarins.“ Hann efast um að endanleg niðurstaða fáiist í málið á þessu kjörtímabili.

Óskar Bergsson segir að þó að skipulagsvinna í Vatnsmýrinni sé komin á fullt þýði það ekki dauðadóm fyrir flugvöllinn þar. „Það er afar athyglisvert í þessu máli að sjálfstæðismenn geta skipt algjörlega um skoðun eftir því með hvaða smáflokki eða einstaklingi þeir vinna hverju sinni,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri mun eiga fund í næsta mánuði með Kristjáni Möller samgönguráðherra þar sem hún mun gera honum grein fyrir áætlunum meirihlutans varðandi Reykjavíkurflugvöll.

- jse / sjá síðu 4



KOMINN Í KAUPSTAÐ Nokkrar umferðartafir urðu á Kringlumýrarbraut í gær þegar ökumaður fagurgrænnar Deutz-dráttarvélar truflaði umferðina á háannatíma. Akstur dráttarvéla er bannaður á helstu stofnbrautum borgarinnar eins og Kringlumýrarbraut milli klukkan 7.30 og 9 árdegis og milli klukkan 16.30 og 18.30.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jarðfræðingur segir misskilning að Snæfellsjökull bráðni nú með ógnarhraða: Snæfellsjökull stærri en hann sýnist

NÁTTÚRA „Það er skoðun nær allra sem ég hef talað við að því þyki sem jökullinn hafi aldrei verið minni en nú,“ segir Guðrún Lára Pálmadóttir, starfsmaður í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur, sem búsettur er á Hellisandi á Snæfellsnesi, segir það rétt að jökullinn sé að minnka mikið. Hins vegar sé mjög erfitt að greina slíkar breytingar frá jörðu niðri og jafnvel þegar upp er komið. Skýringin á því hve lítill jökullinn virðist nú sé ekki sú að hann hafi minnkað svo greinilega heldur sú að óvenjumikinn snjó leysti á svæðinu í



SNÆFELLSJÖKULL Í VETRARHAM Þegar þessi mynd var tekin úr Perlunni fyrir tveimur árum virtist jökullinn fagur og stór. Þeir sem borið hafa hann augum í sumar þykir hann nú vart svipur hjá sjón.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sumar. Fólk rugli því saman sköflum og jökli. „Hafi jökullinn verið 12 hekt-

arar fyrir 100 árum er hann 11 til 10,5 nú,“ segir Oddur og bendir þar með á að breytingarnar séu hægari en fólk haldi. Á vefsíðunni skessuhorn.is var fyrir skömmu greint frá því að forsvarsmenn fyrirtækisins Snjófells hefðu ákveðið að hætta að bjóða ferðamönnum upp á vél-sleðaferðir upp á jökulinn vegna þess hve snjólítil hann sé. Sprungur séu nú mun fleiri og varasamt að vera á jöklinum um þessar mundir. Oddur segist þó ekki telja að jökullinn sé hættulegri yfirferðar en áður en að fólk skuli þó sýna aðgát þegar farið er um hann.

- kdk

Muna hundrað aukastafi pí

HEILSA „Eldra fólk sem segist geta nefnt fyrstu hundrað aukastafina í pí lætur barnabörnin alveg falla í stafi,“ segir Gísli Páll Pálsson, framkvæmdastjóri dvalarheimilisins Áss og skipuleggjandi minnisþjálfunarnámskeiðs, sem haldið verður í næstu viku. Tveir erlendir minnisþjálfarar sem Gísli Páll kynntist í gegnum evrópsk öldrunarsamtök kenna á námskeiðinu aðferð sem notuð var fyrir hundruðum ára í Austur-Evrópu. „Námskeiðið er fyrst og fremst hugsað fyrir starfsfólk dvalarheimila en ef fleiri eru áhugasamir um minnisþjálfun eru þeir velkomnir,“ segir Gísli Páll.

- mmf / sjá Allt

Breytingar á hrossastofni: Hlutfall grárra hrossa minnkar

HESTAR Hlutfall grárra hrossa í íslenska hrossastofninum hefur lækkað verulega frá því úttekt var gerð á litskiptingu stofnsins um 1930. Þá voru grá hross 23,1 prósent af stofninum en árið 2006 voru þau ekki nema 6,7 prósent. Guðlaugur Antonsson hrossa-æktarráðunautur segist þó engar áhyggjur hafa. „Ég held að gráum hrossum sé jafnvel aðeins að fjölga en þetta byggist allt á kröfum. Ef til er góður grár stóðhestur þá fæðast fleiri grá hross og Gustur frá Hóli hefur þar haft áhrif.“ Guðlaugur bendir einnig á að tölurnar frá 1930 séu ekki eins áreiðanlegar og nú en samt sé þetta mikill munur.

-hs / sjá sérblað lh hestar

MINNA AF SYKRI MEIRA AF ÁVÖXTUM

SPURNING DAGSINS



Frank, ætlar þú að koma í veg fyrir stórbruna?

„Ég byrja á því að koma í veg fyrir smábruna því hann getur orðið að stórbruna.“

Frank Höybye Christensen rekur fyrirtæki sem sérhæfir sig í brunavörnum en hann hefur einnig verið kallaður frægasti dvergur Íslands.

Séríslenskar plöntur fundnar: 15 milljón ára beyki fannst

NÁTTÚRA Á Íslandi hafa myndast nokkrar séríslenskar trjá- og plöntutegundir samkvæmt nýútkominni grein Leifs A. Símonarsonar og Friðgeirs Grímssonar.

„Tvær nýjar beykitegundir hafa fundist og kallast arnarbeyki og hrútabeyki,“ segir Leifur. Tegundirnar hafa myndast hér og ekki verið til neins staðar annars staðar. Einnig hafa fundist tvær séríslenskar hlyntegundir og önnur þeirra hefur að geyma stærsta hlynaldin í heimi.

Elstu beykileifarnar sem fundust í rannsókn þeirra eru um fimmtán milljóna ára gamlar. - vsp

Ólympíuförunum fagnað: Í opnum vagni niður Laugaveg

ÓLYMPIULEIKAR Íslensku ólympíuförunum verður fagnað í miðborg Reykjavíkur á morgun, miðvikudag. Þeir munu fara í opnum vagni frá Hlemmi niður Laugavegin og að Arnarhóli, þar sem þeir verða hylltir af þjóðinni, að því er fram kemur í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu.

Það eru ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sem standa fyrir fögnuðinum. Að sögn Örnú Hauksdóttur hjá menntamálaráðuneytinu er búist við því að allir ólympíufararnir komi til Íslands og verði við fögnuðinn á miðvikudag. - þeb

SNÆFELLSNES

Tilraunaholur í Snæfellsnes

Verið er að bora fjórar 100 til 200 metra tilraunaholur við Eysteinsdal og eina holu við Búrfell í Snæfellsbæ til að athuga hvort hægt sé að finna heitt vatn á þessu svæði sem ekki hefur verið kannað áður.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Gríptu augnablikið!

Akureyri frá 3.990 kr.

Flugvallarskattar innifaldir, takmarkað sætaframboð, einungis bókanlegt á netinu.



2

FRÉTTABLAÐIÐ

26. ágúst 2008 PRÍÐJUDAGUR

Rússneska þingið styður sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu:

Óvíst hvað Medvedev gerir



ABKASÍULEIÐTOGI Á RÚSSNESKA ÞINGINU Sergei Bagapsh, leiðtogi Abkasíu, ávarpaði í gær rússneska þingið.

styrkja stöðu hans í samninga-viðræðum við Vesturlönd, sem leggja allt kapp á að halda aðskiln-

aðarhéruðunum tveimur áfram innan Georgíu.

Ekkert ríki heims hefur til þessa viðurkennt sjálfstæði héraðanna, þótt þau bæði hafi í reynd, með hjálp Rússa, verið sjálfstæð eftir skammvinn stríð við Georgíuher í beinu framhaldi af hruni Sovétríkjanna. Rússar hafa stutt bæði héruðin fjárhagslega og hernaðarlega.

Í gær sagðist Medvedev ætla að þrýsta á Moldóvustjórn um lausn á annarri svipaðri deilu, um héraðið Transnistríu, sem tilheyrir Moldóvu en hefur þó í reynd verið sjálfstætt í hálfan annan áratug og vill sameinast Rússlandi.

- gb

Útboð Íbúðalánasjóðs: Óbreyttir vextir

VIÐSKIPTI Lánavextir Íbúðalánasjóðs verða óbreyttir um sinn, 4,9 prósent og 5,4 prósent án uppgreiðsluákvæðis. Þetta kemur fram á heimasíðu sjóðsins. Sjóðurinn bauð út íbúðabréf fyrir helgi og var mjög mikil eftirspurn eftir bréfum. Tilboð bárust fyrir um 21 milljarð króna. Sjóðurinn tók tilboðum fyrir fimm milljarða.

Mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir íbúðabréfum. Heildarvæltan með bréfin er um 175 prósentum meiri en í fyrra, að því er fram kemur í síðustu mánaðarskýrslu sjóðsins. Þar sagði einnig að lán hefðu ekki verið jafn mikil frá því um mitt ár 2004.

- ikh

Hamingja kortlögð: Mest hamingja í Danmörku

BRETLAND Danir eru hamingjusamasta þjóð heims, samkvæmt nýrri könnun sem framkvæmd var í Bretlandi. Íslendingar eru í fjórða sæti, á eftir Sviss og Austurríki. Íbúar Simbabve og Búrúndí eru hins vegar óhamingjusamastir.

Þessar niðurstöður fengust með því að kortleggja svör 80 þúsund manns, víðs vegar um heiminn, við spurningum um hamingju þeirra. Samkvæmt niðurstöðunum veltur hamingja þjóða mest á góðu heilbrigðiskerfi, hagsæld og menntun. - þeb



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Fremst meðal jafningja á handbolta-landsleik.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Þorgerður Katrín á ÓL í Kína: Ráðuneytið borgaði ferðina

STJÓRNSÝSLA Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mennta- og íþróttamálaráðherra greiddi ekki fyrir seinni ferð sína til Kína úr eigin vasa. Ferðin, sem og allt upphald, var greitt af menntamálaráðuneytinu eins og fyrri ferð ráðherrans.

Ekki var að svo stöddu hægt að fá upplýsingar um kostnaðinn við ferð Þorgerðar til Kína. Upplýsingar fengust heldur ekki um hvort ráðuneytið hefði einnig greitt ferðakostnað Kristjáns Arasonar, eiginmanns Þorgerðar. Því verður hins vegar svarað í vikunni. - vsp

AÐRIR HLUTIR OG VIÐBURÐIR Á UPPBOÐI

Flug fyrir tvo báðar leiðir til Köben undir leiðsögn Friðriks Weiss-happel.

Listaverk eftir Tedda.

Listaverk sem Edda Jónsdóttir og Kogga gerðu saman á samsýningu fyrir nokkrum árum.

Leiðsögn á Njáluslóðum með Arthúri Björgvíni Bollasyni.

Íslenskur sunnudagshádegisverður heima hjá Guðrúnu Ögmunds-dóttur.

Útlitsráðgjöf með Björgu Ingadóttur í Spaksmannsspjörum.

Veði í Laxá í Kjós með gistingu og mat.

Ragnheiður Arngrímsdóttir ljósmyndari kemur heim og tekur myndir.

Halló Akureyri – Lúðvík hjá Saga Capital flýgur með hóp norður á Akureyri.

Detox-meðferð fyrir tvo með Jónínu Benediktsdóttur.



SVANAKJÓLLINN? Ekki er loku fyrir það skotið að Íslendingar geti boðið í svana-kjól Bjarkar, þó ekki sé það staðfest. Að minnsta kosti geta gestir markaðarins boðið í kjól í eigu Bjarkar.



LAMPINN Lampinn Local Career Lamp eftir Ólaf Eliasson verður til uppboðs á laugardaginn í Perlunni.

kyns hlutum og viðburðum sem hver sem er getur boðið í, að sögn Áslaugar.

„Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er allt frá hádegismat með Sveppa og Audda og upp í ferð fyrir tvo með Jóhönnu Kristjónsdóttur til Jemen,“ segir Áslaug.

Annað sem hægt er að bjóða í er flugferð fyrir þrjá með Ómari

Flugvél frá Icelandair Cargo flaug með hergögn frá Bandaríkjunum:

Fluttu óhlaðna riffla til Georgíu

FLUG Flugvél frá Icelandair Cargo flutti hergögn frá Bandaríkjunum til Georgíu í lok síðasta mánaðar. Um var að ræða óhlaðna riffla að sögn Gunnars Más Sigurfinnssonar, framkvæmdastjóra Icelandair Cargo. Hann segir flutninga sem þessa ekki flokkast undir flutning á hættulegum gögnum. Átök brutust út á milli Georgíumanna og Rússa í byrjun ágúst.

„Við myndum aldrei taka þátt í svona flutningum nema þeir væru 100 prósent löglegir og öruggir. Við myndum aldrei taka að okkur flutninga í stríði,“ segir Gunnar Már. Hann segir flugfélög víða sinna flutningum sem þessum alla daga og engum þyki það fréttæmt. „Það er ekkert fragtflugfélag sem gefur sig út fyrir að flytja ekki svona. Svona vörur eru til dæmis oft fluttar á milli Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu, og jafnvel til Íslands þegar heræfingar eru hjá Nató og annað.“

Gunnar segir svona flutninga vera gerða með fullri vitneskju og samþykki allra þeirra landa sem flogið sé yfir. Þó flokkast flutningur á óhlöðnum rifflum ekki undir flutning á hættulegum gögnum. Engin skotfæri voru um borð. Fragtflugfélög þurfa



ICELANDAIR CARGO Flugfélög sinna flutningum á hergögnum eins og öðrum vörum. Óhlaðnir rifflar teljast þó ekki til hættulegra gagna og þarf ekki sérstakt leyfi til að flytja þá, að sögn Gunnars.

sérstök leyfi til að flytja hættuleg gögn og Icelandair Cargo hefur slíkt leyfi.

- þeb

capacent

HÖFUNDUR „THE BALANCED SCORECARD“
VERÐUR Á ÍSLANDI 17. SEPTEMBER 2008

ROBERT KAPLAN

HÁSKÓLABÍÓ: FYRIRLESTUR KL. 09:00-10:30

“The Execution Premium - Linking Strategy to Operations for Competitive Advantage”

Fyrirlesturinn er byggður á efni nýjustu bókar Dr. Robert Kaplan og Dr. David P. Norton sem kom út á þessu ári.

Verð: 7.900 kr.

Afsláttur til háskólastúdenta á afgreiðslustöðum midi.is



GRAND HÓTEL: RÁÐSTEFNA KL. 13:00-15:00

“Balanced Scorecard in Practice”

Reynslusögur af innleiðingu “Balanced Scorecard”

- Orkuveita Reykjavíkur
- Umferðarstofa
- Capacent

Ráðstefnustjóri: Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands.

Dr. Kaplan mun taka þátt í umræðum og eiga lokaorð.

Verð: 25.000 kr.

Sjá nánar á www.capacent.is / Miðasala fer fram á www.midi.is

Nánari upplýsingar gefur Hákon Gunnarsson, partner hjá Capacent (hakon.gunnarsson@capacent.is)

GENGID 25.08.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	81,5	81,88
	Sterlingspund	150,72	151,46
	Evra	120,31	120,99
	Dönsk króna	16,127	16,221
	Norsk króna	15,164	15,254
	Sænsk króna	12,855	12,931
	Japanskt jen	0,7416	0,746
SDR		128,04	128,8
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			
157,0668			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Strákarnir okkar:

Fá fálkaorðuna á miðvikudag

ÓLYMPIULEIKAR Íslenska handboltalandslíðið verður sæmt fálkaorðunni fyrir árangur sinn á Ólympíuleikunum.

Þá munu Guðmundur Þ. Guðmundsson landsliðsþjálfari, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, og Ólafur Stefánsson, fyrirlíði liðsins, verða sæmdir stórriddarakrossi.

Þeir þrír Íslendingar sem unnið hafa til verðlauna á Ólympíuleikum hafa allir verið sæmdir fálkaorðunni. Ekki var þó efnt til sérstakra athafna við þau tækifæri. Vala Flosadóttir fékk fálkaorðu 1. janúar 2001, Vilhjálmur Einarsson 17. júní 2006 og Bjarni Friðriksson 1. janúar á þessu ári.

- þeb

Þingið í Simbabve:

Óvæntur sigur lýðræðisafla

SIMBABVE, AP Stjórnarandstaðan í Simbabve vann óvæntan sigur þegar Lovemore Moyo var kosinn þingforseti. Þingforseti stjórnar umræðum á þinginu og getur þar með haft veruleg áhrif á framgang deilna stjórnarandstöðunnar við Robert Mugabe forseta.

Þjóðþing landsins kom saman í gær í fyrsta sinn frá umdeildum kosningum í mars. Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, krefst þess að Mugabe deili með sér völdum.

Tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar voru hins vegar handteknir í gær, stuttu áður en þingforseti var valinn.

- gb

ÁRÉTTING

Sveinn S. Þorgeirsson, Frakkastíg 22, verður jarðsuginn frá Neskirku við Hagatorg í dag klukkan 13.00.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

26. ágúst 2008 **ÞRIÐJUDAGUR**

Guðni Ágústsson gagnrýndi ríkisstjórnina hart á opnum fundi í Borgarnesi:

Vill ný lög um starfsemi banka

STJÓRNMÁL Íhuga þarf að setja lög um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi, er mat Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins. Þetta kom meðal annars fram í ræðu hans á opnum fundi í Borgarnesi í gærkvöldi. Guðni telur mikla áhættu felast í stærð bankakerfisins.

Guðni lagði mikla áherslu á efna-hagsmál í ræðunni og sagði stjórnarflokkana ráðalausa. „Að mati okkar framsóknarmanna þarf að gera fernt. Efla gjaldeyrisforðann verulega og lækka stýrivexti Seðlabankans tafarlaust. Minnka þarf opinberar álögur til að draga úr verðbólguþrýstingi; til greina



BORGARNES Í GÆRKVÖLDI Guðni fór mikinn á fyrsta landsbyggðarfundinum í fjórum í gærkvöldi.

MYND/

kemur að lækka matarskatt og minnka álögur á eldsneyti. Einnig þarf að auka opinberar framkvæmdir.“

Guðni nefndi sérstaklega að vegaframkvæmdir væru arðvænlegar og gætu dregið úr áföllum í byggingariðnaði og minnkað líkur á stórfelldu atvinnuleysi. Hann deildi einnig hart á Geir H. Haarde fyrir að sameina landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. „Það er ekki lýðræðislegt eða líðandi að tveir stjórnmalámennt af 63 komi saman og ákvarði um framtíð stjórnarráðsins án aðkomu stjórnarandstöðunnar. Geir Haarde hefur unnið skemmdarverk á landbúnaðarráðuneytinu með því að taka af því landgræðslu og skógrækt og alla vísindamenn og setja það undir menntamálaráðuneytið.“

- shá

Eyða verður óvissu um Reykjavíkurflogvöll

Skipulagsvinna fyrir Vatnsmýrina er í fullum gangi þó enn sé óráðið hvar flugvöllurinn verði til frambúðar. Formaður Framsóknarflokksins vill binda sem fyrst enda á vandræðalega umræðu um flugvöllinn sem skaðað hefur borgina.

SKIPULAGSMÁL Í málefnasamningi nýs meirihluta er gert ráð fyrir skipulagningu byggðar í Vatnsmýri þó að ekkert liggi fyrir um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflogvallar. Reykjavíkurborg hefur ráðið skoska arkitektinn Graeme Massie til að aðstoða við skipulagsvinnu í Vatnsmýrinni en hann er höfundur að vinnings-tillögunni sem farið verður eftir.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, hefur sagt að hann vilji flugvöllinn úr Vatnsmýrinni en slíkt er framsóknarmönnum ekki að skapi.

„Við framsóknarmenn höfum verið þeirrar skoðunar að flugvöllurinn eigi að vera annaðhvort í Vatnsmýrinni eða á Lönguskerjum,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. „En þó mætti útfæra það með einhverjum hætti til að spara land. En þessari vandræðalegu umræðu um staðsetningu flugvallarins er skaðleg borginni og henni þarf að ljúka sem fyrst og ég treysti Óskari [Bergssyni borgarfulltrúa] vel til þess að málið verði leitt til lykta fljótt.“

Óskar Bergsson segir að þótt skipulagsvinna í Vatnsmýrinni sé komin á fullt þýði það ekki dauða-



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Formaður Framsóknarflokksins leggur hart að borgarfulltrúa sínum að niðurstaða um framtíðarstaðsetningu Reykjavíkurflogvallar liggi fyrir sem fyrst. Skipulagsvinna á svæðinu er hafin þrátt fyrir óvissuna og ekki er samhljómur meðal meirihlutflokka.

AFSTAÐA FYRRI MEIRIHLUTA TIL FLUGVALLARINS Í VATNSMÝRI
■ Málefnasamningur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 2006 Ákvörðun um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar tekin á kjörtímabilinu. Skipulag nýrra hverfa – Geldinganes, Úlfarsfell, Örfirisey, Vatnsmýri.
■ Tjarnarkvartettinn svokallaði gerði engan málefnasamning en Dagur B. Eggertsson segir að þá hafi verið unnið að undirbúningi skipulagsmála á svæðinu.
■ Málefnasamningur Sjálfstæðisflokks og F-lista Reykjavíkurflogvöllur verður sýndur í óbreyttri mynd í aðalskipulagi á meðan rannsóknir standa yfir vegna nýs flugvallarsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður tekin ákvörðun um flutning Reykjavíkurflogvallar á kjörtímabilinu.

dóm fyrir flugvöllinn þar. „Ég hef alltaf sagt að mér finnst mikilvægast að flugvöllurinn sé í Reykjavík og sem næst miðbænum.“

„Ég hef sagt það að Vatnsmýrin sé dýrmætt svæði og mikilvægt fyrir borgina til uppbyggingar,“ segir Júlíus Vífill. „Ég hef einnig sagt það að ég vilji hafa flugvöllinn hér á höfuðborgarsvæðinu. Nú

fer fram rannsókn hvar flugvöllurinn geti hugsanlega verið annars staðar en í Vatnsmýrinni og ég bið eftir þeirri niðurstöðu. En við munum vinna þetta mál í góðu samstarfi við okkar samstarfsflokk og það verður auðvitað ekki afgreitt öðruvísi en að báðum líki.“ Hann efast þó um að endanleg staðsetning flugvallarins ráðist á þessu kjörtímabili. jse@frettabladid.is

Breytingar á búnaði lögreglu:

Lögreglan fær skotheld vesti

LÖGREGLUMÁL Lögregluþjónar lögreglu höfuðborgarsvæðisins munu brátt klæðast skotheldu vesti við störf sín en hingað til hafa einungis lögreglumenn í sérsveit Ríkislögreglustjóra notað þess háttar búnað.

Í samtali við vísí.is segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn þetta meðal annars gert þar sem það færist í vöxt að menn beri hnifa og beiti þeim gagnvart lögreglu. Um tvenns konar vesti er að ræða, undirvesti sem lögreglumenn klæðast í eftirlitsferðum í bifreiðum og utanyfirvesti sem þeir klæðast þegar þeir eru fótgangandi.

- ovd

Sementsverksmiðjan:

Þverpólitískt samráð um starfsleyfið

SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Akraness hefur ákveðið að skipa þverpólitískan starfshóp með fulltrúum allra flokka í bæjarstjórn til að gera tillögu að umsögn um starfsleyfi fyrir Sementsverksmiðjuna hf.

Umhverfisnefnd Akraness hefur þegar lagt til við bæjaryfirvöld að hafna ósk Sementsverksmiðjunnar um nýtt starfsleyfi til sextán ára. Nýja starfsleyfið myndi fela í sér heimild til sorpbrennslu í miðju bæjarfélaginu með tilheyrandi mengun og umferðarþunga og að það sé óviðunandi fyrir íbúana.

- gar

Íbúar við Kársnesbraut:

Sigurður G. til Betri byggðar

SKIPULAGSMÁL Íbúar við Kársnes-, Huldu- og Marbakkabraut í Kópavogi hafa ráðið hæstaréttarlögmanninn Sigurð G. Guðjónsson til að gæta hagsmuna sinna gagnvart Kópavogsbæ.

Sigurður og forsvarsmenn Betri byggðar á Kársnesi áttu í gær fund með sviðsstjóra skipulagssviðs hjá Kópavogsbæ þar sem áherslum íbúa var komið á framfæri.

Eru þeir ósáttir við fyrirhugaða húsagötu við Kársnesbraut sem gerir ráð fyrir að tekið verði af lóðum flestra húsa við sunnanverða götuna á milli Kársnesbrautar 9 og 51.

Húsagötunni er ætlað að mæta aukinni umferð um Kársnesbraut.

- gh

Pevaryl®

Áhrifarík meðferð við sveppasykingum í leggöngum

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Pevaryl®, Pevaryl Depot® (ekónazol) krem (skeiðarkrem) 1%, skeiðarstílar 150 mg og skeiðarstílar með forðaverkun 150 mg. Pevaryl er fánlegt án lyfseðils og er notað við sveppasykingu í leggöngum og á ytri kynliðrum af völdum candida albicans. Lyfið er ekki ætlað börnum. Þeir sem hafa snertofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfisins eiga ekki að nota lyfið. Pevaryl skeiðarstílar og krem innihalda efni sem geta eyðilegt þettur og verjur sem innihalda latex og þar með minnkað öryggi þeirra. Því skal ekki nota Pevaryl skeiðarstíla og krem með þessum getnaðarvörum. Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Leitið til læknis eða lyfjafærðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafið markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB, Umboð á Íslandi: Víðir hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

Elisabet Margeirsdóttir
Veður-
fréttamaður

VINDUR OG VÆTA
Í dag verður áfram fremur stífur vindur við strendur landsins en það mun lægja töluvert á morgun og einnig verður úrkoman minni háttar. Þannig að þegar strákarnir okkar koma heim má búast við hinu skaplegasta veðri til að fagna þeim á götum úti.

Á MORGUN
Austlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR
Suðaustan 8-13 vestan til, annars hægari.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	20°
Ósló	21°
Stokkhólmur	17°
Gautaborg	19°
London	23°
Paris	27°
Frankfurt	26°
Friedrichshafen	25°
Berlín	23°
Alicante	29°
Mallorca	29°
Basel	26°
Eindhoven	23°
Las Palmas	24°
New York	27°
Orlando	33°
San Francisco	24°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Eigðu afganginn!

Þeir sem bera saman verð og gæði velja Volkswagen



Volkswagen Jetta	Toyota Corolla	Ford Focus
Comfortline 1,6 – Beinskiptur, bensín	Sol 1,6 – Beinskiptur, bensín	Trend 1,6 – Beinskiptur, bensín
Verð: 2.790.000 kr.	Verð: 3.240.000 kr.*	Verð: 2.850.000 kr.*
Eyðsla: 7,4 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,9 l / 100 km. Blandaður akstur	Eyðsla: 6,7 l / 100 km. Blandaður akstur
Hestöfl: 102	Hestöfl: 124	Hestöfl: 100
Sjálfskipting: Nei	Sjálfskipting: Nei	Sjálfskipting: Nei
Skriðstillir: Já	Skriðstillir: Nei	Skriðstillir: Já
ESP stöðugleikastýring: Já	ESP stöðugleikastýring: Nei	ESP stöðugleikastýring: Já
Hiti í framsætum: Já	Hiti í framsætum: Nei	Hiti í framsætum: Nei
Nálgunarskynjarar: Já	Nálgunarskynjarar: Nei	Nálgunarskynjarar: Nei
Regnskynjarar: Já	Regnskynjarar: Nei	Regnskynjarar: Nei
Álfelgur: 16"	Álfelgur: Nei	Álfelgur: Nei
Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já	Þokuljós að framan: Já
Aðkomuljós: Já	Aðkomuljós: Nei	Aðkomuljós: Nei
Útispeglar: Rafdrifnir og upphitaðir	Útispeglar: Rafdrifnir	Útispeglar: Rafdrifnir

Aukahlutur á mynd: Vindskíð

*samkvæmt verðlista viðkomandi umboðs

Þegar þú velur Jettu fram yfir Corollu eins og í dæminu hér til hliðar er „afgangurinn“

450.000 kr.

Þegar þú velur Jettu fram yfir Focus er „afgangurinn“

60.000 kr.

Fáðu þér betur búinn bíl og sparaðu háar fjárhæðir í leiðinni

Þegar þú berð saman verð og gæði kemur í ljós að þú færð betur búinn bíl og sparar um leið háa fjárhæð ef þú velur Volkswagen. Það er ótrúlegt en satt en ný Jetta, með öllum sínum gæðum og búnaði, kostar minna en aðrir bílar í sama flokki. Ekki spillir fyrir að þú þarft aðeins að greiða 20% út, t.d. með uppítöku, og færð það sem upp á vantar að fullu lánað í erlendri mynt. Komdu núna og tryggðu þér Jettu – og gerðu það sem þú vilt við afganginn.



Das Auto.



KJÖRKASSINN



Ert þú sátt(ur) við silfrið?

Já	93,6%
Nei	6,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Vilt þú virkja Bitru á Hellis-heiði?

Segðu skoðun þína á [vísir.is](#)

6

FRÉTTABLAÐIÐ

26. ágúst 2008

PRÍÐJUDAGUR

Ökuníðingar handteknir eftir ofsaakstur innan um börn við Austurbæjarskóla:

Grunaður um fíkniefnaakstur

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn milli tvítugs og þrítugs voru í gær fluttir í fangageymslur lögreglunnar eftir að hafa ekið inn á skólalóð við Austurbæjarskóla og viðhaft þar glæfraakstur. Hópur barna var á skólalóðinni og mátti vel sjá á myndum sem tókumaður mbl.is náði að ökuníðingurinn ók ítrekað mjög nálægt börnunum með afar glæfralegum hætti. Kristján Ó. Guðnason, yfirmaður umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segist vart muna eftir öðru eins háttarlagi og að ströng viðurlög væru við slíku framferði.

Ökumaður bílsins er grunaður um brot á umferðarlögum, svo sem að hafa ekki sýnt nægjanlega aðgát við akstur, hraðakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna. Þá er hann grunaður um að hafa með akstrinum gerst sekur um brot gegn hegningarlögum með því að stefna lífi eða heilsu annarra í háska. Hann er einnig grunaður um vörslu fíkniefna.



OFSAAKSTUR Á SKÓLALÓÐ Ef eitthvað hefði farið úrskeiðis við glæfraakstur ökumannsins hefði geta farið mjög illa. MYND/MBL.IS

Bífreið ökumannsins var haldlögð af lögreglu og bíður skoðunar með tilliti til öryggisbúnaðar hennar. Ákvörðun verður tekin síðar um hvort krafist verður upptöku á henni.

- kdk

- gar

Nýtt fræðasetur í Mýrdalnum: Rannsaka Kötlu og áhrif eldgosa

VÍSINDI Koma á á fót Kötlu setri í Mýrdalshreppi.

Samkvæmt tillögu sem sveitarstjórnin samþykkti samhljóða verður setrið sjálfs-eignarstofnun með það að meginmarkmiði að stunda rannsóknir á eldfjallinu Kötlu og áhrifum Kötlugosa á mannlíf og náttúrufar.

Þá er Kötlu setrinu sömuleiðis ætlað hlutverk á sviði land- og ferðamálafræða og á sviði menningarmála.

Leita á eftir samstarfi við þá aðila sem kunna að hafa áhuga á málinu.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílvelta við Hellu

Ökumaður og farþegi jeppabíreiðar voru fluttir á slysadeild Landspítalans í Reykjavík eftir bílveltu við Hellu í fyrrinótt. Meiðsl þeirra reyndust ekki alvarleg en bílstjórinn skarst nokkuð við veltuna. Tveir aðrir farþegar voru í bílnum og sluppu þeir án teljandi meiðsla.

AKRANES

Blá en ekki gul íþróttahús

Íþróttamannvirki á Jaðarsbökkum á Akranesi verða blá að lit samkvæmt ákvörðun bygðarráðs og þar með í samræmi við eina af tillögum arkitekts. Einn bæjafulltrúinn lét bóka að hann teldi að mannvirkin ættu að vera gul. Það er litur íþróttabandalags Akraness.

Innflutt lambakjöt steytir á ráðuneyti

Umsóknnum fyrirtækjanna Aðfanga og Ferskra kjötvara um innflutning lambakjöts hefur ýmist verið synjað eða þær beðið afgreiðslu mánuðum saman í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Málið á borði umboðsmanns Alþingis.

Sportlínan frá Miele



Miele

Hreinn sparnaður

20 ára líftími = 10.000 klst.

Neytenda- stofnanir	Aðrir framleiðendur	Miele
3.800 klst.	4.500 klst.	10.000 klst.

Miele þvottavélur eru allar með íslensku stjórnborði, íslenskum leiðbeiningum, stóru hurðaopi og tuttugu ára endingu.

Miele þvottavél verð frá kr.: 109.995

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -háðæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

VERSUN Tilraunir Ferskra kjötvara og Aðfanga, dótturfyrirtækja Haga, til innflutnings á lambakjöti frá Nýja-Sjálandi, Írlandi og Spáni hafa steytt á synjunum eða drætti á afgreiðslu innflutningsumsókna hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Fyrirtækin sóttu í febrúar á síðasta ári um leyfi til innflutnings á tæplega hundrað kílóum af lambakjöti frá Nýja-Sjálandi. „Því var hafnað vegna tæknilegra mistaka við umsóknina. Eftir leiðréttingu sóttum við um aftur og fengum eftir þrjá mánuði jákvæða umsögn Landbúnaðarstofnunar við innflutningi,“ segir Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara. „Landbúnaðarráðherra, sem þá var Guðni Ágústsson, hafnaði samt innflutningnum og vildi að gerð yrði sérstök úttekt á landbúnaðinum á Nýja-Sjálandi áður en innflutningur lambs yrði heimilaður. Nýja-Sjáland er stærsta útflutningsland lambakjöts í heiminum.“

Fyrirtækin kvörtuðu til umboðsmanns Alþingis vegna málsins. Í svari ráðuneytisins við fyrirsögn umboðsmanns um málið kemur fram að fyrirhugaðar séu viðræður við Nýsjálendinga um gerð tvíhliða samnings um viðskipti með lambakjöt.

Fyrirtækin sóttu í ágúst 2007 um innflutning á lambakjöti frá Írlandi og í október 2007 um innflutning á kindakjöti frá Spáni. Umsóknirnar hafa ekki enn verið afgreiddar. Þau hafa kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna dráttarins. Leifur segir að almennt séu umsóknir um innflutning kjöts afgreiddar á örfáum vikum. „Ég



LEIFUR ÞÓRSSON
FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR ARNARSON

LAMBAKJÖT Ferskum kjötvörum og Aðföngum hefur gengið erfiðlega að fá leyfi til innflutnings á lambakjöti.



skil ekki af hverju maður fær alltaf svör strax við innflutningi á svína- og nautakjöti, en ekki á lambakjöti,“ segir hann. Segist hann velja fyrir sér hvort pólitískur vilji standi gegn innflutningi lambakjöts.

Landbúnaðarráðuneytið hefur síðari ár auglýst tollkvóta á innflutningi landbúnaðarvarnings í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Tollkvótinn

felur í sér heimild til innflutnings á lægri tollum en almennt gerist. Ekki hefur þó verið auglýstur tollkvóti fyrir lambakjöt og hafa fyrirtækin kvartað af þeim sökum til umboðsmanns Alþingis. Ráðuneytið segir óvíst hvenær lambakjötstollkvóti verði boðinn út. Það hafi ekki verið gert því hingað til hafi ekki verið áhugi fyrir innflutningi lambakjöts.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Meirihluti borgarstjórnar stefnir á útboð sorphirðu frá íbúðarhúsum í Reykjavík:

Lífsnauðsynleg grunnþjónusta

UMHVERFISMÁL Fimmtungur sorphirðu frá íbúðarhúsum í Reykjavík verður einkavæddur samkvæmt tillögu sem meirihlutinn í borgarstjórn lagði fram í síðustu viku. Þjóða á út sorphirðu í ákveðnum hverfum til reynslu í þrjú ár. Frekari ákvarðanir um útboð verði teknar að þeim tíma liðnum.

„Það hefur verið mjög mikil sátt um sorphirðu í Reykjavík,“ segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem sæti á í umhverfis- og samgönguráði.

Hann segir þjónustukannanir sýna að Reykvíkingar séu mjög ánægðir með þjónustuna. „Þetta er grunnþjónusta sem er lífsnauðsynleg fyrir borgar-samfélagið.“

Hann óttast fákeppni og segir aðeins tvo einkaaðila sinna sorphirðumálum á suðvesturhorninu, sem sé ekki sérlega gott umhverfi fyrir útboð.

Þá segir hann starfsaldur starfsmanna mjög langan og nefnir sem dæmi tvo starfsmenn sem starfað hafa í yfir 50 ár við sorphirðu. „Þarna myndi missa vinnuna fólk sem yrði mjög mikil eftirsjá að.“

Þorleifur segir rök meirihlutans fyrir útboðinu vera óstaðfestar fregnir af því að það sé hugsanlega



RUSL Í REYKJAVÍK Meðalstarfsaldur starfsmanna sorphirðu Reykjavíkur er 12 ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

tíu prósentu lægri kostnaður af sorphirðu í Kópavogi.

„Það er ekki hægt að minnka kostnaðinn öðruvísi en að ganga á starfsfólkið. Það held ég að sé verið að gera í þessum nágrannasveitarfélögum og það er nokkuð sem ég vil ekki sjá.“

- ovd



MÁN-FÖS
9-20
LAU 11-18
SKEIFAN · DALVEGUR
SKÚTUVOGUR

Verið velkomin í nýja Vínbúð í Skútuvoði

Nú höfum við opnað nýja Vínbúð í Skútuvoði 2 og
aukum þar með þjónustu okkar við viðskiptavini.

 VÍNBUÐIN

vinbudin.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hver var kostnaður við flugeldasýningu Orkuveitunnar á menningarnótt í Reykjavík?

2. Hvers konar fegurðarsamkeppni stendur Antonio Rungi fyrir á bloggsíðu sinni?

3. Hvað heitir aðalmarkvörður franska handknattleikslíðsins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Plága dreifist um landið: Spánarsnigill kominn í Höfn

NÁTTÚRA Starfsmenn Málningarþjónustunnar í Höfn í Hornafirði ráku upp stór augu á föstudag þegar þeir sáu risavaxinn snigil á planinu fyrir utan vinnustað þeirra.

Samkvæmt fréttavef bæjarins, hornafjordur.is, brugðust þeir skjótt við og hringdu samkvæmt fréttinni „skelfingu lostnir“ í Björn Arnarson, starfsmann Menningarmiðstöðvarinnar, og upplýstu hann um fundinn. Sá upplýsti mennina fljótlega um að þar væri á ferðinni spánarsnigill.

Þetta væri í fyrsta sinn sem hans yrði vart í sveitarfélaginu. Sniglategundin fannst fyrst hér á landi 2003. Landnám hans þykja vonda fréttir enda er hann um 7 til 15 sentimetra langur og mikil vá í matjurtagörðum og náttúru.

- kdk

8FRÉTTABLAÐIÐ26. ágúst 2008ÞRIÐJUDAGUR

Barnaskóli Hjallastefnunnar með óhefðbundna kennslu fyrir níu ára börn:

Spænskunám fyrir börnin

MENNTAMÁL

Spænskunám fyrir níu ára börn hefst á föstudag í barnaskóla Hjallastefnunnar. Hjallastefnan kennir einnig börnunum ensku frá tveggja ára aldri. Þetta var tilkynnt á skólaþingi fyrir helgi.

„Ég greini ekki annað en mikla gleði og ánægju meðal foreldra og nemenda með spænskunámið. Með þessu erum við að ala upp raunverulega heimsborgara,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.

Tungumálakennsla Hjallastefnunnar fer mestmegnis fram í gegnum leiki, söngva og einföld

MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR

samskipti, segir Margrét Pála, í stað þess að læra tungumálið utanbókar eftir málfræðireglum. Ástæða þess að spænska var valin fremur en eitthvert annað mál er, að sögn Margrétar, sú staðreynd að spænska er næst-

stærsta tungumál veraldar á eftir kínversku. „Svo er hún orðin jafnstór enskunni í Bandaríkjunum og er heimsmál í Suður-Ameríku. Því töldum við að þetta væri gagnlegt tungumál að læra.“

Barnaskóli Hjallastefnunnar undirbýr nú einnig kynningu á einhverju asísku máli, líklegast kínversku.

„Við erum að skoða möguleika á örlíttilli kynningu á kínversku fyrir átta og níu ára börnin. Ég tel að Vesturlandabúum væri hollt að byrja að skilja þann menningarheim,“ segir Margrét Pála.

- vsp

Stjórnarslit í Pakistan:

Nawas Sharif slítur samstarfi

PAKISTAN, AP

Nawas Sharif, fyrrverandi forseti Pakistans, dró í gær stjórnaráflökk sinn, Múslimabandalagið, út úr stjórnarsamstarfi við Þjóðarflokk Pakistans.

Sharif sakar Asir Ali Zardari, leiðtoga Þjóðarflokksins, um að hafa svikið loforð um að fyrrverandi dómara við hæstarétt landsins, sem Pervez Musharraf, fyrrverandi forseti, rak á síðasta ári, fái aftur fyrri stöður sínar í hæstarétti.

Sharif sagði þó að flokkur sinn muni ekki reyna að fella stjórn Zardaris, sem hefur boðið sig fram til forseta.

- gb

Ferðamenn í Reynisfjöru hætt komnir:

Ætluðu að bjarga særðum hnýðingi

DÝRALÍF

„Þeir hefðu aldrei komið skepnunni í sjóinn og svo fóru þeir í fýlu þegar við vorum að segja þeim að þeir gætu drepð sig á þessu,“ segir Ólafur Steinar Björnsson, bóndi á Reyni.



ÓLAFUR MEÐ HNÝÐINGINN Hnýðingurinn var illa særður í fjöruborðinu við Reynisfjöru svo hann var felldur.

MYND/JÓN HÖGNI STEFÁNSSON

Á föstudag kom hann að erlendum ferðamönnum sem reyndu að koma særðum hnýðingi á sjó út þar sem hann lá í fjöruborðinu í Reynisfjöru í Mýrdal.

Hann segir að fjöldi ferðamanna hafi verið á svæðinu og undrast Ólafur að enginn leiðsögumaður hafi verið þar til að gera fólkinu grein fyrir þeirri hættu sem það var að leggja sig í. Hnýðingurinn var felldur enda illa særður að sögn Ólafs.

- jse



Á FERÐ OG FLUGI

Barack Obama kemur ekki á landsþingið í Denver fyrr en seint á morgun, eftir að hann hefur lokið fjögurra daga ferðalagi um Wisconsin, Iowa, Missouri og Montana, fjögur ríki sem gætu skipt sköpum í forsetakosningunum í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Margir enn á móti Obama

Skoðanakönnun sýnir að nærri þriðjungur stuðningsmanna Hillary Clinton ætla ekki að kjósa Barack Obama. Formleg útnefning á fimmtudag.

BANDARÍKIN, AP

Michelle Obama, eiginkona Baracks Obama, var í aðalhlutverkinu á fyrsta degi landsþings Demókrataflokksins í Bandaríkjunum í gær. Í kvöld verður kastljósinu beint að Hillary Clinton, sem lengi vel barðist harðri baráttu við Obama um útnefningu landsþingsins til forsetaefnis.

Clinton hefur lýst eindregnum stuðningi við Obama, en nærri þriðjungur stuðningsmanna hennar eiga erfitt með að setta sig við tapið. Samkvæmt skoðanakönnun, sem dagblaðið USA Today og Gallup birtu í gær, ætla 30 prósent stuðningsmanna hennar annaðhvort að kjósa repúblikanann John McCain, einhvern annan framþjóðanda eða skila auðu, þegar gengið verður til forsetakosninga í nóvember.

John McCain hefur sjálfur notfært sér þessa óánægju stuðningsmanna Clinton í auglýsingum, þar sem hamrað er á því hve illa Obama hafi farið með hana í kosningabaráttunni.

Clinton vonast þó til að geta sameinað flokkinn á bak við Obama og tryggt sér í leiðinni örugga framtíð innan flokksins. Á morgun ætla hún formlega að afhenda Obama alla þá kjörmenn sem hún fékk í prófkjörum flokksins fyrr á árinu þannig að þeir

greiði Obama atkvæði sitt á fimmtudaginn, þegar formleg útnefning forsetaefnis flokksins fer fram.

Þann dag verða liðin nákvæmlega 45 ár frá því Martin Luther King flutti hina frægu ræðu sína: „Ég á mér draum“, þar sem hann lýsti draumum sínum um bjartari framtíð þeldökkra í Bandaríkjunum. Að hluta til eru þeir draumar að rætast í Obama, sem á góða möguleika á að verða fyrsti forseti Bandaríkjanna sem ekki er hvítur á höfund.

Um helgina dró Obama reyndar aðeins úr væntingum fólks til ræðu sinnar sem hann heldur á fimmtudagskvöld. Hann sagðist enn vera að vinna að henni en erfitt gæti reynst að slá við öðrum ræðumönnum þingsins.

Skoðanakannanir sýna að munurinn á þeim Obama og McCain hefur minnkað og sumar sýna jafnvel að McCain hafi náð svölitlu forskoti.

Athyglin sem demókratar fá meðan landsþingið stendur yfir gæti tryggt Obama aukið fylgi á ný en í næstu viku gæti dæmið snúist við aftur þegar repúblikanar halda sitt landsþing, þar sem John McCain verður formlega kosinn forsetaframbjóðandi flokksins.

gudsteinn@frettabladid.is

Áður 134.990 kr., nú 124.990 kr.



MacBook á skólatilboði

Þunn, þægileg og örugg. MacBook er ein af þeim öflugustu. Með 2,1 eða 2,4 GHz Intel Core 2 Duo örgjörva og 1 GB vinnsluminni vinnur hún jafn ljúflega með Mac OS X og Windows. Með skínandi björtum 13,3" hágljáa breiðtjaldsskjá er hún fullkomin fyrir þá sem vilja almennilegan kraft í fallegri, einnar tommu þykkri skólatölvu.

WD Passport flakkari

Litlir og nettir, allt að 320 GB. Tilvaldir í öryggisafritun.

14.900 kr.

Office: Mac 2008

Word, Excel og Power Point. Allt sem þú þarft með þér í skólann.

18.990 kr.

VMWare Fusion

Keyrðu Windows samhliða MacOS án vandræða. ATH: Windows leyfi selt sér.

9.490 kr.



Apple IMC

Þú sérð framtíðina í stjörnunum

Verslanir Apple, Kringlunni og Laugavegi 182. Apple IMC/Humac er umboðsaðili Apple á Íslandi.



50PC51
50" Plasma sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 15.000:1
Birtustig 1500 cd/m2
Svartími 0,001 ms

VERÐ 289.900

249.900

TILBOÐ



42LF75
42" Full HD LCD sjónvarp
Upplausn 1920 x 1080
Skerpa 10.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 249.900

229.900

TILBOÐ



37LT75
37" LCD sjónvarp
Upplausn 1366 x 768
Skerpa 8.000:1
Birtustig 500 cd/m2
Svartími 5 ms
Stafrænn móttakari

VERÐ 229.900

189.900

TILBOÐ

TILBOÐSDAGAR



GRL218SSKA
LG
tvöfaldur
ísskápur
Hæð 175 cm
Dýpt án
hurðar 60 cm
Breidd 90 cm

VERÐ 439.900

349.900

TILBOÐ



FRNU20FBI
Daewoo
tvöfaldur
ísskápur
Hæð 179 cm
Dýpt án
hurðar 60 cm
Breidd 90 cm

VERÐ 279.900

249.900

TILBOÐ



FRSU20DAW
Daewoo
tvöfaldur
ísskápur
Hæð 179 cm
Dýpt án
hurðar 60 cm
Breidd 90 cm

VERÐ 144.900

134.900

TILBOÐ



FH40GAVX
Nardi gashelluborð
Breidd 58,5 cm
Dýpt 50 cm

VERÐ 39.900

24.900

TILBOÐ



KOR69Y5
Daewoo örbylgjuofn
20 lítra
800 wött

VERÐ 8.900

6.900

TILBOÐ



5CDC60X
Fagor veggháfur
Breidd 60 cm
650 m³

VERÐ 39.900

19.900

TILBOÐ



965010146
Fagor
djúpsteikingar-
pottur
2100 wött
3 lítra

VERÐ 10.990

7.490

TILBOÐ



964010256
Fagor blandari
350 wött
Plastkanna

VERÐ 6.590

4.990

TILBOÐ



961010653
Fagor hitaketill
2000 wött
1,7 lítra

VERÐ 5.490

3.490

TILBOÐ

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvegur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16



Rottum virðist enn fækka:

Fréttir úr undirheimunum með besta móti

REYKJAVÍK Fréttir úr undirheimunum Reykjavíkur eru með besta móti að sögn Guðmundar Björnssonar, meindýraeyði hjá Reykjavíkurborg. „Ólíkt flestum þeim borgum sem við berum okkur saman við þá fækkar rottum í Reykjavík að því er virðist,“ segir hann.

Guðmundur segir að þótt ómögulegt sé að meta stofnstærð rottina í gríðarlega víðfeðmu holræsakerfi borgarinnar sé það góðs viti að tilkynningum hafi fækkað ár frá ári og séu nú aðeins rétt tæplega þrjú hundruð á ári. Þá sé það mjög jákvætt að nú sé fátítt að



GUÐMUNDUR BJÖRNSSON Veifar rottu úr holræsi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tilkynnt sé um rottur á vappi utan holræsa en víða erlendis eru þær tíðir gestir við ruslagáma. - kdk



TVÖFÖLD GLEÐI Lúther hefur fulla trú á því að Liverpool geri góða hluti á nýhafinni leiktið. KR-ingar verði að einbeita sér að því að tryggja sér fjórða sætið, úr því sem komið er.

Tvískiptar KR/Liverpool-treyjur vekja mikla athygli:

Sameinuðu tvö stórveldi í eina treyju

FÓLK „Við höfum fengið geggjuð viðbrögð við treyjunum,“ segir Lúther Gestsson, eithlarður KR-ingur og Liverpool-maður. Vinirnir Lúther og Sigurður Fjeldsted klæddust forlata tvískiptum KR/Liverpool-treyjum, framleiddum af Henson, á leik KR og Keflavíkur í Frostaskjólí í fyrirkvöld.

Lúther segir hugmyndina að treyjunum hafa kviknað þegar hann var á leiðinni að festa kaup á Liverpool-treyju í síðustu viku. „Þeirri hugmynd skaut upp í kollinn á mér að eina vitið væri að sameina þessi tvö stórveldi í eina treyju. Dóri í Henson tók vel í hugmyndina, svo við slógum til. Þessu fylgir auðvitað líka peningasparnaður, að fá tvær treyjur á verði einnar,“ segir Lúther.

Þeir félagar voru fyrirfram dálítið smeykir um að fólk tæki uppátækinu illa. „Við höldum að sumum myndi kannski þykja þetta óvirðing við félögin tvö. Raunin er sú að langflestum þykja treyurnar rosalega flottar. Yfirmenn KR voru líka mjög ánægðir.“

Lúther og Sigurður hafa lengi verið Liverpool-menn. „Sigurður er hins vegar Valsmaður að upp-lagi, en mér tókst að koma honum á rétta braut. Núna talar hann alltaf um „okkur KR-inga“.“

Lúther og Sigurður verða á staðnum þegar Liverpool tekur á móti West Ham í nóvember. „Við sjáum til hvort við verðum nógu hugaðir til að klæðast treyjunum á Anfield,“ segir Lúther og skellir upp úr. - kg

Ný kynslóð Volkswagen Golf:

Nýr Golf frumsýndur á Íslandi

BÍLAR Um fimmtán hundruð blaða- og fréttamenn frá um fimmtíu löndum eru væntanlegir til Íslands í september á vegum Volkswagen-verksmiðjanna vegna heimsfrumsýningar á nýjum VW Golf hérlandis.

Ísland var valið vegna mikillar náttúrufegurðar. Um hundrað nýir Golf-bílar verða fluttir inn fyrir sýninguna, auk Pheaton-, Touareg- og Passat-bíla.

Sýningin stendur frá 8. til 26. september. Bláðamennirnir koma í nokkrum hópum. Þeim verður boðinn reynsluakstur frá Bláfjöllum til þekktra ferðamanna-



NÝIR VOLKSWAGEN GOLF Fyrstu bílarnir sem fluttir verða hingað til lands vegna heimsfrumsýningar á nýjum Golf komu til landsins með Norrænu í fyrradag. MYND/HEKLA

staða, á borð við Gullfoss og Geysi. - gh

FRÉTTASKÝRING: Siðareglur fyrir borgarfulltrúa



BORGARSTJÓRN Til stendur að samþykkja reglurnar í haust. Það ætti þá að verða nokkuð skýrt hvernig borgarfulltrúar eiga að haga sér og hvernig ekki. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Borgarfulltrúar siðaðir

Unnið hefur verið að siðareglum fyrir borgarfulltrúa í tæp fimm ár. Nú stendur loksins til að samþykkja þær. Í drögum að reglunum er meðal annars kveðið á um að kjörnir fulltrúar skuli tilkynna um gjafir og forðast aðstæður sem hægt væri að túlka sem mútur.

Á fundi borgarráðs í desember 2003 var ákveðið að stjórnkerfisnefnd Reykjavíkur skyldi kanna kosti þess að setja siða- og starfsreglur fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn borgarinnar. Skipaður var starfshópur um málið undir forystu Dags B. Eggertssonar og skilaði hann af sér skýrslu ári síðar.

Það var síðan í upphafi þessa kjörtímabils sem drög að reglunum lágu fyrir. Að vinnunni við þau komu fulltrúar atvinnulífsins, verkafélagsmenn og sérfræðingar. Skipaður var starfshópur um málið undir forystu Dags B. Eggertssonar og skilaði hann af sér skýrslu ári síðar.

Það var síðan í upphafi þessa kjörtímabils sem drög að reglunum lágu fyrir. Að vinnunni við þau komu fulltrúar atvinnulífsins, verkafélagsmenn og sérfræðingar. Skipaður var starfshópur um málið undir forystu Dags B. Eggertssonar og skilaði hann af sér skýrslu ári síðar.

Lúther og Sigurður verða á staðnum þegar Liverpool tekur á móti West Ham í nóvember. „Við sjáum til hvort við verðum nógu hugaðir til að klæðast treyjunum á Anfield,“ segir Lúther og skellir upp úr. - kg

unum sótt til Handbókar Evrópuráðsins um siðareglur á sveitarstjórnarstigi. Gert sé ráð fyrir því, líkt og með siðareglur víðast hvar, að boðið komi ekki að ofan heldur gangist borgarfulltrúarnir, og allir þeir sem reglurnar kunna að ná til, sjálfir undir þær með undirskrift.

Fyrirmyndir reglna sem þessara finnast víða, meðal annars á erlendum þjóðþingum. Dagur segir að þar hafi þær gefið góða raun. Yrðu reglurnar að veruleika í borgarstjórn Reykjavíkur væri hins vegar þar um fordæmi að ræða, þar sem aldrei fyrr hafa verið settar reglur í íslensku stjórnsýslu sem taka til dæmis til boðsferða og gjafa.

Lagabreytingu þarf fyrir viðurlög

Siðareglur eru leiðbeinandi og geta ekki verið bundnar sérstökum viðurlögum nema fyrir því sé lagastöð. „Af því að kjörnir fulltrúar þiggja umboð sitt beint frá kjósendum þá er ekki einfalt mál að setja einhvers konar viðurlög, nema þá að til kæmi einhvers konar lagabreyting frá Alþingi,“ segir Dagur, sem segir að vel kæmi til álita að fara fram á lagabreytingu af þeim toga.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, segir að vandmeðfarið væri að beita viðurlögum á brotum á reglunum. „Ég geri nú ráð fyrir því að hvert sveitarfélag fyrir sig myndi leysa málin í sínum ranni,

að minnsta kosti til að byrja með.“

Siðferðilegar meirihlutamyndanir Svandís segir að á undanfögnu ári hafi komið upp mál sem gætu kallað á breytingar á drögnum sem nú liggja fyrir, og tekur REI-málið sem dæmi. „Svo eru ýmsar spurningar sem vakna í kringum meirihlutamyndanir og það þegar menn toga oddvita yfir í samstarf án þess að ganga frá samkomulagi við borgarstjórnarflokkinn í heild sinni. Það er siðferðislegt álitamál,“ segir hún.

Siðareglur í stjórnarsáttmála

Eins og áður segir er stefnt að staðfestingu reglnanna í haust. „Ég vænti þess að nýr borgarstjóri hafi metnað til þess að flýta þeirri afgreiðslu,“ segir Svandís.

Íslensku keppendurnir stóðu sig frábærlega á mótinu, unnu sjö gull auk annarra verðlauna. Heimir Gunnarsson vann bæði tölt og fjörgang á hryssunni Ör frá Prestsbakka, sem jafnan telst mikið afrek. Hekla Katarína Kristinsdóttir varð Norðurlandameistari í tölti ungmenna, Arnar Bjarki Sigurðsson í fimmgangi ungmenna og Ragnheiður Hallgrímsdóttir í gæðingaskeiði ungingla, svo eitthvað sé nefnt.

DANIR KOMA STERKIR INN

Greinileg uppsveifla er í reiðmennsku og hestakosti hjá frændþjóðunum í norðri. Danir eru að koma sterkir inn um

þessar mundir, einkum í fimmgangi og skeiði. Svíar hafa um árabíl verið atkvæðamiklir á heimsmeistara- og Norðurlandamótum og eru enn. Þeir hafa auk þess verið sterkir í skeiðgreinum.

Svíar nutu þess nú að Íslendingurinn Guðmundur Einarsson kaus að taka sæti í sænska liðinu, en hann vann tvö gull á mótinu, í 250 m skeiði og gæðingaskeiði á hestinum Sprota frá Sjávarborg, Galsasyni frá Sauðárkróki. Liðs-stjóri Svía var Magnús Skúlason, sem búsettur er í Svíþjóð en þjálfari Dana var Atli Guðmundsson.

Mikil fjölgun þátttakenda

Tvö Íslandsmót í hestaíþróttum voru haldin í Víðidal í Reykjavík í sumar. Annars vegar fyrir fullorðna, og hins vegar fyrir börn, ungingla og ungmenni. Gífurlega þátttaka var á báðum mótum, en áhorfendur voru að sama skapi ekki margir.

Jón Finnur Hansson, framkvæmdastjóri Fáks, segir að mikil aukning hafi orðið í þátttöku í hestaíþróttamótum undanfarin ár. Til dæmis hafi keppendur á Íslandsmóti barna nú verið um þriðjungi fleiri en á mótinu í fyrra, eða á fjórða hundrað. Ýmsum finnist því skjóta skökku við að áhorfendum skuli ekki fjölga að sama skapi.

„Þetta er ekki svo óeðlilegt þegar málið er skoðað. Hestaíþróttamót taka langan tíma. Stærstu mótin eru tvo til fjóra daga. Úrslit síðasta daginn standa oft í sex til átta klukkustundir. Fólk hefur



Reiðmennska er spennandi íþróttagrein þar sem allir eiga möguleika. Sigríður Sjöfn Ingvarsdóttir á hestinum Klaka frá Blesastöðum 1A varð efst í fjörgangi ungmenna á Íslandsmótinu í Víðidal, sem var hennar fyrsta stórmót.

MYND/STEINUNN GUÐBJÖRNSDÓTTIR

einfaldlega ekki tíma né nennu til að fylgjast með svona langri dagskrá. Einnig eru það oft sömu keppendurnir sem keppa mót eftir mót. En þátttakendum mun halda áfram að fjölga. Reiðmennskan höfðar til ungs fólks. Þetta er vandasöm og

ögrandi íþróttagrein. Það er hins vegar alveg ljóst að hestaíþróttamót eru fyrst og fremst þátttakendamót. Svo er spurning hvort það er gott eða slæmt og þá með hvaða hætti er hægt að breyta því,“ segir Jón Finnur.

Anton Níelsson meistari á Feti

Hinn kunnreiðkennari í Hóla-skóla til margra ára, Anton Páll Níelsson, hefur verið ráðinn tamningameistari að hrossaræktarbuinu á Feti. Hann mun flytja suður yfir heiðar í byrjun september ásamt konu sinni, Ingu Maríu Stefánsdóttur, og börnum. Inga María mun einnig vinna við tamningar á Feti.

Anton segir suðurferðina leggjast vel í sig. Þau hafi ekki gert samning til langs tíma en séu bæði áhugasöm um að prófa eitthvað nýtt.

„Við eigum jörð hér fyrir norðan, Syðra-Holt í Svarfaðardal, sem við keyptum fyrir tveimur árum. Þar munum við eiga okkar hross og kindur áfram. Það verður svo bara að koma í ljós hvert framhaldið verður,“ segir Anton Páll.



Anton Páll Níelsson mun temja og þjálf á Feti næstu misseri.

MYND/JENS EINARSSON

Gráum hrossum fækkar

Hlutfall grárra hrossa í íslenska hrossastofninum hefur lækkað verulega frá því Theódór Arnbjörnsson gerði úttekt á lita-skiptingu stofnsins um 1930. Þá voru grá hross 23,1% af stofninum, en árið 2006 eru þau ekki nema 6,7%. Brúnum (svörtum) hrossum hefur hins vegar fjölgað.

Hlutfall þeirra af stofninum árið 1930 var 14,1% en var komið í 28,7% árið 2006. Hlutfall rauðra hrossa hefur lækkað úr 34,4% í 28,7%. Bleikum hrossum hefur heldur fækkað en vindóttum fjölgað. Samanburðartöflu má finna á www.bondi.is undir Hrossarækt.



Mýkt frá Skeljabrekku er einn fegursti grái gæðingur landsins í dag. Knapi Lena Zielinski.

MYND/JENS EINARSSON



Málgagn Landssambands hestamannafélaga

Útgefandi: Landssamband hestamannafélaga
Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Netfang: lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jens Einarsson
Netfang: jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
Sími: 512-5471, **gsm:** 822-5062

HELSTU SAMSTARFSADILAR LH ERU:



GÓÐ UPPSKERA Á NORÐURLANDAMÓTI

Að loknu Norðurlandamóti í hestaíþróttum í Noregi er við hæfi að óska liðsmönnum til hamingju með árangurinn: sjö gull, sjö silfur og fimm brons. Liðsstjóranum, Einari Öder Magnússyni, og Hinriki Bragasyni aðstoðarliðsstjóra, vil ég einnig óska til hamingju. Það er meira en að segja það að fara með átján manna keppnislið á mót sem þetta. Þar af átta unglunga og ungmenni sem þurftu að fá lánaða keppnishesta hjá frændum okkar í Skandinavíu.

Norðurlandamótin skipa ákveðinn sess meðal eigenda íslenskra hesta á Norðurlöndum. Þau eru meðal annars, og ekki síst, vettvangur unglunga og ungmenna til að kynnst og etja kappi hvert við annað. Það var aðáunarvert að sjá unga fólkið okkar ná svo góðum árangri, hafandi aðeins nokkra daga til að kynnst hestunum sem þau fengu að láni. Það er margt sem liðsstjórnir þurfa að púsla saman við slíkar aðstæður. Það er ekki lítils virði að eiga í okkar röðum bestu þjálfara sem völ er á, fólk sem er tilbúið að fórna tíma sínum og orku í æskufólkið okkar. Allir gerðu sitt besta. Smá ábending hér, vingjarnleg aðfinnsla þar. Uppörvandi bros! Það er list að byggja upp góðan liðsanda. Hann var góður hjá íslenska liðinu á NM2008.

Norðurlandamótin eru kjörinn vettvangur til að efla stoðir landsliðsins í hestaíþróttum og auka samskipti milli Norðurlandþjóðanna. Ísland nýtur virðingar á þeim vettvangi. Og þannig þarf það að vera. Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að halda þeirri stöðu sem við höfum á keppnisvellinum. Þær þjóðir sem við keppum við eru sífellt að eflast, bæði hvað varðar reiðmennsku og hestakost. Norðurlandþjóðirnar eru þar framarlega í flokki.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið, bæði styrktaraðilum og þeim sem lánuðu okkur hesta. Án þeirrar hjálpar hefði þetta ekki verið framkvæmanlegt.



Bjarnleifur Bjarnleifsson,
formaður landsliðsnefndar.

Framtíð Skógarhóla

Samningur Landssambands hestamannafélaga og Þingvallanefndar um afnot hestamanna af Skógarhólum rann út á síðastliðnu ári. Skógarhólar hafa um árabil verið einn vinsælasti áfangastaður hestamanna á reiðleiðum um Þingvelli.

Góð gistiðstaða er fyrir fólk og hross á svæðinu. Aðstaðan, sem var byggð á vegum LH, hefur verið opin frá byrjun maí og fram í september ár hvert. Margir eru nú uggandi um framtíð svæðisins. Haraldur Þórarinnsson, formaður LH, segir að bæði Þingvallanefnd og stjórn LH séu sammála um að áningarstaðurinn á Skógarhólum eigi rétt á sér. Það sé aðeins spurning um hver reki hann og í hvaða formi.

„Landssamband hestamannafélaga hefur rekið aðstöðuna í Skógarhólum um langt árabíl. Sá rekstur hefur sjaldnast staðið undir sér. Það gengur að



Áning í Skaftholtsréttum í Gnúpverjahreppi.

MYND/JENS EINARSSON

sjálfsögðu ekki upp að gengið sé í sjóði LH til að greiða niður tap af þeim rekstri. Það liggur fyrir að hús og girðingar þarfnast nú verulegra endurbóta, sem kosta munu drjúgan skilding. Við höfum verið í viðræðum við Þingvallanefnd um framtíð Skógarhóla. Það er vilji beggja að aðstaðan þar verði rekin áfram í líkri mynd og verið hefur. Vonandi fáum við skýrar línur í þetta mál í haust,” segir Haraldur.



Youth Cup-farar 2008.

MYND/HELGA B. HELGADÓTTIR

Æskulýðsmót FEIF í Sviss

Annað hvert ár stendur æskulýðsnefnd FEIF fyrir bikarmóti yngri flokka – FEIF Youth Cup. Aðildarlönd FEIF skiptast á að halda mótið og að þessu sinni fór það fram í Brunnadern í Sviss vikuna 12.–20. júlí.

FEIF Youth Cup er eins konar heimsmeistaramót unglunga. Þátttakendur á mótinu voru sjötíu og tveir frá tólf aðildarlöndum. Níu íslenskir unglingar tóku þátt.

Mótið er öðrum þræði leikur, en einnig er keppt í nokkrum greinum hestaíþróttar, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum. Má þar nefna liðakeppni þar sem þjóðum er blandað saman. Er sú keppni blanda af víðavangshlaupi og þrautareid. Íslensku krakkarnir fengu lánaða hesta, enda of mikill kostnaður og fyrirhöfn að flytja út hesta frá Íslandi.

Fyrstu daga mótsins fengu þau reiðkennslu og þjálfun hjá frábærum reiðkennurum og síðan tók við þriggja daga keppni. Íslensku keppendurnir náðu góðum árangri. Hanna Rún Ingibergsdóttir, Sörla, vann hið eftirsóttta Tölthorn eftir bráðabana við



Frá verðlaunaafhendingu. Hanna Rún í 1. sæti, Ástríður Magnúsdóttir 2. sæti, Erla Katrín Jónsdóttir í 4. sæti og Stefanía Árnadóttir í 5. sæti.

löndu sína, Ástríði Magnúsdóttur úr Stíganda. Þetta er annað skiptið í röð sem Tölthornið fer til Íslands. Rúna Helgadóttir vann það í Austurríki 2006.

AUKA TENGL MILLI ÞJÓÐA

Tilgangurinn með FEIF Youth Cup er meðal annars sá að efla tengsl milli FEIF-þjóðanna. Enginn vafi leikur á að það markmið hefur náðst. Mótið hefur verið haldið síðan 1995, og á tveggja ára fresti frá því 1996. Mótið var haldið á Íslandi árið 1998.

Annað æskulýðsmót á vegum FEIF er haldið á oddaári. Það kallast FEIF Youth Camp og var fyrst haldið í Hollandi árið 1986 en var haldið á Íslandi árið 2005. Tilgangurinn með Youth Camp er sá sami, að auka vinatengsl milli þjóða. Formið er dálítið annað. Meira er um leiki, fræðslu og kennslu, meðal annars í þjóðlegu handverki þeirrar þjóðar sem heldur mótið hverju sinni. Það er því ekki hægt að segja annað en að æskulýðsmál séu í góðum farvegi innan FEIF.

Hillir undir reiðhöll

Hópur Austfirðinga fór um Suðurland á dögnum í þeim tilgangi að skoða reiðhallir. Komu þeir meðal annars við á Skeiðvöllum, Auðsholts-hjáleigu, Hvolsvelli, Vesturkoti og Árbæjarhjáleigu.

Í hópnum voru stjórnarmenn Íðavalla ehf., sem stofnað var um byggingu reiðhallar á Íðavöllum á Völlum, og fulltrúar frá sveitarfélaginu Fljótshálsbæ, Fljótshálsbæ og Hrossaræktarsamtökum Austurlands.

Bergur Már Hallgrímsson, stjórnarformaður Íðavalla ehf. og formaður hestamannafélagsins Freyfaxa, segir að nú sé loks farið að hilla undir að framkvæmdir hefjist.

„Við fengum úthlutað 20 milljónum úr reiðhallarsjóði Guðna Ágústssonar á sínum tíma. Fljótshálsbæ samþykkti þá að leggja



Frá Fjórðungsmóti Austurlands á Íðavöllum 2007.

MYND/JENS EINARSSON

til 20 milljónir á móti og hefur nú ákveðið að leggja til 18 milljónir til viðbótar í tengibyggingu milli reiðhallarinnar og félagsheimilisins á Íðavöllum. Félagsheimilið verður því hluti af aðstöðunni. Samt sem áður þá duga þessir

peningar ekki til. Okkur vantar fleiri aðila inn í félagið og meira hlutafé til að loka dæminu. Ég hef fulla trú á að það takist á næstu vikum og mánuðum og að hægt verði að auglýsa eftir tilboðum í verkið á þessu ári,” segir Bergur.

LINHAI CUV/ATV 300 4X4

**Fjölnotabíllinn og fjórhjólið
frá Linhai
Fyrir vinnu og leik**



**Örfá eintök eftir á gamla genginu
Verð aðalsins 619.000,-**

300cc Offroad 4x4

Offroadhjól með sjálfskiptingu
300cc fjörgengismótor
Millikassi með háu og lágu drifi



**BÍLLINN KEMUR GÖTUSKRÁÐUR
Verð aðalsins 899.000,-**

4x4 fjölnotabíllinn

Götuskráður með sturtupalli
300cc fjörgengismótor
Millikassi með háu og lágu drifi

vdo.is

VDO ehf
Borgartúni 36
Sími 588-9747

KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500

KB Borgarnesi
Egilsholti 1
Sími 430-5500

K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960

Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570-9860

Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767



KYMCO
Better than Best

Loksins fáanlegt á Íslandi
Hjól sem farið hefur sigurför um helminn

 **KYMCO**

**MXU 500 4x4
Með Götuskráningu**

VDO ehf
Borgartúni 36
Sími 588-9747

KS Skagafirði
Verslunin Eyri
Sími 455-4500

KB Borgarnesi
Egilsholti 1
Sími 430-5500

K2 Icehobby
Dalsbraut 1
s:464-7960

Fóðurblandan hf.
Reykjavík s: 570-9800
Egilstöðum s:570-9860

Fóðurblandan hf.
Hvolsvelli 487-8413
Selfossi s:482-3767

Hafrar & bygg

Fyrsta Norðurlandamótið í hestaíþróttum var haldið í Danmörku árið 1976. Félag tamningamanna var þá í blóma og nokkrir félagsmenn lögðu land undir fót og tóku þátt í mótinu. Aðalsteinn Aðalsteinsson vann silfur í tölti á Faxa frá Stokkhólma, brons í fimmgangi á Fjölni frá Dýrfinnustöðum og gull í skeiði á sama hesti. Benedikt Lindal vann silfur í fimmgangi á Eldjárni frá Danmörku og silfur í skeiði á sama hesti. Trausti Þór Guðmundsson vann gull í fimikeppni og Eyjólfur Ísólfsen vann silfur í parareið og fjórða sæti í fjórgangi. Dómari fyrir Íslands hönd var Viðar Halldórsson og ritari var Þorvaldur Ágústsson. Þessir aðilar tóku þátt í mótinu á eigin spýtur.

Fyrsta Norðurlandamótið sem verulegt bragð var að var haldið í Larvik í Noregi árið 1984. Fram að því höfðu Norðurlandamótin verið smámót sem menn gáfu lítinn gaum. Norðmenn héldu heimsmeistaramót á sama stað þremur árum áður. Þá varð Unn Krogen heimsmeistari í tölti og fjórgangi á Seifi frá Kirkjubæ. Það var hins vegar ekki fyrr en í Vilhelmsborg í Danmörku 1990 að Íslendingar tóku þátt í Norðurlandamóti með formlegum hætti. Sigurbjörn Bárðarson var landsliðsainvaldur. Í liðinu voru: Unn Krogen, Guðmundur Einarsson, Jón Steinbjörnsson, Finn-bogi Gunnlaugsson, Styrmir Snorrason og Einar Öder Magnússon, sem var liðsstjóri.

Einar Öder Magnússon er sá Íslendingur sem hefur verið hvað atkvæðamestur á Norðurlandamótum. Hann sópaði til sín verðlaunum á NM1990 og NM1992 á hestunum Hlyni frá Sötöfte og Darra frá Kamp-holti. Hann varð samanlagður Norðurlandameistari í bæði skiptin. Einar hefur fært sig úr hnakknum á aðrar slóðir með árunum. Hann hefur oft og einatt verið aðstoðarliðsstjóri á heimsmeistaramótum, en var aðalliðsstjóri á NM2008 í Seljord. Líkt og á heimsmeistaramótum hefur flokki ungmenna verið bætt í keppnina á Norðurlanda mótum. Einnig er keppt í unglingaflokki. Norðurlandamótin hafa skipað sér sess og þykja mjög ákjósanleg til að byggja upp liðsanda og þjálfra knapa fyrir átök heimsmeistaramótanna.



Í hestamennsku af lífi og sál. Agnes Hekla, Teitur, Árni og Anna. Hesturinn heitir Hvinur frá Egilsstaðakoti.

MYND/JENS EINARSSON

Keppnismaður af lífi og sál

Teitur Árnason er einn af ungu knöpunum sem eru að gera það gott í dag. Hann er sexfaldur Íslandsmeistari unglinga frá í sumar og er einnig á fullu í skeiðkappreiðum og varð stigahæstur knapa á Skeiðleikum Skeiðfélagsins fyrir skemmstu.

Teitur er svo heppinn að eiga fjölskyldu sem er á kafi í hestamenskunni. Foreldrar hans, Árni S. Guðmundsson og Anna Sigurðardóttir, ríða bæði út og taka þátt í félagsstarfinu í Fákí af fullum krafti. Yngri systir hans, Agnes Hekla, er einnig með hestabakteríuna á háu stigi.

„Við byrjuðum í hestum aftur árið 2001 eftir fimmtán ára hlé,“ segja þau Árni og Anna. Við vorum með hesta í Fjárborginni með Jóni Alberti Sigurbjörnssyni og hans fjölskyldu í mörg ár. Eldri börnin okkar fengu ekki hestabakteríuna, en þau Teitur og Agnes Hekla eru mjög áhugasöm. Við hjónin ríðum út á gamla mátann og erum í félags-

málunum. Krakkarnir sjá ekkert nema keppnishesta og þjálfun. Þetta er hvort tveggja mjög skemmtilegt. Virkilega gaman að taka þátt í þessu með þeim.“

AÐ ÞJÁLFA HEST OG BÆTA HANN

„Það er keppnin sem á hug minn allan,“ segir Teitur. „Þar er áskorunin; að taka við nýjum hesti, brjóta hann til mergjar, þjálfra hann og bæta. Þjálfunin er jafnvel það skemmtilegasta. Keppnin sjálf er lokaprófið á það hvernig til hefur tekist. Ég hef verið mjög heppinn með kennara. Vann í reiðskólanum hjá Tómasi Ragnarssyni þegar ég var polli. Vann síðan í tvö sumur hjá Hinriki Bragasyni á Árbakka og er búinn að vera í tvö sumur hjá Sigurði Sigurðarsyni á Þjóðólfshega. Þetta eru keppnismenn og reiðmenn af lífi og sál.“

Árni og Anna eru sammála því að það sé fyrst og fremst þjálfunin og reiðmennskan sem ráði úrslitum um árangurinn.

„Þú verður auðvitað að vera á góðum hesti ef þú ætlar að ná árangri, það vita allir. En það er misskilningur að það sé hægt að

kaupa sér verðlaunapeninga með því að kaupa góða hesta. Það eru margir búnir að prófa það og flestir hafa farið flatt á því. Það dugar kannski í eitt eða tvö skipti, en ef viðkomandi knapi er ekki reiðmaður og hefur ekki í sér eljuna og dugnaðinn til að þjálfra hestinn, þá er það fljótt að fjara út.“

NORÐURLANDAMÓTIN GÓÐUR SKÓLI

Teitur tók þótt í sínu öðru Norðurlandamóti í sumar. Skiptar skoðanir eru um það hvort unglingar og ungmenni eigi að taka þátt í stórmótum erlendis. Teitur er alveg viss í sinni sök hvað það varðar.

„Það er góður skóli að taka þátt í stóru móti eins og Norðurlandamóti og fyrir mitt leyti á þátttaka hinna yngri fullan rétt á sér. Allir sem kynnast því af eigin raun gera sér ljóst hvað slík reynsla hefur mikla þýðingu fyrir unga knapa. Þarna ertu í mun agaðra umhverfi en þú átt að venjast hér heima. Þeir eru til dæmis mjög strangir hvað varðar reiðtygin og heilbrigði hrossanna. Það má ekki vera rispa á hestinum, þá er hann dæmdur úr leik. Það er líka mjög

þroskandi að vera hluti af hópi eins og landsliðinu. Það reynir á, þótt það sé fyrst og fremst mjög skemmtilegt,“ segir Teitur.

MEGUM EKKI LOKA HLIÐUM

Árni hefur ákveðnar skoðanir á flokkaskiptingunni og telur að ungir og efnilegir knapar eigi að hafa tækifæri á að keppa upp fyrir sig líkt og í mörgum öðrum íþróttagreinum.

„Fleiri keppnisflokkar eru af hinu góða. Það sýnir reynslan. Ungmennaflokkurinn á fullan rétt á sér og hefur án efa orðið til þess að fleiri haldast inni í íþróttinni. Við megum hins vegar ekki loka öllum hliðum. Það er ekki svo langt síðan að fólk á aldrinum sautján til tuttugu og eins árs var talið til fullorðinna. Ég vil halda þeim möguleika opnum að knapar í ungmennaflokki geti keppt upp fyrir sig ef þeir vilja spreyta sig. Tómas Ragnarsson og Sigurður Matthíasson voru ekki nema sextán ára þegar þeir kepptu á sínu fyrsta heimsmeistaramóti og náðu frábærum árangri. Ég held að þeir hafi vaxið af þeirri reynslu,“ segir Árni.

Danir sækja í sig veðrið

Danir náðu góðum árangri á Norðurlandamótinu í hestaíþróttum. Þeir áttu þrjá knapa í úrslitum í fimmgangi, fljótasta 100 m vefringinn og þann næstfljótasta í 250 m skeiði.

Rasmus Møller Jensen, Danmörku, á Svip frá Uppsölum varð Norðurlandameistari í fimmgangi. Fredrik Rydström á Króki frá Efri-Rauðalæk varð þriðji og Dennis Hedobo Johansen á Alberti frá Strandarhöfði fjórði. Reiðmennska þessara þriggja var mjög góð, sérstaklega í forkeppinni. Greinilegt er að þeir leggja meiri áherslu á hin klassísku prep en við eigum að venjast í þjálfun alhliða hesta hér heima. Góðar og yfirvegaðar niðurbætingar á skeiði voru athyglisverðar.

Tania Højvang Olsen á Sólon frá Strö kom á óvart þegar hún skaust fram fyrir keppnauta sína í 100 m skeiði á 7,52 sekúndum. Annar skeiðhestur í danska liðinu náði góðum árangri. Það er Galsasonurinn Skygginn frá Stóru-Ökrum, sem varð annar í 250 m skeiði, þriðji í 100 m skeiði og þriðji í gæðinga-



Þrír Danir á verðlaunapalli í fimmgangi. Eyjólfur Þorsteinsson, Íslandi, varð í öðru sæti.

MYND/JENS EINARSSON

skeiði. Knapi á honum var Malu Logan. Þessir hestar eru tiltölulega nýir á keppnisbrautinni og knapar þeirra eiga góða möguleika á að láta að sér kveða á HM2009 í Sviss. Þjálfari danska liðsins fyrir Norðurlandamótið var Atli Guðmundsson.



Glæsilegir fulltrúar hestamanna á LM2008 á Gaddstaðflötum.

MYND/JENS EINARSSON

Ársþing LH á Klaustri

Ársþing Lands sambands hestamannafélaga 2008 verður haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október. Þingið er í boði hestamannafélagsins Kóps. Ársþing LH hafa til skamms tíma verið haldin annað hvert ár, en voru lengst af haldin á hverju ári. Sú breyting var gerð á reglum um kosningar, samfara fækkun þinganna, að öll stjórnin er í kjöri á hverju ársþingi. Stjórn LH skipa nú: Haraldur Þórarinnsson formaður, Vilhjálmur Skúlason varaformaður, Marianna Gunnarsdóttir gjaldkeri og Einar Ragnarsson ritari. Meðstjórnendur eru Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson og Oddur Hafsteinsson.



Nemendur og kennarar við hestabraut FSu í reiðhöllinni á Votmúla.

MYND/JENS EINARSSON

Hestabrautin áfram við FSu

Eindreginn vilji er fyrir að hafa áfram hestabraut við Fjölbautaskóla Suðurlands. Um er að ræða tveggja ára nám sem gefur 70 einingar. Hestabrautin hefur verið í þróun við skólann undanfarin ár og er það samdóma álit allra sem að henni standa að vel hafi tekist til. Örlygur Karlsson skólameistari segir að hestabrautin hafi gildi fyrir skólann. Margir velji FSu vegna hestabrautarinnar. Allt kapp verði því lagt á að útvega peninga til reksturs brautarinnar, sem kostar sitt, eðli málsins samkvæmt. Freyja Hilmarisdóttir á Votmúla hefur undanfarin ár séð um verklega þátt hestabrautarinnar. Reiðkennararnir við hestabrautina eru Húgrún Jóhannsdóttir og Magnús Lárusson.



Þyrnos frá Þorkelshöfði 2 / Ljósmynd: Kollagr. Helmarfelli.

Athyglisverðar hugmyndir úr forsteyptum einingum!

Flatgryfjur | Fjós | Haughús | Hagaskjól | Hesthús | Reiðhallir | o.fl.



EININGAVERKSMIÐJAN

Breiðhöfða 10 | 110 Reykjavík | Sími 587 7770 | www.ev.is

Fljótandi Malbik Gussasphalt

Frábær lausn fyrir mjaltabása, mjólkurhús, hesthús og margt fleira



Aðrir kostir sem mæla með notkun þessa efnis eru eftirfarandi:

- ▶ Það tekur að jafnaði stuttan tíma að leggja efnið.
- ▶ Hægt er að ganga á malbikinu eftir 5 klst. og eftir 12 klst. er hægt að láta skepnur fara yfir.
- ▶ Gussasphalt hleypir ekki vatni í gegnum sig og vegna áferðar yfirborðsins á sér ekki stað nein bakteríumyndun.
- ▶ Efnisblöndunin er sýruheld.
- ▶ Það er sérlega þægilegt að ganga á Gussasphalti, vegna þess hve stamt það er, bæði fyrir menn og dýr og helst þessi eiginleiki í fjöldamörg ár. Þetta er mikilvægt öryggisatriði.
- ▶ Það er afar þægilegt að þrífa Gussasphalt.
- ▶ Gussasphalt er mjög stamt því er mjög gott að athafnasig á því bæði fyrir menn og skepnur



Hvers vegna Gussasphalt?

Töluverð reynsla er komin af notkun þessa efnis bæði í Þýskalandi og í hinum Norðurlöndunum. Reynslan erlendis frá sýnir til að mynda að skepnur líkar þetta efni einkar vel. Ef þær geta valið á milli þess að liggja á steiptum fleti annars vegar og svo Gussasphalti hins vegar, þá verður Gussasphalt alltaf fyrir valinu.



Lagning í fjós á Norðurlandi

Gussasphalt hefur verið lagt á fjórða tug staða á landinu. Þar á meðal eru mjaltabásar, biopláss, mjólkurhús, fóðurgangar, stéttar og dýraspítali. Auðvelt er að leggja bæði á gömul gólf sem ekki eru í góðu ástandi sem og ný. Fyrstu þrír básarnir voru unnir í september 2003 undir eftirliti þýsks ráðgjafa.



Allar frekari upplýsingar um Gussasphalt og lagningu þess er hægt að nálgast hjá Kristjáni Bergi Árnasyni Malbikun KM Flögusíða 2 - 603 Akureyri Sími 892 8330 - Fax 462 6306 malbikun@simnet.is

Sjáum einnig um almenna malbikun á bílastæðum og heimkeyrslum



1. Sproti frá Sjávarborg er tvímælaust einn best tamdi og þjálfaði íslenski skeiðhesturinn um þessar mundir. Eigandi hans og knapi er Guðmundur Einarsson, sem er búsettur í Svíþjóð.

MYND/JENS EINARSSON

Svipmyndir frá liðnu sumri

Reiðmennska er íþrótt. Áhuginn fyrir þeirri íþrótt eykst stöðugt. Það er í rauninni ekkert skrítið. Hestamennskan býður upp á svo margt, hvort sem um er að ræða keppni, útreiðar eða ferðalög: Samveru með lifandi dýrum, útivist, og það verðuga verkefni að ná valdi yfir hestinum og kunna að annast hann. Allt krefst þetta þess að reiðmaðurinn búi yfir kunnáttu. Sú kunnátta kemur ekki af sjálfu sér. Hún er vandasöm og dýrmæt. Á keppnistímabilinu sem nú er að ljúka komu fram margir snjallir hestar og knapar. Við birtum hér lítið sýnishorn. Myndirnar tók Jens Einarsson.



Þýskar álkerrur til allra starfa



Vandaðar kerrur á góðu verði, léttar og fallegar. Margar stærðir og gerðir. Sturtubúnaður, álbrautir o.fl.

BRIMCO

Háholti 18 - Mosfellsbæ
Sími 894 5111

Söluumboð:
N1 Langatanga 1
Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. Grænagarði
Ísafirði - Sími: 470 0836
KB búrekstrard. Egilsholti 1
Borgarnesi - Sími: 430 5500



2. Liðsstjórar íslenska landsliðsins á NM2008 voru þeir Einar Öder Magnússon og Hinrik Bragason. Hér fara þeir keikir fyrir íslenska liðinu við setningu mótsins.



3. Fredrik Rydström á Króki frá Efri-Rauðalæk keppti fyrir Danmörku á NM2008. Hann er sænskur en giftur Malu Logan, sem einnig var í danska liðinu. Góður knapi á vel þjálfuðum hesti.



4. Gola frá Þjórsárþakka vakti mikla athygli á Íslandsmótinu 2008 í Reykjavík. Keppandi á henni var Lena Zielinski. Hún varð efst í fjórgangi í fyrsta flokki. Gola er undan Andvara frá Ey og Eldingu frá Hóli, Hrynjandadóttur frá Hrepphólum.



5. Góðir knapar í hópi kvenna. Sílvia Sigurbjörnsdóttir og Birna Káradóttir ríða til úrslita á Íslandsmóti.



7. Karl Wernersson, kaupsýslu- og athafnamaður, kom inn í hestamennskuna á Íslandi með truckki á síðastliðnu ári. Hér veitir hann Reyni Erni Pálmasyni verðlaun á Íslandsmóti fyrir sigur í slaktaumatölmi meistarara.



6. Rasmus Møller Jensen, Danmörku, á Svip frá Uppsölum, er Norðurlanda-meistari í fimmgangi fullorðinna. Svipur er frábær gæðingur undan Gusti frá Hóli, viljugur og þjáll eins og pabbinn.



8. Nákvæm dýralæknaskoðun fer fram á stórmótum íslenskra hesta í útlöndum. Einar Öder liðsstjóri fylgist með af nákvæmni.



9. Snorri Dal kom á óvart á Íslandsmótinu í hestaíþróttum með hestinn Odd frá Hvolsvelli. Fortíð hestsins er hulin móðu. Hann var lengi viðsjáll, gekk manna á millum í hestakaupum. Snorri varð Íslandsmeistari í fjórgangi á Oddi.



10. Stóðhesturinn Lúðvík frá Feti stóð sig með mikilli þrýði á Íslandsmótinu. Knapi ársins frá í fyrra, Þórarinn Eymundsson, varð annar á honum í fimmgangi meistarara.



11. Hekla Katarína Kristinsdóttir varð efst í tölti ungmenna á NM2008 eftir langa og harða keppni í ausandi rigningu. Edda Hrund Hinriksdóttir varð þriðja. Á milli þeirra er norska stúlkan Tina Kalmo Pedersen á Hrefnu frá Ebru.



12. Sara Sigurbjörnsdóttir er bráðefnilegur knapi með frábæra ásetu. Hún stóð sig vel á Íslandsmótinu í hestaíþróttum og varð meðal annars efst í fjórgangi í sínum flokki.

ÚTSALA LOKADAGAR

ÚTIVISTARFATNAÐUR **30-70%** AFSLÁTTUR REIÐHJÓL **30%** AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR **30-70%** AFSLÁTTUR BAKPOKAR **20%** AFSLÁTTUR
VEIÐIDEILD **30-60%** AFSLÁTTUR TJÖLD **20-50%** AFSLÁTTUR
BERGANS SKÓLATÖSKUR **20%** AFSLÁTTUR



FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

Gæðaplast sem endist

Býr þinn hestur vel...?

Nótuð og afar sterk plastborð í innréttingar og klæðningar.



Gæðaplast sem endist

Govaplast borðin eru góð lausn í innréttingum

hesthúsa. Borðin eru hátækniþróuð, örugg og

mjög sterk, en um leið afar auðveld í meðhöndlun og

auðveld í uppsetningu. Govaplast borðin hafa sannað sig

rækilega við íslenskar aðstæður í þau átta ár sem þau

hafa verið hér á markaði.



Stærðir:
Lengd og þykkt
118 cm x 32 mm

Sérþöntum aðrar
lengdir eftir óskum.
Einnig fáanlegt í
28 mm þykkt

**GOVAPLAST ER GÆÐAPLAST
VARIST EFTIRLÍKINGAR!**



- ▶ Gæðaplast
- ▶ Frábær ending
- ▶ Brotnar ekki
- ▶ Ekkert viðhald
- ▶ Einangrandi
- ▶ Fallegt útlit
- ▶ Auðvelt að þrifa
- ▶ Umhverfisvænt

stofnað 1968
Ragnar Valsson
Bílaklæðningar

S. 554 0040

Bílaklæðningar ehf. - Kársnesbraut 100 - 200 Kóp.
S. 554 0040 - 892 1315 - Netfang: bkl@bkl.is



Hólar í Hjaltadal.

MYND/GUNNÞÓRA

Nýir kennarar í Hólaskóla

Þórir Ísólfsson á Lækjamóti og Þorsteinn Björnsson munu bætast í kennaralið hestabrautar Hólaskóla í haust. Þeir eru báðir með reiðkennararéttindi frá skólanum. Reiðkennararnir Anton Páll Nielsson og Artemisia Bertus eru bæði á förum frá Hólaskóla og munu setjast að á Suðurlandi í haust. Mikil ásókn er í hestabrautina og nemendur á fyrsta og öðru ári verða á sjötta tug í vetur. Inntökupróf í reiðkennaradeild fara fram innan skamms. Þessa dagana eru kennarar skólans að undirbúa sig fyrir veturinn. Á hverju hausti fara fram svokallaðir þróunardagar þar sem kennarar prófa nýjar tamninga- og þjálfunaraðferðir og bera saman bækur sínar.



Illingur frá Tóftum varð í öðru sæti í A-flokki á LM2008. Knapí Daniel Jónsson.

MYND/JENS EINARSSON

Gott samræmi gæðingadóma

Mjög gott samræmi var í gæðingadómum á LM2008 eftir því sem fram kemur í skýrslu eftirlitsdómara mótsins. Skýrslan er nú til skoðunar hjá Dómarafélagi Landssambands hestamannafélaga.

Lárus Hannesson, eftirlitsdómari á LM008, segir að niðurstaða skýrslunnar sé mjög jákvæð fyrir dómara mótsins. Samræmið hafi og batnað að alla mótsdagana, enda hafi mikil samræmingarvinna farið fram á mótinu. „Við höldum tvo fundi á dag, einn áður en dómur hófust að morgni og annan í lok hvers dags. Þetta skilaði góðum árangri. Fljótt á litið sýnist mér að samræmið nú sé enn þá betra en á LM2006, þótt það hafi verið gott þá,“ segir Lárus.

Í lok skýrslunnar er samantekt frá Lárusi þar sem hann veltir upp ýmsum atriðum sem taka mætti til endurskoðunar að hans mati. Má þar nefna kröfur um hve mikið hesti má fatast á gangtegund án þess að vera refsað í einkunn, reglur um járnningar og staðsetningu dómara, svo eitt-hvað sé nefnt.

Erum að flytja hjólin og allt sem þeim fylgir í Skeifuna 17.



Way of Life!

Rýmingarsala á fatnaði, hjálmum, skóm og fylgihlutum fyrir hjólaafólk:

25-29. Ágúst
30-70%
afsláttur af
þessum vörum.

SUZUKI, Kaplakrauni 1 í Hafnarfirði



Auk þess eru
nokkur hjól á
frábæru tilboðsverði!

Til dæmis: RMZ 450, kr 690 þús.

(sjá nánar á heimasíðunni okkar, undir mótörhjól).



SUZUKI

SUZUKI UMBOÐIÐ HF • KAPLAHRAUNI 1 • SÍMI 565 1725 • WWW.SUZUKI.IS

Back on Track®



– leiðin að betri liðan –



Dr Susanne Braun Dýralæknir, sérsvið í hestasjúkdómum og IVCA kiropraktor

“Fyrirbyggjandi meðferð og einnig sem hluti af minni meðhöndlun ráðlegg ég notkun á Combi Wrap fótvaflingum og ábreiðu frá Back on Track. Skynsamlegt er að setja ábreiðu, fótvaflinga á hestinn 2 til 3 klukkustundum fyrir reiðtúrinn. Það örvar blóðflæði, mýkir og hitar vöðvana og minnkar spennu í sinum, sem verða mýkri.”

Áhrifin af notkun Back on Track eru meðal annars:

- Léttir á verkjum og bætir liðan.
- Eykur svæðisbundið blóðflæði.
- Minnkar bólgur.
- Flytir fyrir bata.
- Dregur út vöðvaspennu.



Í Back on Track vörulínunni er að finna vörur fyrir hesta, hunda og manneskjur. Pantanir í síma 694 - 2333 / 691 - 5005, á <http://www.natturaogheilsa.com>

ÞÚ FINNUR DRAUMA- BÍLINN HJÁ OKKUR!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðaðu þá alla!



TILBOÐS- BÍLAR	500.000 - 1.500.000	1.500.000 - 3.000.000	3.000.000 - 4.500.000	ATVIRKUN- BÍLAR
 TILBOD 2.850.000,- kr Renault At Traffic nýskr.03/06 ssk. Ek.107.þús.km. Verð.3.450.000.	 860.000,- kr Land Rover Freelander nýskr.10/00 bs. Ek.123.þús.km.	 2.360.000,- kr Hyundai Sonata nýskr.03/06 ssk. Ek.35.þús.km.	 4.390.000,- kr Nissan Pathfinder SE nýskr.06/05 ssk. Ek.57.þús.km.	 1.750.000,- kr Renault Kangoo nýskr.05/06 bs. Ek.49.þús.km.
 TILBOD 1.150.000,- kr Renault Laguna nýskr.06/04 ssk. Ek.52.þús.km. Verð.1.790.000.	 1.480.000,- kr Hyundai Starex 7m 4x4 Diesel nýskr.11/00 ssk. Ek.165.þús.km.	 1.590.000,- kr Isuzu Trooper 35" nýskr.09/00 ssk. Ek.145.þús.km.	 3.720.000,- kr BMW 118i nýskr.08/07 ssk. Ek.3.þús.km.	 1.040.000,- kr Renault At Kangoo nýskr.01/05 bs. Ek.102.þús.km.
 TILBOD 5.550.000,- kr Nissan Pathfinder SE 35" nýskr.05/07 ssk. Ek.14.þús.km. Verð.6.490.000.	 1.450.000,- kr Mitsubishi Pajero nýskr.01/00 ssk. Ek.170.þús.km.	 1.690.000,- kr Toyota Corolla nýskr.08/05 bs. Ek.65.þús.km.	 3.390.000,- kr BMW X5 nýskr.09/01 ssk. Ek.103.þús.km.	 1.660.000,- kr Renault At MASTER nýskr.09/03 bs. Ek.152.þús.km.
 TILBOD 3.890.000,- kr Nissan Pathfinder 2.5 XE nýskr.12/05 bs. Ek.60.þús.km. Verð.4.390.000	 1.290.000,- kr Hyundai SANTA FE 2,4 nýskr.06/02 bs. Ek.136.þús.km.	 2.290.000,- kr Subaru Forester nýskr.10/05 ssk. Ek.32.þús.km.	 3.190.000,- kr Subaru Legacy nýskr.02/07 ssk. Ek.20.þús.km.	 1.390.000,- kr Opel Combo 1.6 nýskr.04/05 bs. Ek.32.þús.km.
 TILBOD 1.990.000,- kr Opel Corsa 1.4 nýskr.06/08 ek.11.þús.km. Verð.2.260.000	 1.130.000,- kr Renault Clio nýskr.07/05 bs. Ek.22.þús.km.	 2.350.000,- kr Nissan Patrol GR nýskr.06/01 ssk. Ek.130.þús.km.	 4.090.000,- kr Nissan Navara 2.5 LE nýskr.08/07 ssk. Ek.6.þús.km.	 2.560.000,- kr Renault At MASTER LANGUR nýskr.11/04 bs. Ek.97.þús.km.

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einföldri leit. Þú græmsar og rötur og færð allar upplýsingar um hvem bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verður bílakaupis miðu markvissari.



bilaland
BILALAND.IS
GRUÐTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

IH - SÆVARHÖFÐI 2

BL - GRUÐTHÁLSI 1

Varahlutir



Vélar ehf. Vatnagarðar 16
Alternatorar og startarar í báta, bíla og vinnuvélar. Beinir og niðurg. startarar. Varahlj. S. 568 6625. www.velarehf.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrís.

Varahlutir í Impreza '97. Accent '95. Vinstra framhjós á BMW X3 '03-'06. Uppl. í s. 896 8568.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Sími: 868 5599

Tökum garðinn í gegn!
Cólíbonun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþjóf
Gluggavottur - Teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum

www.hreingerningar.is

Hreingerningar ehf. S: 868 5599



Sími: 662 0 662

Flutningsþjóf ★ Hreingerningar
Teppahreinsun ★ Gluggavottur
Reglubundin þjóf fyrir fyrirtæki
★★★★★
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Vy-þrif ehf.
Þrif á sameignum. Almenn þrif. Hreinsun Náttúrustein. S. 512 4010 vythrif@internet.is

Ræstingar

Heimilisþrif
Kona tekur að sér ræstingar í heima-húsum. 10 ára reynsla. S. 895 7796.

Sælugarðar ehf.
-allt fyrir garðinn-

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Pökulagnir
- Heilulagnir
- Sólþallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsassmiðameistari. Vanir menn, snór handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

Haustklippingar runna
Garðsláttur, alhliða umhliða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjaumaður s. 848 1723.


Smágröfuleiga Drenlagnir Skolplagnir Jarðvegsskipti



Tökum að okkur aðhliða könnunina


Upplýsingar í síma: 824 7565 Beggi 696 6676 Bjóssi

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Fjármál



Stofnun fyrirtækja, greiðsluferðileikar, bókhaldsþjónusta, samningar við lánardrottina, viðskiptaáætlanir, samningagerð atoz@atoz.is s: 771 45 45

Málarar



Pakmálun !! Húseigendur - Húsfélög

Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu eða húsinu?

Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.

ÍSLANDSMÁLUN EHF
Upplýsingar gefur Einar í s. 891 6999.

Getum bætt við okkur verkefnum úti og inni. Tilboð eða tímavinna. Lítið mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar. www.buslodageymsla.iceware.net

Búslóðaflutningar !

Búslóða flutn., vöruf., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Besta verðið !! Stórir bílar s. 899 7188 & 692 7078. Millibílar s. 659 1047.

Húsaviðhald

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.



Parketslípun
sólþáfastlípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is
www.golfist.is





S 517-0117 & 661-0117

Málarameistari, múrarar og smíðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppuviðgerðir, flisalagnir sem og margt fleira. Fyrirtækið gerir þér tilboð að kostnaðarlausu. **Erum að bóka inn f. veturinn og komandi ár. www.vidhaldsvirkni.is virkni@vidhaldsvirkni.is S. 517 0117 & 661 0117**

Steinsögun, kjarnaborun, múrbrót.

Upplýsingar í síma 692 3237.

Húsaviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Ryð og lekavarnir á þökum

Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Kristján s. 694 9626.

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Smíði vantar vinnu. Getum byrjað strax. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

Stíflupjónusta

Stíflulosun Röramyndun

Losa stíflur úr salemum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Tölvuþjónusta

Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

Gagnaendurheimt. Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

Nudd

Whole body massage. Tel. 849 5247.

Snyrting

Tattoo penni fyrir jurtalit til sölu á góðu-verði. Einnig fatagina selst ódýrt. Uppl. í s. 661 7010.

Spádómar

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Ekkert minngjald. Þú hringir & pantar tíma & ég hringi í þig. S. 865 5524 Inga.

Bílar til sölu

ÞÚ FINNUR DRAUMABÍLINN HJÁ OKKUR!

BESTA ÞJÓNUSTAN, MESTA ÚRVALIÐ!

Frábært úrval notaðra bíla og góðum kjörum. Kíktu á bilaland.is og skoðuðu þá alla!

 1.950.000.- kr Isuzu Crew Cab Diesel Nýskr. 8.2004, ekinn 66.þ km.	 6.070.000.- kr Land Rover Discovery III Diesel Nýskr. 03.2006, ekinn 44.þ km. Sjálfskiptur.	 4.890.000.- kr Nissan Patrol Elegance Nýskr. 4.2005, ekinn 63.þ km. Sjálfskiptur	 3.340.000.- kr Nissan Qashqai SE Nýskr. 3.2007, ekinn 2.þ km. Sjálfskiptur	 2.990.000.- kr Opel Zafira Nýskr. 1.2007, ekinn 19.þ km. Sjálfskiptur
 5.490.000.- kr Subaru B9 Tribeca Nýskr. 7.2007, ekinn 6.þ km. Sjálfskiptur	 2.290.000.- kr Subaru Forester Nýskr. 9.2005, ekinn 35.þ km. Sjálfskiptur	 2.490.000.- kr Subaru Legacy Wagon GL Nýskr. 11.2005, ekinn 60.þ km. Sjálfskiptur	 9.100.000.- kr Land Rover Range Rover SE Nýskr. 6.2006, ekinn 31.þ km. Sjálfskiptur & vel búinn.	 5.950.000.- kr BMW X5 3,0 Lúxus Nýskr. 4.2005, ekinn 57.þ km. Sjálfskiptur og vel búinn.

FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, geturðu fundið nákvæmlega þann bíl sem þú leitar að með einfaldri leit. Þú gransar og rótar og færð allar upplýsingar um hvern bíl og skoðar fjölda mynda áður en þú kemur á staðinn - þannig verða blækaupin miklu markvissar.



bílaland
BILALAND.IS : 575 1460
HRÍSMÝRI 2A : SELFOSS

www.ortagalinan.is



Örtaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma

595 2001 & 908 1800

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fliót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Eftirlitsmyndaélar, mikið úrval kerfa. Leiga eða sala. videocom.is s. 588 8850.

iPod touch 16GB, ný og ónotuð. Selst með góðum afslætti og Canon A-1 SLR (filmu)-myndavél með 28-55 mm og 75-200 mm Zoom linsum, tösku og safntösku ásamt ýmsum búnaði. Uppl. í síma 557 4603 og 897 8530.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Hljóðfæri

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. Harmonikkukennsla. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabítar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

Hjólhýsi sem notað hefur verið sem vinnuskúr m/rafmgstöflu. v 100þ 8252212

Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.

Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

ÚTSALA LOKADAGAR



Áður 12.995

L995

Egg

MEÐ HRADASTILLIR

Áður 2.995

495

FIDRILDI

MEÐ HRADASTILLIR

Áður 6.995

995

ÞRÁDLAUST EGG

ÖREGUR 20 M VATNSHEIT

Áður 11.995

3.995

KANÍNU TITRARI

MEÐ AFÖSTU EGGI

Áður 6.995

1.995

Rómantik.is

Hverfisgötu 62 Rvk. S: 586-8500 (Horninu á Frakkastigi)

Opið: Virka daga 12-20 Laugardaga 12-18

HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkr-unarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is



5-7 Kíló í Burtu

Síðfæðingur dreifingaraðili EFL

9 Daga hreinsiprógram frá Aloe Vera NYTT NR. 772 2885, Sigríður & Kristján

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



Þægindi - Slökun - Velliðan

Þú átt það skilið. Kynningarverð. Nýr Still Langarima 21, 112 Reykjavík. S. 557 9009 nuddstolar.is

Svæðameðferð

Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímabantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótiðskt nudd að ræða!!!

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



Ítalska, spænska, enska, japanska, kínverska, danska, þýska, franska, arabíska. www.lingva.is

Kennsla

nudd námskeið SOVI

Nuddnám

www.nudd.is Uppl. í s. 557 5000 og 895 7333. Nuddnám Akureyri-Rvk.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Baliares eyjan. Costa Brava, Playa De Aro. Valladolíd. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn

Silunganet

Heimavík. Sími 892 8655.

Góðir maðkar

Til sölu! Silungs og Laxa. Marga ára reynsla. S. 692 5133.

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS



Til sölu nýttindir laxa- og silungamaðkar. Laxamaður 40kr/stk, silungamaður 30kr/stk. Sími 864 5290.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði



Viltu leiga íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Free rent in august

Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Frítt í ágúst

Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Mjög góð 3ja herb íb í fjölb í Kópavogi. Laus. Sími 841-0755 eða 8410755@visir.is

Herbergi í íbúð í 101 Rvk. til leigu frá 1.sept. 35.þús. pr. mánuð.Uppl. í síma 8651022 og í gegnum eddajons@hotmail.com

2 herb.íbúð með húsgögn. 5 mín í Hl 120þús á mánuði án reikn. laus 1sept 8983766

126 fm 5 herb íbúð í 201 Kóp(Lindahverfi) til leigu. Nánari upplýs. elj@visir.is

60 fm. 2-3 herb. íbúð í Keflavík til leigu strax. Verð 85 þús. m/ hita og rafmagni. Uppl. í s. 848 7159.

Meðleigjandi óskast í 77 fm íbúð í Laugardal. Leiga 70 þús á mån. Uppl. í s. 696 6982, Atli.

3 herb. íbúð með húsg. til leigu í 113. Laus strax. S. 562 5410 eftir kl 12

Room to rent. Close to Hlemmur. S. 661 5219.

Til leigu bakhús við hlemm. Uppl. í s. 661 5219.

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

3 herb. íbúð á sv.201 til leigu. Leigist m/öllum húsgögnum. Laus 9. sept. Stúdíóíbúð í Gbr. til leigu frá 1. okt. Leigist með húsgögnum. Einnig herb. í gbr. m/húsgögnum til leigu. Uppl. í s. 847 7147.

Húsnæði óskast

58 ára kona Óskar eftir stúdíóíbúð á höfuðborgarsvæðinu. Frá 2. sept. Greiðslugeta 60-70þ. S. 691 7088 e. kl. 16.

Reglusöm tveggja barna móðir óskar eftir 3ja herb. íbúð í hverfi 104 (Langholtsskóli) sem fyrst, greiðslugeta að hámarki 120.000 kr. Uppl. í síma 849-1672.

4-5herb húsnæði óskast í Árbæjarhvf fyrir 5 manna fjölskyldu. uppl 825-6343.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdíó íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Skilvisum greiðslum heitið. S. 896 8568.

Sumarbústaðir



Skipti á bíl. Til sölu/leigu ca. 40 fm. bjálkahús í Hvalfirði við sjóinn. Áhv. ca. 5 milj. verð 9,8. Skoðað öll skipti. Uppl. í s. 899 4009.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu mjög vel staðsett húsnæði á höfðanum við fjölfarna umferðargötu.

Um er að ræða ca 80 fermetra pláss sem er innréttað sem bófstöð flísalagt í hólf og gólf, öll tæki sem til þarf og miklir möguleikar.

Uppl. í s. 696 1001.

Íðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

Til leigu rúmlega 11m2 skrifstofuhúsnæði með aðgangi að eldhúsi, snyrtingu og setustofu á 3 hæð í Mjódd. Upplýsingar frá kl. 9-14 virka daga í síma 587 7171.

Geymsluhúsnæði

Geymslugámar

Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKI

Hringhella 6 • 221 Hafnarfirði
S. 335 2330 • www.hafnarbakki.is

Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrir-tæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vakt-að. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com

Geymslur frá 5990.- kr á mån.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mót-orhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA

Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Óska eftir að kaupa 200-300 fm. geymsluhúsnæði í Rvk. e-mail er anna-lisasig@gmail.com

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

Til leigu 25 fm. geymsluhúsnæði í vesturbæ rvk. S. 899 6341.

Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu, helst sem næst Laugameshverfinu. Upplýsingar í s. 897-4497

Gisting

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotmail.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við úthringingar. Aukastarf með góðum tekjumöguleikum. Uppl. gefur Ingibjörg í síma 661 2826 & eli@tmi.is

Þjónusta

♦ STEYPUSÖGUN

♦ KJARNABORUN

♦ MÚRBROT

LÍNUBORUN EHF



820 0070 577 5177

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.

- Proventus - Call Margrét 699 1060

Pylsuvaagninn Laugardal

Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði kvöld og helgarvaktir. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir skulu sendar á ottar@foodco.is

NK Kaffi Kringlunni

Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa og í sal í fullt starf. Einnig vantar fólk um helgar.

Uppl. á staðnum og síma 568 9040 & 693 9091.



Villtu ganga til liðs við okkur?

Bakameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurverí, Austurverí og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.

Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakameistarinn.is



Aktu Taktu

Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á: www.umsokn.foodco.is



Óskum eftir fólki í kvöld-og helgarvinnu. We need staff during the week-end. Contact 844 7589, Loftur, eða á arnar@cafeoliver.is



Vegamót

Vegamót óskar eftir þjónustufólki í sal, í fullt starf eða hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg. Einnig vantar barþjóna um helgar.

Upplýsingar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is



Starf í leikskóla

Laus er ein 100% staða og ein 40-50% staða e.h. næsta skóla-ár. Viðkomandi þarf að bera ómælda virðingu fyrir þörfum barna og möguleikum þeirra til náms og þroska og vera sjálf góð í samskiptum., skipulögð og stundvís. Regnboginn er staðsettur að Bleikjukvísl 10 á Ártúnsholti.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557-7071 og 899-2056 Netpóstur: regnbogi@regnbogi.is leikskólastjóri



Hefur þú metnað og áhuga til að veita góða þjónustu?

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfólki í sal. Starfsmenn Pizza Hut fá alþjóðlega þjálfun sem byggir á þjónustugleði, gæðum og áreiðanleika. Vilt þú koma í Pizza Hut líðið? Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is. Allar nánari upplýsingar hjá Þórey á Sprengisandi í síma 822-3642, Leó Nordica 865-9691, Abdulh í síma 692 9759.

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

Veitingahúsið - Lauga-ás.

Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði.

Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Okkur vantar sölumann/konu til starfa sem er duglegur, drífandi og hefur frumkvæði.

Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og önnur tilfallandi störf. Vinnutími er frá 10.00-18:00 alla virka daga og 11:00-16:00 annan hvern Laugardag. Viðkomandi þarf að hafa lágmarks kunnáttu á tölvu, jákvætt viðmót og góða þjónustulund. Einnig er æskilegt að umsækjendur hafi náð 25 ára aldri. Vinsamlegast sendið umsóknir á rumgott@rumgott.is

Veitingahús
Starfskraftur óskast í 80 % vinnu frá 1.sept '08. 20 dagar í mánuði, 13 dagvaktir og 7 morgunvaktir.
Uppl. í s. 843 9950.

Café Roma Kringlunni
Óskar eftir starfskrafti í framtíðarstarf. 20 ára og eldri. Sveigjanleiki og góð laun í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.

Gullnesti Grafavogi
Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf.
Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.

HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Byggingarvinna - Egilsstaðir

Vantar menn í einingarverksmiðju og almenna byggingarvinnu. Malarvinnslan Hf. Uppl. veitir Ragnheiður s. 860 0120.

Björnsbakari-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til starfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. uppl: Helga 699-5423.

SANTA MARÍA LAUGAVEGI 22A-VANTAR STRAX DUGLEGT FÓLK Í ELDHÚS. UPPL. S: 866-7629!

Kaffi Sólón

Óskar eftir að ráða fólk í þjónustu, dyrvörslu og á bar. Kvöld og helgarvinna í boði. Upplagt fyrir skólafólk, reynsla æskileg en ekki skilyrði. Frekari upplýsingar á Kaffi Sólón frá kl 14-18, eða sendið fyrirspurn á solon@solon.is

Óska eftir smíð og mönnum vönum alhliða húsaviðhaldi. Íslenskukunnátta skilyrði. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 616 1569.

Verkamenn, helst vanir húsaviðgerðum óskast til starfa. Uppl. í s. 896 3035.

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í Grindavík, handflökun á ýsu og fleira. Uppl. í s. 897 6302.

Atvinna óskast

Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannabjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS

Auglýstu FRITT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smíður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símapjónusta Spjalldömur

S. 908 6666 opið allan sólarhringinn.

Fasteignir

EIGNAMIDLUN
Mosfellsbæ

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080 • fax 586 8081
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is • Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali

Straumsalir 3 - 4ra herb - Kópavogi
Ásta tekur á móti gestum í dag þriðjudag 26. ágúst



Til sölu mjög falleg 120,3 m2 endaíbúð á götuhæð í sex íbúða fjölbýli á fallegum útsýnisstað við Straumsalir 3 í Kópavogi. Í íbúðinni er stór stofa, fallegt eldhús, þrjú góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtuklefa og sér þvottahús + geymsla í kjallara. Sérsmíðaðar kirsuberjainnréttingar og parket og flisar á gólfum. V. 32,8 m.

Atvinna

VANTAR ÞIG

SMÍÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu. Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta s. 661 7000

SMÍÐIR

Erum með vana smíði á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

Kranamaður

Óskum eftir kranamanni á bílkrana. Nánari upplýsingar veitir Arnar Kristjánsson í síma: 892-7674.



G5 Kranaafgreiðslan ehf. - Fiskislóð 79 - 101 Reykjavík

VERKTAKAR MAGNI

Vantar vanan vélamann til starfa strax, mikil vinna framundan.

Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100



TE & KAFFI

OKKUR VANTAR GOTT FÓLK

Nú vantar okkur áhugasamt og metnaðarfullt fólk til starfa í sérværslunum fyrirtækisins þar sem við leggjum ríka áherslu á samskiptahæfileika og þjónustulund, frumkvæði og fagmennsku, ásamt áhuga á góðu kaffi og te. Lágmarksaldur 20 ár.

VERSLUNARSTJÓRI

Leitum að jákvæðum og metnaðarfullum verslunarstjóra í eina af verslunum okkar. Starfið felst í ábyrgð og umsjón með daglegum rekstri og starfsmannahaldi.

Umsóknir sendist í gegnum heimasíðu okkar www.teogkaffi.is eða í pósti að Stapahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

Auglýsingasími

5125050



- Mest lesið

Fasteignir



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGinni

bjóða Kristínu og Steinu
velkomnar til starfa



Kristín Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali



Steinunn Frímannsdóttir
Löggiltur fasteignasali



... það borgar sig!

HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

Vertu velkomin í opin hús eða að panta skoðun s. 893 4416



Brekubýggð 89, 210 Garðabæ



OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 18:00 - 18:30

"Sérbyli í fjölbýli" Falleg og björt íbúð á jarðhæð. Inngangur sér. Húsið er innst í botnlanga, við opið og gróð svæði. Útsýni, garðyrmi, kyrrlátur, sólrikur sælureitur.

Verð: 21.900.000
Herbergi: 2
Stærð: 67,5 fm

Eyrarholt 5, 220 Hafnarfirði



OPIÐ
HÚS

Opið hús í dag frá 19:00 - 19:30

Afar falleg og nýlega uppgerð íbúð á 3ju hæð í litlu fjölbýli. Húsið var yfirfarið, lagfært og málað að utan í sumar og lítur mjög vel út. Sameign snyrtileg. Útsýni. Rúmt um húsið.

Verð: 24.900.000
Herbergi: 4
Stærð: 106,5 fm

Drekavellir 42, 221 Hafnarfirði



OPIÐ
HÚS

Opið hús í kvöld frá 20:00 - 20:30

Vandaðar og skemmtilega skipulagðar, rúmgóðar og bjartar íbúðir. Fjórar íbúðir í húsinu, þrjár eftir. Mikil lofthæð. Tilbúin en án gólfefna að hluta. Löö nánast frágengin.

Verð: 27.200.000 - 28.500.000
Herbergi: 3
Stærð: 109,1 - 114,0 fm

Fjólúvellir 11 og 13, 221 Hafnarf



OPIÐ
HÚS

Opið hús í kvöld frá 21:00 - 21:30

Einstaklega vel staðsett einbýlishús í enda botnlanga, við opið og ósnortið óbyggt svæði. Útsýni, einkum til suðurs og vesturs, Tilbúin, marmarasólluð að utan, fokheld að innan.

Verð: 37.000.000
Herbergi: 6
Stærð: 219 fm

Espigerði 4, 108 Reykjavík



OPIÐ
HÚS

Opið hús á morgun frá 18:00 - 18:30

Útsýnið er magnað. Íbúð á 7. hæð. Laus. Gott skipulag, sem auðvelt er að breyta ef vill. Tvennar svalir, suður og austur. Stutt í alla þjónustu. Frábær staðsetning.

Verð: 32.900.000
Herbergi: 4-5
Stærð: 117,2 fm

Háholt 4, 210 Garðabæ



Pantið skoðun s: 893 4416

Afar skemmtilegt og sérstakt einbýlishús á frábærri útsýnishæð. Tvöfaldur innbyggður bílskur. Fallegur garður með skjólgóðum pöllum. Ólýsanleg eign með mikla möguleika.

Verð: 85.000.000
Herbergi: 7
Stærð: 342 fm

Unnarbraut 7, 170 Seltjarnarnes



Pantið skoðun s: 893 4416

Mjög góð og skemmtileg íbúð á fyrstu hæð í þrúbýlishúsi. Góður bílskur. Tvennar svalir, suður og austur. Stór skjólgóður afgirtur garður.

Verð: 46.900.000
Herbergi: 4
Stærð: 168 fm

Rjúpnasalir 10, 201 Kópavogi




OPIÐ
HÚS

Opið hús á morgun frá 20:00 - 20:30

- PANORAMA-PENTHOUSE - 112 m2 SVALIR - 10. HÆÐ. ÓVIÐJAFNANLEGT ÚTSÝNI. Frábært útsýni til allra átta og yfir golfvöllinn, sem er í göngufjarlægð.

Verð: 41.900.000
Herbergi: 3
Stærð: Íbúð: 98,4 fm, Svalir: 112 fm



Árni Ólafur
Lárusson
Sölufulltrúi
893 4416
arnilar@remax.is



Þórarinn
Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

Tilkynningar



Nýr félagi!

Nýr félagi hefur bæst í hópinn hjá hárgreiðslustofunni Jói og félagar. Berglind Bragadóttir býður viðskiptavinum sínum velkomna á Skólavörðustíginn.

jói & félaQAR

Skólavörðustígur 8 · 101 Reykjavík · Sími 552 3425

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Atvinna



Viltu vinna á skemmtilegum vinnustað?

Húsasmiðjan leitar að starfsfólki í afgreiðslustörf á kassa í verslununum Grafarholti og Skútuvogi.

- Vinnutími í Grafarholti;**
10-19 virka daga, einn virkur frídagur í viku unnið aðra hverja helgi 12-19.

12-19 virka daga, einn virkur frídagur í viku unnið aðra hverja helgi 12-19 eða samkvæmt samkomulagi.

- Vinnutími í Skútuvogi;**
Samkvæmt samkomulagi.

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri

Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.
Heilsuefning: Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.
Viðskiptakjör: Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.
Húsasmiðjuskólinn: Við rekum skóla sérstaklega fyrir starfsmenn. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvisir er gefinn út vor og haust.
Starfsmannafélag: Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

Um Húsasmiðjuna

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir. Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

Sendið umsóknir til
Elínar Hlífur Helgadóttur,
starfsmannastjóra,
elinh@husa.is
Einnig er hægt að sækja um
störf in á heimasíðu
Húsasmiðjunnar -
www.husa.is





Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Helga Ingimarsdóttir

Víðilundi 24, Akureyri,

lést á heimili sínu laugardaginn 23. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 29. ágúst kl. 13.30.

Valborg Svavarsdóttir
Agnes Tulinius Svavarsdóttir
Guðmundur Þorsteinsson
og ömmubörnin.

Haukur Valtýsson
Ottó Tulinius



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Póra Abigail

Þorvarðardóttir

Sólvangsvegi 1, 220 Hafnarfirði,

sem lést á St. Jóseppspítala hinn 22. ágúst
síðastliðinn, verður jarðsungen frá Þjóðkirkjunni
í Hafnarfirði föstudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Hafsteinn Viðar Halldórsson
Hafðis Abigail Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Erla S. Engilbertsdóttir
Garðar S. Gunnarsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigurbjörg Svanhvít

Steindórsdóttir

Borgarheiði 17h, Hveragerði,

lést laugardaginn 23. ágúst á Landspítalanum við
Hringbraut. Jarðarförin auglýst síðar.

Sigurbjörg Gísladóttir
Svanhvít Gísladóttir
Magnea Ásdís Árnadóttir
og fjölskyldur.

Hannes Kristmundsson
Reynir Gíslason



Innilegar þakkir færum við öllum þeim
sem sýndu okkur samúð sína og
hluttekningu með heimsóknum, kortum,
skreytum og blómasendingum við fráfall

Ágústu Skúladóttur

Vallholti 39, Selfossi.

Kjartan T. Ólafsson

Jökull Veigar Kjartansson
Ólafur Helgi Kjartansson
Skúli Kjartansson
Hjálmar Kjartansson
Bergdís Linda Kjartansdóttir
ömmu- og langömmubörn

Elín Sigmarsdóttir
Þórdís Jónsdóttir
Nancy Barish
Guðný Anna Arnþórsdóttir
Þórður Kristjánsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi, bróðir og vinur,

Ólafur P. Hafberg

fyrirverandi bifreiðastjóri,
Þjóðólfsvegi 14, Bolungarvík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 14. ágúst.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Þórarinn Hafberg
Sigrún Ólafsdóttir
Ingibjörg P. Hafberg
Engilbert P. Hafberg
Krystyna Brzeziak
barnabörn.

Ásthildur Halldórsdóttir
Leifur E. N. Karlsson
Janina Hafberg

CHRIS BURKE LEIKARI
ER 43 ÁRA

„Gefstu ekki upp á barni.
Gefðu barninu menntun og
skjól. Gefðu barninu ást á
hverjum degi.“

Chris Burke er Íslendingum
minnisstæður í hlutverki Corkys
úr sjónvarpsþáttunum *Life goes
on á tíunda áratugnum*. Chris
er með Downs-heilkenni og
hefur barist fyrir rétti jafningja
sinna í tilverunni.



tímamót

timamot@frettabladid.is

SÍBS ER SAMTÖK ÍSLENSKRA BERKLA- OG BRJÓSTHOLSSJÚKLINGA: SJÖTÍU ÁRA

Sjúkir studdir til sjálfsbjargar

Samtök íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, SÍBS, minnst þess nú að 70 ár eru liðin síðan 28 stórhuga berklasjúklingar komu saman á Vífilsstöðum og stofnuðu Samtök íslenskra berklasjúklinga.

„SÍBS var stofnað til hjálpar berkla-sjúklingum að ná fótfestu í lífinu. Strax var hafist handa við fjársöfnun og fljótlega keypt jörð í Mosfellsbæ þar sem Reykjalundur var reistur og tekinn í notkun árið 1945,“ segir Helgi Hróðmarsson, framkvæmdastjóri SÍBS.

„Með tilkomu berklalyfja um 1955 þurrkaðist nýgengi berkla nánast út. Að starfi SÍBS komu þá ný aðildarfélag og með tilkomu Astma- og ofnæmisfélagsins árið 1974 var nafninu breytt í Samtök berkla- og brjóstholssjúklinga. Síðar bættust við Hjartaheill, Vífill og Samtök lungnasjúklinga.

SÍBS eru hagsmunasamtök sem bjóða upp á fræðslu um forvarnir og meðferðarúræði. Við ferðumst um landið og bjóðum upp á mælingar á blóðþrýstingi, blóðfitu og súrefnismettun, og þá hefur SÍBS komið á framfæri ábendingum og ályktunum til stjórnvalda til hagsbóta fyrir sjúklinga,“ segir Helgi.

„Berklar hafa aldrei þurrkast al-farið út og árlega veikjast tólf til fjórtán manns með berkla héraendis, sem allir fá meðferð. Nú eru tilkomin ný afbrigði berklabakteríunnar sem svara illa eða alls engri lyfjagjöf. Mér hefur stundum fundist að í hugum Íslendinga séu berklar ýmist löngu liðinn fortíðarvandi eða í versta falli langt frá Íslandsströndum, en því miður er



HORFT TIL FRAMTÍÐAR Berklar þróast enn í heiminum með illviðráðanlegum hætti og Helgi Hróðmarsson segir Íslendinga þurfa að vera vel á verði.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

það ekki svo. Hlutverk SÍBS, vegna berklanna, á því sannarlega enn við í dag,“ segir Helgi.

„Starfsemin að Reykjalundi hefur verið rósín í hnappagati SÍBS. Uppbygging á Reykjalundi hefur að mestum hluta verið fjármögnuð af happdrætti SÍBS og þar er nú langstærsta endurhæfingarmiðstöð landsins með nú endurhæfingarsvið. Menn hafa verið vakandi fyrir nýjum heilsufars-ögnum og nú eru að koma inn stórir hópar kynslóða sem fengu ekki næga

vitneskju um skaðsemi reykinga og er margt hvert að missa heilsuna mjög illa í dag. Eins þjáist stór hópur þjóðarinnar af offitu, áunninni sykursýki og hjarta- og lungnasjúkdómum og njóta endurhæfingar á Reykjalundi,“ segir Helgi.

„Einkunnarorð SÍBS, „Styðjum sjúka til sjálfsbjargar“, hafa alla tíð verið leiðarljós í starfinu og eiga enn við. Verkefnið eru óþrjótandi og verða um ókomna tíð.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær móðir mín, amma okkar
og langamma,

Karólína Ragnheiður

Petersen Bye

frá Akureyri

andaðist á hjúkrunarheimilinu Fellsenda, Búðardal,
laugardaginn 23. ágúst. Fyrir hönd vandamanna,

Guðrún Sólveig Högnadóttir.



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Karl Adolfsson

húsgagnabólstrari og tónlistarmaður,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 18. ágúst, verður
jarðsungen frá Langholtskirkju í dag, þriðjudaginn
26. ágúst, kl. 13.00.

Ásdís Árnadóttir
Árni H. Karlsson
Sigurður G. Karlsson
Davíð K. Karlsson
Gauja S. Karlsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Svava Svavarsdóttir
Kolbrún Júlínusdóttir
Björgvin Högnason



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Lárus Guðnason

Jökulgrunni 14, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Reykjavík föstudaginn 22. ágúst.
Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn
28. ágúst kl. 11.00.

Sigþóra Scheving Kristinsdóttir
Guðrún Linda Jónsdóttir
Íris Björk Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Pálmi Bergmann Vilhjálmsson
Kristmundur Carter



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

MIKIÐ ÚRVAL ÚTILJÓSA!

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



LITIR:
HVÍTT
SVART
RUST

1495



795



795



495



LITIR:
STÁL
KOPAR

1995



4995

TILBOÐ!



ÚTISTAUR
M/ TENGLI

5995



LITIR:
STÁL
KOPAR

3995



LITIR:
STÁL
KOPAR

2495



LITIR:
STÁL
KOPAR

3495



3795

ÚTISTAUR - STÓR

3595

ÚTISTAUR - LÍTILL

LITIR:
STÁL
KOPAR



3995

ÚTISTAUR - STÓR

3495

ÚTISTAUR - LÍTILL

LITIR:
STÁL
KOPAR



3795

ÚTISTAUR - STÓR


3495

ÚTISTAUR - LÍTILL



LITIR:
STÁL
KOPAR

2495



2895



3595

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

Rauði kross Íslands

MÓTTAKA FLÓTTAFÓLKIS

Leitum eftir sjálfboðaliðum

Akranesdeild Rauða kross Íslands óskar eftir stuðningsaðilum til sjálfboðastarfa vegna komu flóttafólks í september.

- Hlutverk stuðningsaðila er að mynda vináttutengsl og vera eins konar tengiliður við samfélagið og mannlífið fyrsta árið á Akranesi.
- Fræðslufundur verður haldinn fimmtudaginn 28. ágúst kl. 18.00 – 21.00 í Þorpinu, að Þjóðbraut 13.

Áhugasamir vinsamlegast skrái sig á netfangið steindal@redcross.is eða í síma 431 2270

Rauði kross Íslands
Akranesdeild

REYKJAVÍK 2008
JAZZ
GLAUMBAR

GLEÐILEGA JAZZHÁTÍÐ
DAGSKRÁIN Í DAG

ÞRIÐJUDAGUR 26.ÁGÚST

- KL 18 Vonarsalur Efstaleiti – Agnar Már og tríó í tónleikahljóðritun** Kr2200
Agnar vakti verðskuldaða athygli fyrir síðasta geisladisk sinn Lád og auk þess að fylla húsið á síðustu Jazzhátíð Reykjavíkur vann hann einnig verðlaun fyrir bestu tónsmíð á Íslensku tónlistarverðlaununum. Nú tekur hann upp þráðinn frá fyrstu sólóplötu sinni 01 og hljóðritar með sama mannskap, **Bill Stewart** á trommur og **Ben Street** á kontrabassa.
- KL 20 Setning Jazzhátíðar í Iðnó** Frítt
– Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.
- KL 21 Iðnó – K tríó.**
Kristján Martinsson píanó, Pétur Sigurðsson bassi, Magnús Trygvason Elíassen trommur Kr1500
K tríóið er skipað efnilegustu jazzleikurum landsins, en þeir eru allir nýtskrifaðir úr Tónlistarskóla FÍH og jafnframt meðal eftirsóttustu hljóðfæraleikara landsins. Kristján hefur einnig stundað nám í Svíþjóð og þeir félagar munu halda uppi merkjum Íslands á Young Nordic Jazz Comets í Kaupmannahöfn í haust.
- KL 22 Vonarsalur Efstaleiti – Agnar Már og tríó í tónleikahljóðritun** Kr2200
- KL 23 Bítbox á Glaumbar – Pönkrokkklúðrasveit íslenska lýðveldisins** Frítt
Kári Hólmur Ragnarsson: Básúna, Leifur Jónsson: Básúna, Sturlaugur Jón Björnsson: Alt horn, Ívar Guðmundsson: Trompet, Jóhannes Þorleiksson: Trompet, Magnús Trygvason Elíassen: Trommur Bítbox á Glaumbar er heimavöllur fyrir ýmiskonar bittónlist sem starfræktur hefur verið í sumar undir handleiðslu Samma úr Jagúar. BítBoxinu er ætlað að verða heimavöllur fyrir ýmiskonar bittónlist. Með bittónlist er átt við Funk, Soul, Reggi, Jazz, Disko, Afro, Latin, hip hop og aðra góða Groove tónlist.

Budweiser **Iceland Express** **Þymundsson** **TÓNASTÖÐIN**
Reykjavíkurborg **Íslenska lýðveldið** **BLÓÐHÖRÐ** **EXTON** **GUDJÓNÓ**

NORRÆNA HÚSIÐ VONARSALUR

www.midi.is

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt
Sigfúsóttir

Á hvaða tímum lifum við?

Sundum velti ég fyrir mér hvort hægt sé að segja að ástand heimsins sé póst-móðernískt. Hvað er póst-móðernískt ástand? Það þýðir að heimurinn er ekki heill, það er enginn „sannleikur“, enginn einn guð sem drottinnar, ekkert rétt og ekkert rangt, ekkert kerfi sem virkar. Ekkert sem getur ekki verið tekið í sundur og sett saman að nýju. Fortíðin og framtíðin blandast saman í einum hrærara, höfundurinn er dauður. Lífið er aðeins til í ofurraunveruleikanum og maðurinn er týndur.

Samt leitum við á vit ævintýrana og skiptum heiminum í tvennt, í vestur og austur, í góða og vonda menn. Þjóðarstolt fyllir brjóst og forsiður blaðanna, kreppa er yfirvofandi. Guð lifir góðu lífi og trúarstríð blossa upp. Sjálfstæðisbarátta er háð, almenningur flykkist í bíó og lifir

sig inn í framtíðarsýn Wall-E og dystópiur líkt og I am Legend. Það er voða fátt póst við þann móðernisma.

Menn lesa blöðin til að skilja samtíma sinn. Þeir vilja vita hvornig það er að lifa í dag. Ég hef ekki hugmynd. Eins og söngvari Arcade Fire lifi ég á öld sem ég veit ekki hvað heitir. Ég rýni í fréttir, reyni að lesa á milli línanna hvort heimurinn sé eins og hann er. Ég finn engin svör. Eftir galeiðu póst-móðernismans leita ég að einhverju sem er satt. Ef ég leita þess, get ég þá leyft mér að efast um allt?

Ég vil skilja samtíma minn, taka hann í sundur og sjá úr hverju hann er. Ég vil vita orsök hlutanna og ég vil geta spekúlerað um afleiðingarnar. En núna er bara ein sekúnda, svo er komið nýtt núna. Er þá hægt að skilja samtíma sinn? Fólk verður hvort eð er aldrei spásmenn fyrir en spádómurinn hefur ræst.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 26. ágúst

Tónlist

Jazzhátíð Reykjavíkur 2008

18.00 Agnar Már, Bill Stewart og Ben Street. Vonarsalur SÁÁ, Efstaleiti 7.

20.00 Setning hátíðar. Haukur Gröndal og hljómsveit Oliviers Manoury. Iðnó.

22.00 Agnar Már, Bill Stewart og Ben Street. Vonarsalur SÁÁ, Efstaleiti 7.

22.00 K-Trío. Iðnó/uppi.

23.00 Bitbox Glaumbar.

Hátíðin stendur til 30. ágúst, nánari upplýsingar er að finna á www.jazz.is.

→ Viðburður

20.00 Fegurð málsins – 1988 í Norræna húsinu munu rithöfundarnir Halldór Guðmundsson og Thor Vilhjálmsson fara yfir bókmenntaviðburði. Tómas R. Einarsson og félagar ásamt Ragnheiði Gröndal flytja tónlist. Kynnir: Einar Kárason rithöfundur. Norræna húsið fagnar 40 ára afmæli og er þessi viðburður hluti af afmældisdagskrá.

→ Myndlist - Síðasti séns

Flókt Samsýningu Ingunnar Fjólú Ingbórsdóttur og Þórdísar Jóhannesdóttur í austur- og vestursal jarðhæðar hjá Start Art, lýkur á morgun. Start Art, listamannahús, Laugavegi 12b.

→ Tónlist

20.00 Einleiksfantasiur G.P. Telemann Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari, halda tónleika í völdum

Reykjavík Jazz 2008 hefst í kvöld

Næstu dægrin bylur djassinn. Djasshátíð byrjar með fimm samkomum og tónleikum í kvöld og stendur óslitið fram á sunnudag. Mikill fjöldi tónleika er á dagskránni og vantar ekki fjölbreytnina. Boðið er upp á margvísleg kjör á miðum næstu daga og geta áhugasamir kynnt sér dagskrána í heild á vef hátíðarinnar: www.jazz.is/festival. Svo margir viðburðir eru í boði að best er að skoða dagskrána í heild á vefnum.

Það verða Agnar Már og félagar sem hefja hátíðina í dag kl. 18 í sal SÁÁ í Efstaleiti. Hann treður aftur upp kl. 22 í kvöld með sama prógram sem þá verður hljóðritað. Fyrsti diskur hans,

Láð, vakti mikla athygli og hann tekur upp þráðinn þar sem frá var horfið. Með honum leika þeir Bill Stewart á trommur og Ben Street á bassa. Agnar fékk margvíslegan heiður fyrir fyrsta diskinn sinn.

Setningin er síðan kl. 20 í Iðnó. Þar koma fram Haukur Gröndal og hljómsveit Oliviers Manoury. Klukkustund síðar er tríó þriggja ungra spilara, K-trío, með tónleika þar en það skipa þeir Kristján Martinsson á píanó, Pétur Sigurðsson bassi og Magnús Tryggvason Elíassen á trommur. Þaðan má svo halda á Glaumbar þar sem Sammi í Jagúar hefur rekið Bítbox, klúbb fyrir rytmíska tónlist af öllu tagi.

Menn taka daginn snemma á morgun en þá verða tónleikar í Ingólfsnausti kl. 12.15. Frítt er inn á þá eins og opnunina í Iðnó í kvöld.

Djasshátíðin er nú haldin í nítjándra sinn. Helstu styrktaraðilar hennar eru FÍH og Reykjavíkurborg. Tónleikar verða á nokkrum stöðum í borginni: í Iðnó, Frikirkjunni, Háskólabíói og á Nasa við Austurvöll, í Vonarsalnum, Norræna húsinu og Rúbín í Öskjuhlíð.

- pbb



TÓNLIST Agnar Már er með tvenna tónleika í Vonarsalnum í Efstaleiti og verða þeir fyrri kl. 18 en seinni kl. 22.

kirkjum víðs vegar um landið. Í kvöld verða þær í Ísafjarðarkirkju.

Tónlist

20.30 Íslenski saxófónkvar-ettinn heldur tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnesi.

Stuttmyndir

Reykjavík Shots&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Íslenskar heimildamyndir

17.00 Óskarsverðlaunamynd

19.00 Shakespeare and Victor Hugo's Intimacies

21.00 To Die in Jerusalem

23.00 Íslenskar stuttmyndir

Miðasala opnar kl. 14.30. Nánari upplýsingar á <http://www.shortdocs.info>

Myndlist

Karólína Lárusdóttir sýnir 15 ný olíumálverk í Galler Turpentine, Ingólfsstræti 5. Sýningin ber yfirskriftina „Í leit að himnaríki“.

Myndlist

Sjóndeildarhringir Málverk eftir Bjarna Sigurbjörnsson og höggmyndir eftir Svövu Björnsdóttur, og Kristinn E. Hrafnsson. Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. Sýningin stendur til 21. september.

Myndlist



Sigga Björg Sigurðardóttir sýnir í 101 Gallery, Hverfisgötu 18 a. Sýningin stendur til 5. október.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

NÝJAR BÆKUR

Stafsetningarorðabókin er nú komin út í handhægu og þægilegu kiljubroti. Í Stafsetningarorðabókinni eru ríflega 65.000 flettiorð og að auki um 8.000 undirflettiorð. Í bókinni er allur almennur orðaforði málsins, auk fjölda mannanafna, örnefna, ríkja- og þjóðaheita og orðaforða úr helstu fræðigreinum. Notendur geta fundið beygingar orða, séð notkunardæmi, ýmis algeng orðatiltæki og dæmi um rétta orðnotkun. Ítarlegar ritreglur fylgja, settar fram á aðgengilegan hátt með fjölda dæma. Frá útkomu bókarinnar hefur hún notið fádaema vinsælda enda nauðsynlegt uppflettirit við alla textagerð. Stafsetningarorðabókin er hin opinbera réttitunarorðabók um íslensku. Bókin var samin í Íslenskri málstöð í umboði Íslenskrar málnefndar. Stafsetningarorðabókin

er 736 bls. Ritstjóri verksins er Dóra Hafsteinsdóttir. Bókin er gefin út af Máli og menningu í samvinnu við Íslenska málnefnd.

Barnaorðabók, ensk-íslensk íslensk-ensk, er ný glæsileg orðabók fyrir yngstu enskunemendurnar. Hún er ríkulega myndskreytt og hefur að geyma allt sem börn þurfa í upphafi tungumálanáms, hvort sem er heima eða í skólanum. Sérstaklega sniðin að þörfum 8-10 ára barna. Hún er samin af reyndum kennurum fyrir byrjendur í enskunámi og er með ríflega 2.600 uppflettiorð með fjölmörgum dæmum. Hún er skreytt fjölda liflegra teikninga. Barnaorðabókin var upphaflega gefin út hjá Gyldendal í Danmörku 2006. Nanna Rögnvaldardóttir þýðir. Bókin er 191 bls. og kemur út hjá Máli og menningu.



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á **midi.is**

www.osk.is stendur fyrir sýningunni.

SYNGDU MEÐ

EINSTAKT TÆKIFÆRI

NÚ GEFST BÍÓGESTUM TÆKIFÆRI TIL AÐ SYNGJA MEÐ Á STÆRSTU MAMMA MIA SÝNINGU Á ÍSLANDI

MERYL STREEP PIERCE BROSNAN COLIN FIRTH STELLAN SKARSGÁRD JULIE WALTERS DOMINIC COOPER AMANDA SEYFRIED CHRISTINE BARANSKI

MAMMA MIA!

THE MOVIE

AÐSÓKNARMESTA MYND ÁRSINS

SELMA & HANSA HITA UPP MANNSKAPINN ÁSAMT PÍANÓLEIKARANUM KJARTANI VALDIMARS OG HALDA STUDINU GANGANDI

HEPPNIR GESTIR GETA ÁTT VON Á GLAÐNING Í BOÐI AUKAKRÓNA LANDSBANKANS

VEITINGASALA OPIN 18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM

HÁSKÓLABÍÓ

FÖSTUDAGINN 29. ÁGÚST KL 20.00 Í HÁSKÓLABÍÓI HÚSIÐ OPNAR KL 19.00

> VISSIR ÞÚ ...

að Kirsten Dunst er ofboðslega hrædd við það að syngja fyrir framan fólk? „Ég hef það ekki í mér. Ég get alveg sungið ef ég er ein í stúdíói, en ég gæti það aldrei á sviði, svo mikið er víst.“ Söngur Dunst í Spiderman var einmitt tekinn upp í einrúmi.

fólk

folk@frettabladid.is



Gullfoss vinsæll í brúðkaup

„Þetta hefur heldur betur gengið vel,“ segir Heimir Hermannsson, framkvæmdastjóri Ölgerðar Reykjavíkur, en nýi bjórinn þeirra, Gullfoss, seldist upp í síðustu viku. „Fyrsta bruggunin kláraðist á fimmtudaginn, en önnur bruggun á að koma núna á fimmtudag,“ útskýrir Heimir. Gullfoss er hágæðabjór, framleiddur í Bruggsmiðjunni á Árskógssandi. Bjórinn er fersk vara og inniheldur engin rotvarnarefni. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð við honum. Ég setti upp einfalda heimasíðu og hvatti fólk til að senda mér tölvupóst með umsögnum um bjórinn. Ég hef fengið þvillíkt magn af pósti og alla mjög jákvæða. Síminn hefur heldur ekki stoppað, það er mikið af fólk sem vill kaupa bjórinn í brúðkaup, til dæmis. Við

erum greinilega sparibjórinn í brúðkaupin,“ segir Heimir og hlær við. Hann hefur nú þegar pantað fleiri gerjunartanka svo hægt verði að brugga allt að fjórum sinnum meira af Gullfossi í einu og því ljóst að kreppan hefur lítil áhrif á bjórdrýkkju landans. Ölgerð Reykjavíkur áformar einnig að setja á markað nýjan bjór fyrir jóln. „Við myndum þá brugga frá grunni nýjan bjór sem færi vel með jólamatnum, reykta kjötinu og þessu öllu,“ segir Heimir, sem lætur ekki staðar numið við að eiga brúðkaupsbjór landsmanna. „Við verðum bara með allar hátíðir,“ segir hann. - sun

FRÁBÆR ÁRANGUR Heimir Hermannsson er að vonum ánægður með viðtökur við Gullfossi en fyrsta bruggun hans er nú uppseld.



INNANHÚSSTÍLISTANÁM

Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:

- Lita- og línufræði
- Tónalgreining
- Vaxtarbygging
- Heitt og kalt rými
- Stórt og lítið rými
- Uppröðun hluta
- Hönnun á:
- Baðherbergi
- Svefnherbergi
- Barnaherbergi
- Eldhúsi
- Garðhýsi
- Stofu
- Og margt fleira.



The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir hönnun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða. Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
Stilisti



Helga Sigurbjarnadóttir
Innanhúsarkitekt



Þorsteinn Haraldsson
Byggingafræðingur

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 562-3220

INNÞRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

5125050

Auglýsingasími

Kristján dregur að

„Miðasalan er farin af stað á netinu og gengur mjög vel,“ segir Stefán Baldursson óperustjóri um verkin Cavalleria Rusticana og Pagliacci sem verða sýnd í Íslensku óperunni í haust með Kristján Jóhannsson og Jóhann Friðgeir Valdimarsson í aðalhlutverkum. Þetta verður í fyrsta sinn sem Kristján stígur á svið í Íslensku óperunni, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. „Við erum búin að selja nokkur hundruð miða á einhverjum fjórum til fimm dögum. Þetta fer mjög vel af stað af því að við höfum í rauninni ekki auglýst þetta mikið,“ segir Stefán og bætir því við að æfingar hafi gengið mjög vel.

Kristján og Jóhann Friðgeir munu skipta með sér hlutverkum Canio og Turridu í sýningunum, sem verða átta talsins. Almenn miðasala hefst næstkomandi laugardag og verður hægt að kaupa miða fram að frumsýningardeginum, 19. september. - fb



MÆTTUR Í ÓPERUNA Kristján Jóhannsson fyrir utan Íslensku óperuna þar sem hann kemur fram í fyrsta skipti 19. september. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brangelina heldur partí í Frakklandi

Angelina Jolie og Brad Pitt eru sögð ólm í að falla inn í hópinn í Brignol, Frakklandi, þar sem þau keyptu kastala nýlega. Stjörnuþarið og barnahópur þeirra býr

nálægt Johnny Depp og konu hans, Vanessa Paradis, en þau eiga sína eigin vínekru norðan við St. Tropez. Heimildarmaður Daily Express sagði þau vilja festa rætur í þorpinu og verða eins og heimamenn. Þau vilji vera eins og Johnny og Vanessa og lifa rólyndislífi.

Til þess að falla inn í hópinn hafa þau ákveðið að halda risapartí fyrir nágranna sína. Á bæjarstjórninni að hafa hvatt þau til þess, þar sem það sé hefð fyrir því að aðkomufólk haldi kokteílboð fyrir alla sem búa í þorpinu. Það verður þó seint sagt að parið sé hefðbundnir nágrannar og má jafnvel ætla að bæjarstjórnin sé örilitill tækifærissinni.



VILJA FALLA INN Brad og Angelina bjóða heim til að ganga í augun á nágrönnunum. NORDICPHOTOS/GETTY



Kurt Cobain þoldi ekki Axl Rose

Kurt Cobain þoldi ekki Axl Rose, söngvara Guns ‘n’ Roses. Hatrið milli söngv-aranna smitaðist til eigin-kvenna þeirra.

Hinn sálugi söngvari Nirvana, Kurt Cobain, og Axl Rose, söngvari Guns ‘n’ Roses, hötuðu hvor annan og gátu ekki verið í sama herbergi. Þetta kemur fram í nýrri bók eftir Danny Goldberg, sem hefur starfað lengi í tónlistarbransanum og var meðal annars varaforstjóri útgáfu-fyrirtækisins Swan Song Records sem var í eigu Led Zeppelin.

Bókin, sem nefnist Bumping Into Geniuses kemur í búið í septemb-er og biða hennar margir með mik-illi eftirvæntingu.

Að sögn Goldberg reyndi Rose að hitta Cobain eftir tónleika Nir-vana en Cobain lét sig hverfa í tæka tíð. „Rose var þessi karl-mennskulega rokkhetja sem Kurt þoldi ekki,“ sagði hann.

Hatrið á milli söngvaranna tveggja smitaðist til eigin-kvenna þeirra, Courtney Love og Stephanie Seymour. Eftir að þær höfðu eitt sinn rifist heiftarlega sagði Rose



NIRVANA Fyrrum forsprakki Nirvana hafði ekki mikið álit á Axl Rose, söngv-ara Guns’n Roses.

við Cobain að hann ætti að þagga niður í Love, annars myndi hann slá hana í rot.

Goldberg, sem segist hafa orðið vitni að atburðunum sem hann lýsir, bætir við að Nirvana hafi hafnað boði um að fara í tónleika-ferð með Metallica og Guns ‘n’ Roses vegna hatus Cobains á Rose.

Töfrandi augnablik

Kvikmyndin Skrapp út fær góða dóma á heima-síðu hins virta banda-ríska kvikmyndatíma-rits Variety. „Þetta er hæglát og sniðug gam-anmynd um hassreykj-andi íslenskt ljóðskáld, skrítna vini hennar og fjölskyldu. Skrapp út er lítill og skemmtileg mynd sem er uppfyll af töfrandi augnablik-um,“ segir í umfjöllun tímaritsins. „Leikstjór-inn Sólveig Anspach sýnir með-fædda hæfileika fyrir hversdags-legu gríni og myndin gæti hitt í mark hjá almenningi fái hún góða dreifingu og gott umtal.“



SKRAPP ÚT Kvikmyndin Skrapp út fær góða dóma hjá bandaríska kvikmyndatíma-ritinu Variety.

Skrapp út hefur fengið mjög jákvæð viðbrögð síðan hún kom út fyrr í mánuð-inum. Auk góðra dóma hérlandis fékk hún á dögnum Variety Piazza Grande-verð-launin á kvikmynda-hátíðinni í Locarno í Sviss. Framleiðslu-fyrirtæki leikarans Brads Pitt hefur einn-ig lýst yfir áhuga á að gera bandaríska útgáfu af myndinni. Samkvæmt Variety hefur Sólveig Anspach í hyggju að gera tvær framhalds-myndir af Skrapp út sem kæmu í bíó eftir nokkur ár.

Beckham-hjón í bílslysi

Victoria og David Beckham lentu í bílslysi þegar þau voru á leið á flugvöllinn í Nice í Frakklandi. Hjónin eiga þar sumarhús og var David á leið til Peking þar sem hann átti að taka við ólympíu-kyndlinum fyrir hönd Englands, sem heldur næstu leika. David var undir stýri og virðist hafa misst stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann keyrði á vegg.

Hvorugt sakaði en bíllinn skemmdist töluvert. David varð þó að skilja spúsu sína eina eftir til að ganga frá tryggingunum því hann var orðinn of seinn í flugið til Peking.



Afbökun á Star Wars

Jedi-riddararnir Anakin Skywalker og Obi-Wan Kenobi eru mættir aftur eftir atburði Star Wars: Episode II - Attack of the Clones, nú þegar Jedi-reglan stendur í svo-nefndu Klónastríði við hina illu aðskilnaðarsinna. Baráttan gengur nú út á son glæpaormsins Jabba the Hut sem hefur verið rænt, en þeir sem skila honum til baka geta náð yfirhöndinni í stríðinu.

Star Wars: The Clone Wars er meira langur sjónvarpsþáttur en kvikmynd, enda mun myndin hefja Clone Wars-krakkateiknimynda-þættina sem verða sýndir bráðlega í Bandaríkjunum. Sé horft á hana þannig stendur hún kannski ágæt-lega fyrir sínu, en því miður varla sem viðburður í kvikmyndahúsi. Hún stendur hinum Star Wars-myndunum að sjálfsögðu langt að baki, jafnvel því versta úr nýja þrí-leiknum, sem gat verið ansi leiði-gjarn. Gallar Episode I-III eru komnir aftur í Clone Wars og nú í nýjum hæðum; samtölin eru ein-feldningsleg og bardagarnir ein-hæfir og lausir við alla spennu. Söguþráðurinn er vita ómerkileg stríðssápa og þótt tölvuteikningin gæti komi vel út í sjónvarpi, er henni mjög ábótavant fyrir kvik-mynd.

Í hlutverkum Anakins, hins væntanlega Svarthöfða, og lærif-öður hans, Obi-Wan Kenobi, eru komin nýir leikarar, en þrír nafn-togaðir leikarar snúa þó aftur frá



KVIKMYNDIR
Star Wars: The Clone Wars
Leikstjóri: Dave Filoni

★★

Barnaleg afbökun á upprunalegu sköpunarverki George Lucas sem stendur jafnvel því versta úr Star Wars-myndunum langt að baki.

kvikmyndunum: Samuel L. Jackson, Christopher Lee sem illmenn-ið og Anthony Daniels sem C-3PO. Af karakterum myndarinnar koma tveir nýir til sögunnar; ungur og nokkuð óþolandi lærlingur Anak-ins og furðulega litskrúðugur frændi Jabba the Hut.

Clone Wars heldur því áfram afbökun George Lucas á sínu upp-runalega sköpunarverki og það má segja að Star Wars hafi aldrei lagst svona lágt í bíó. Star Wars er orðið barnalegra en nokkurn tímann áður og það er ekki að sjá að eldri áhorfendur muni finna neitt sér til geðs í Clone Wars.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

Langar þig til að syngja í karlakór sem hefur mikinn metnað?

Þá er hér tækifæri sem þú ættir að hugleiða.



Karlakórinn Fóstbræður vill bæta við sig söngmönnum í allar raddir fyrir næsta starfsár (2008-2009) sem hefst 1. september nk. Þú þarft að hafa góða söngrödd og tónheyrn. Byrjendur fá þjálfun í raddbeitingu, samhljómi og að lesa/stýðjast við nótur. Nánari upplýsingar veitir formaður Fóstbræðra Smári S. Sigurðsson í síma 8633247, netfang nsn@internet.is

Fóstbræður er ein elsta tónlistarstofnun landsins og hefur starfað óslitið í hart nær hundrað ár. Kórinn hefur frá upphafi flutt metnaðarfull verkefni og sem dæmi komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í viðamiklum verkefnum. Fóstbræður hafa frumflutt ýmis stærri verk fyrir karlakóra og líka slegið á léttu strengi t.d. sungið með Stuðmönnum og á sínum tíma voru 14 Fóstbræður mjög vinsælir. Fóstbræður hafa unnið til verðlauna í erlendum söngkeppnum og síðast hlaut kórinn gullverðlaun á tónlistarhátíð Musica Sacra í Pag. Í júlí sl. sungu Fóstbræður á sumarlíkahátíð í Vilnius með hinni þekktu Christophers Chamber Orchestra við góðar undirtektir. Kórinn fer reglulega í söngferðir innanlands sem utan.



KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR
STOFNAÐUR 1916



KOSTAR EKKI NEMA NEITT

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is



Nýtt í bíó



THE ROCKER



WALL-E



GET SMART



WALL-E

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075

- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE ROCKER	kl. 4, 6, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 4, 6, 8 og 10.15	L
WALL-E - ISLENSKT TAL	kl. 4 og 6	L

SAMBÍÓINN



CLONE WARS



GET SMART



THE DARK KNIGHT

Saga George Lucas heldur áfram

Ekki missa af skemmtilegustu gamanmynd sumarsins

STJERSTA OPNUN Á ÍSLANDI FYRR OG SÍÐAR

Upplifðu Star Wars eins og þú hefur aldrei gert áður

Steve Carroll fer hamförun í frábærri gamanmynd sem fór beint á toppinn í USA

Yfir 65.000 manns

ÁLFABAKKA

STAR WARS	kl. 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20	L
GET SMART	kl. 5:50 - 8D - 10:20D	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8	VIP
WALL-E m/isl. tali	kl. 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50 - 8	L
KUNG FU PANDA m/isl. tali	kl. 3:40	L

SELFÖSS

STAR WARS	kl. 5:40 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
MAMMA MÍA	kl. 5:40 síð. sýn.	L
DECEPTION	kl. 10:20	14

AKUREYRI

STAR WARS	kl. 6 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L
WALL-E. m/isl. tali	kl. 6	L
THE MUMMY 3	kl. 10:20	12

KEFLAVÍK

STAR WARS	kl. 5:45 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	L
WALL-E m/isl. tali	kl. 5:45	L
THE BANK JOB	kl 10:10	16

KRINGLUNNI

GET SMART	kl. 8D - 10:20D	L
STAR WARS	kl. 6:20D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30 sýnd í sal 1 vegna eltilisþunna	12
WALL-E m/isl. tali	kl. 5:50D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L

NÝTT Í BÍÓ!




THE ROCKER



X-FILES



SKRAPP ÚT



WALL-E



MAMMA MIA

TIL AÐ FINNA SANNLEIKANN VERÐUR ÞÚ AÐ TRÚA!

MULDER OG SCULLY ERU MÆTT AFTUR Í FRÁBÆRRI SPENNUMYND Í ANDA ÞÁTTANNA.

THE X-FILES

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE ROCKER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	7
X-FILES	kl. 8 - 10:20	16
SKRAPP ÚT	kl. 3:30 - 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 4 - 6	12
WALL-E ISL. TAL	kl. 3:30D - 5:45D	L
MAMMA MIA	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	L
THE MUMMY 3	kl. 3:30D	12

REGNBÖGINN Sími 551 9000

650 kr.

SUMARTILBOÐ

X-FILES	kl. 5:40 - 8 - 10:20	16
LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919

THE ROCKER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L

BORGARLEIKHÚSIÐ Sími 462 3500

X-FILES	kl. 6 - 8 - 10:10	16
MAMMA MIA	kl. 6 - 8 - 10:10	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN A

5% 5% 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN A

5% 5% 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI

AUKAKRÖNUR

Sean Connery gefur út ævisögu

Leikarinn Sean Connery hefur gefið út sjálfsævisögu sína sem ber heitið Being a Scot. Kynnti hann bókina á bókaráðstefnu í Edinborg fyrir skömmu.

Bókin segir meðal annars frá því er Connery starfaði ungur að árum sem mjólkursendill í Fountainbridge í Edinborg. „Hún segir frá því hvað frægasta fyrrum mjólkursendli Fountainbridge finnst um ýmsar hliðar skoskrar menningar og þjóðlífs í landinu, þar á meðal íþróttir, arkitektúr og skoskar bókmenntir,“ sagði Catherine Lockerbie, stjórnandi ráðstefnunnar.

Connery, sem hefur alla ævi stutt sjálfstæðisbaráttu Skota, er orðinn 78 ára. Hann býr á Bahamaeyjum og ætlar ekki að flytja aftur til heimalandsins nema það öðlist sjálfstæði frá Bretlandi.

SEAN CONNERY Leikarinn Sean Connery hefur gefið út sjálfsævisögu sína sem nefnist Being a Scot.

Connery á sex áratuga leikarferil að baki. Hann sló í gegn sem James Bond en hefur einnig leikið í myndum á borð við Indiana Jones and the Last Crusade, The Hunt For Red October og The Untouchables.

Rokkarar heiðraðir

Rokkararnir í Metallica og Rage Against the Machine voru hylltir sem hetjur á hinni árlegu verðlaunahátíð tímaritsins Kerrang! í London.

Metallica fékk verðlaun fyrir að hafa veitt öðrum rokk-sveitum innblástur á meðan Rage voru vígðir inn í frægðarhöll tímaritsins.

Bandaríska hljómsveitin 30 Seconds to Mars, með leikarann Jared Leto í farabroddi, var sú eina sem fékk tvenn verðlaun á hátíðinni, eða fyrir bestu smáskífuna og sem besta erlenda sveitin.

Rokkararnir Bullet for my Valentine frá Wales voru kjörnir besta breska hljómsveitin.

JAMES HETFIELD Söngvari Metallica.

Órafmögnuð tónlistarhátíð

Svavar Knútur Kristinsson skipuleggur órafmagnaða tónlistarhátíð um helgina.

Áhugasamtökin Undercover Music Lovers ætla að halda órafmagnaða tónlistarhátíð á nýopnuðum Café Rósenberg á laugardag og sunnudag. Á tónlistarhátíðinni verða átján atriði frá fimm löndum. Á meðal listamanna sem koma fram eru Toben Stock frá Þýskalandi, Owls of the Swamp frá Ástralíu, Kid Decker frá Bretlandi, Svavar Knútur, Helgi Valur, Bergþór Smári, Mike Pollock og Steini í Hjálmu.

„Það er rosalega mikilvægt að eiga áhugasamtök sem eru að einbeita sér að því að efla samfélag tónlistarmanna, ekki bara hagsmunatengsl heldur tengsl vináttu og samstarfs á tónlistarsviðinu,“ segir Svavar Knútur, sem skipuleggur hátíðina. Að sögn Svavars eru nokkur hundruð manns meðlimir í Undercover Music Lovers, þar af yfir áttatíu hérlandis. „Við erum að vinna þetta út frá hug-

SVAVAR KNÚTUR Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur skipuleggur tónlistarhátíðina sem verður haldin á Rósenberg um helgina.

mynd um félagsauð. Við reynum að brúa bilin á milli ólíkra hópa og þjóða og byggja líka upp traustíð og samböndin innanlands.“

Undercover Music Lovers eru systrasamtök Hins alþjóðlega trúbadorasamsæris, sem stóð fyrir á þessu ári fyrir Ólympíu-

leikum trúbadora, þar sem fjórir trúbadorar frá þrem löndum ferðuðust um Ísland, Þýskaland og Holland og léku tónlist sína saman.

Frítt er inn á tónleikana um helgina, sem standa yfir frá klukkan 16 til 23 báða dagana.

freyr@frettabladid.is

FLO Á SKINNI

Miðarnir á Flóna rjúka út

Tryggðu þér miða áður en allt selst upp!

Fös. 05/09	kl 20.00	UPPSELT	Fim. 18/09	kl 20.00	UPPSELT
Lau. 06/09	kl 19.00	UPPSELT	Fös. 19/09	kl 19.00	UPPSELT
Sun. 07/09	kl 20.00	UPPSELT	Lau. 20/09	kl 19.00	UPPSELT
Þri. 09/09	kl 20.00	UPPSELT	Lau. 20/09	kl 22.30	ÖRFÁ S/ÆTI
Mið. 10/09	kl 20.00	UPPSELT	Fim. 25/09	kl 20.00	ÖRFÁ S/ÆTI
Fös. 12/09	kl 19.00	UPPSELT	Fös. 26/09	kl 19.00	ÖRFÁ S/ÆTI
Lau. 13/09	kl 19.00	UPPSELT	Lau. 27/09	kl 20.00	ÖRFÁ S/ÆTI
Sun. 14/09	kl 20.00	ÖRFÁ S/ÆTI			



Gríman: Áhorfendasýning ársins

Synt í Borgarleikhúsinu í samstarfi við:



LEIKFÉLAG AKUREYRAR



Orkuveita Reykjavíkur

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið



Niður við höfnina er Privateer's Wharf, Sjóráningjabryggjan, þar sem er fjörukt og litríkt mannlíf.

Halifax: *Góðir dagar í góðra vina hópi*

Halifax er hæfilega stór fyrir nokkurra daga heimsókn og þægilegur áningarstaður fyrir þá sem vilja gera sér glaðan dag og kynnast vingjarnlegu fólki án þess að vera beinlínis í miðju alheimsins. Borgarstaðið er fallett kringum höfnina, bærinn sjálfur aðlaðandi og út með ströndinni til suðurs og norðurs eru hlýlegir fiskimannabæir sem gaman er að heimsækja í dagsferð, t.d. Peggy's Cove, Mahone Bay og Lunenburg.

Bretar settu Halifax á stofn og

reistu virki efst á bröttum hálsinum norðan megin við hina frábæru höfn frá náttúrunnar hendi. Borgarvirkið trónir enn þarna uppi og er einn af fjölsóttustu sögustöðum í Kanada. Vel þess virði að gera sér ferð inn fyrir múrana og skoða sig um.

Sjávarmegin við Borgarvirkið tekur brekkan við, allbrött niður að höfninni, þægileg til gangs niðrávið en sigur eilífið í að þramma þarna upp göturnar. Það léttir þó lífið að á þessum slóðum eru kaffihús og krár í tugatali svo að er tilvalið

að taka brekkuna í áföngum.

Niður við höfnina er Privateer's Wharf, Sjóráningjabryggjan, þar sem er fjörukt og litríkt mannlíf á kaffihúsum, krám og veitingastöðum frá morgni og langt fram á nótt. Þarna voru pakkhús og verbúðir hér áður fyrr en hefur allt verið gert upp og endurnýjað af miklum myndarskap og smekkvísi (Historic Properties) og þrátt fyrir nafnið er ekkert að óttast. Allir eru að skemmta sér og njóta lífsins.

Halifax á sér býsna atburðaríka

nemaættum og þessar rætur hafa m.a. skilað sér í ást þeirra á að slá og strjúka strengi og syngja vísur um lífið og tilveruna á meðan vertinn fyllir hverja ölkolluna af annarri.

Halifax

Fargjald aðra leið frá
23.600 kr.

Flug og gisting í 2 nætur
 í Halifax frá **59.800 kr.**

Á mann í tvíbýli á Delta
 Barrington Hotel * * * * í Halifax
Innifalið: Flug báðar leiðir,
 flugvallarskattar og gisting.



Toronto: *Fleira er líf en bíó*

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Toronto kemur á eftir kvikmyndahátíðinni í Cannes að virðingu og vinsældum. Árvisst, nánar tiltekið í september, streymir þangað litríkt fólk, alls staðar að úr frægðarheiminum til að fylgja eftir nýjustu meistarastykkjum kvikmyndanna.

En Toronto hefur upp á fleira að bjóða en árvisst kvikmyndaæði. Hún þykir lifleg borg og mundu vísast sumir rekja það til þess hve fjölbjóðleg og litrík hún er. Fáir staðir eru hressilegri en Kensington Market, frægasti markaður borgarinnar, þar sem manni virðist kippt aftur í tímann í retró-hippastemningu.

Vilji menn áfram hafa á tilfinningunni að þeir hafi horfið aftur í tímann þá er vit í að skoða Distilley District, gamalt verksmíðjuhverfi með steinlögðum götum, listalífi, galleríum, smábúðum, veiti ngastöðum og fleira.

Bókabúðin Type í Queen Street

er rómuð fyrir gæði og góða staðsetningu en reyndar býður Drottningastræti í Toronto gestum og gangandi upp á verulega fjölbreytt götulíf, list, verslun og veitingastaði.

Af þessari stuttu upptalningu er ljóst að Toronto hefur upp á fleira en filmurúllur að bjóða og er verðug þess að heimsækja oftar en einu sinni.

Toronto

Fargjald aðra leið frá
25.400 kr.

Flug og gisting í 2 nætur
 í Toronto frá **64.900 kr.**

Á mann í tvíbýli á Holiday Inn
 on King* * * * í Toronto
Innifalið: Flug báðar leiðir,
 flugvallarskattar og gisting.



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Frá kr. 25.400

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

Toronto er heimsborg. Þannig að þú skalt pakka eins og þú sért að fara til New York.

Safnaðu Vildarpunktum

Punkturnir upp í
 Ferðaávisun gildir

[WWW.ICELANDAIR.IS](http://www.icelandair.is)

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.

> **Atvik umferðarinnar**

Jöfnunarmörkin tvö í uppbótartíma sem settu svip sinn á toppbaráttuna. Davíð Pór Viðarsson tryggði FH eitt stig gegn Fjölni og Keflvíkingar misstu unninn leik niður í jafntefli með sjálfsmarki Kenneths Gustafssonar.

> **Ummæli umferðarinnar**

„Fyrst við töpum þessum leik á heimavelli gegn HK þá eigum við einfaldlega ekki skilið að vera í þessari deild. Við þurfum á kraftaverki að halda,“ sagði vonsvikinn Arnar Gunnlaugsson, spilandi þjálfari botnliðs ÍA, eftir slæmt tap gegn HK á Skaganum.

sport
sport@frettabladid.is

**17. UMFERÐ LANDSBANKAEILDAR KARLA: SKAGAMENN SVO GOTT SEM FALLNIR**

Valsmenn ekki sagt sitt síðasta

Topplið Keflavíkur var talsvert frá sínu besta þegar það gerði jafntefli, 2-2, gegn KR en hefði með smá heppni getað tekið öll stigin.

FH náði ekki að nýta sér mistök Keflavíkur og var í raun heppið að ná 3-3 jafntefli gegn Fjölni eftir að Fjölnir hafði leitt leikinn 3-0.

Íslandsmeistarar Vals náðu hins vegar að setja meiri pressu á toppliðin með 0-2 sigri gegn Blikum sem höfðu ekki tapað leik í rúma tvo mánuði.

Fram hélt áfram að vinna sig upp stigatöfluna með því að leggja Grindavík að velli 0-2 og er sem fyrr með besta varnarlið deildarinnar en liðið hefur aðeins fengið á sig fjórtán mörk í sautján leikjum.

Það var fátt um fína drætti hjá Þrótti og Fylki sem skildu jöfn, 0-0, en bæði lið geta svo sem verið sátt með mikilvægt stig í botnbaráttunni.

Það var sannkallaður fallslagur þegar ÍA og HK mættust upp á Skaga þar sem gestirnir hirtu öll stigin með 1-2 sigri. HK-ingar unnu þar með sinn annan leik í röð og eygja enn von um að halda sér í deildinni. Staðan hjá ÍA er hins vegar orðin svört og fátt sem virðist geta komið í veg fyrir fallið.

**TÖLURNAR TALA**

Flest skot: 20, KR

Flest skot á mark: 10, KR

Fæst skot: 8, Breiðablik

Hæsta með.ein.: 6,5 Fjölnir

Lægsta meðaleink.: 4,7 Grindav.

Grófasta liðið: 19 brot, ÍA

Prúðasta liðið: 7 brot, Fram

Flestir áhorf.: KR-Keflavík, 1.873

Fæstir áhorf.: Grindav.-Fram, 560

Áhorfendur alls: 5.717

> **Besti dómariinn:** Kristinn

Jakobsson fékk hæstu einkun

Fréttablaðsins fyrir 17. umferð

Landsbankadeildarinnar eða 8.

Kristinn dómari leik Breiðabliks

og Vals á Kópavogsvelli og leysti

verkefnið með sóma.

Enginn hefur efni á að afskrífa Val

Valsarinn Sigurbjörn Hreiðarsson fór fyrir sínum mönnum í 0-2 sigri gegn Breiðabliki á Kópavogsvelli þar sem hann lagði upp fyrra markið og skoraði sjálfur það seinna og er fyrir vikið leikmaður 17. umferðar Landsbankadeildarinnar hjá Fréttablaðinu. Sigurbjörn telur Val enn geta náð markmiðum sínum í sumar.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals settu enn meiri spennu í toppbaráttuna með útisigri sínum gegn Breiðabliki á meðan Keflavík og FH töpuðu stigum gegn KR og Fjölni. Allt virðist því stefna í gríðarlega spennandi þriggja hesta kapphlaup um Íslandsmeistaratitilinn þegar aðeins fimm umferðir eru til stefnu.

„Leikurinn gegn Breiðabliki var með þeim betri hjá okkur í sumar og það var í raun og veru ekkert um annað að ræða en að mæta tilbúnir í þann leik eftir vonbrigðin á móti HK í leiknum þar á undan. Tapið á móti HK var því ekkert rothögg heldur bara hægri stunga sem sló okkur ekki út af laginu og fékk okkur ekki til þess að missa sjónar á markmiðum okkar í sumar,“ segir Sigurbjörn.

Miklar hræringar

Valsmenn misstu tvo lykilmennt á miðju sumri þegar Pálmi Rafn Pálmason og Birkir Már Sævarsson voru seldir til Noregs og það varð vissulega skarð fyrir skildi en aðrir leikmenn eru búnir að standa upp í staðinn og Val hefur varla fatast flugið síðan þá.

ENN ER VON Sigurbjörn segir að ómögulegt sé að segja til um hverjir verði Íslandsmeistarar en Valur sé þar vissulega með í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HÖRD BARÁTTA FRAM UNÐAN Sigurbjörn og félagar í Val hafa ekki sagt sitt síðasta í toppbaráttu Landsbankadeildarinnar. Hér er Sigurbjörn í leik gegn toppliði Keflavíkur fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Við vissum það svo sem fyrir tímaþilið að leikmannahópurinn væri gríðarlega sterkur og að við ættum í raun tvo álíka góða leikmenn í hverri stöðu. Það má því kannski segja að þrátt fyrir að við misstum Pálma og Birki, sem eru báðir landsliðsmenn,

vorum við vel búnir undir það vegna sterkrar breiddar á leikmannahópnum og vorum líklega eitt af fáum liðum í deildinni sem myndu þola svona hræringar. Við höfum svo verið að undirstrika þessa breidd á undanförunum vikum og mánuðum,“ segir Sigurbjörn.

Lítið í umræðunni

Valsmenn byrjuðu tímaþilið illa og töpuðu fjórum af fyrstu átta leikjum sínum í deildinni en töp-

uðu svo ekki leik í deildinni í tæpa tvo mánuði og unnu sig hægt og rólega upp stigatöfluna.

„Það hefur lítið verið talað um okkur í sumar og menn voru í raun búnir að afskrífa Val eftir slaka byrjun liðsins í upphafi móts. En við gáfumst aldrei upp og náðum svona hljóðlátu skriði og staðan í deildinni í dag sýnir bara að það hefur enginn efni á að afskrífa Val, né önnur lið í deildinni ef því er að skipta,“ segir Sigurbjörn.

Mikið eftir af mótinu

„Það er fullt eftir af mótinu og mikið af innbyrðisviðureignum í topphluta deildarinnar sem geta farið á alla veg og þetta verður ekki búíð fyrr en eftir loka-umferðina. Ég er sannfærður um að við Valsmenn getum enn náð markmiðum okkar fyrir sumarið en það eru gríðarlega spennandi og erfiðir leikir fram undan,“ segir Sigurbjörn.

Valsmenn eiga botnlið ÍA í næsta leik en Hlíðarendapiltum hefur gengið illa gegn liðunum í fallsættunum í sumar og tapað báðum leikjum sínum gegn HK og einungis náð jafntefli gegn ÍA.

„Við þurfum auðvitað að vera tilbúnir í alla þá leiki sem við förum í því annars tapar maður, svo einfalt er það. Tapleikirnir á móti HK voru bara þannig að þeir voru að spila frábæran fótbolta og náðu toppleikjum á móti okkur, sama þótt staða þeirra í deildinni væri ekki góð. Þetta sýnir auðvitað að hversu jöfn deildin er orðin; þó svo að það vanti stöðugleika hjá sumum liðum geta allir unnið alla.“

omar@frettabladid.is



MARKAHRÓKUR Fletcher fagnar hér marki sínu gegn Portsmouth í gærkvöld en hann hefur skorað bæði mörk United á tímabilinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Man. Utd lagði Portsmouth

FÓTBOLTI Mark Darrens Fletcher nægði Englandsmeisturum Manchester United til sigurs gegn Portsmouth á Fratton Park í gærkvöld.

Jafnræði var með liðunum framan af leik. United var þó mun meira með boltann og verðskuldaði forystuna sem liðið náði eftir rúmlega hálf tíma leik. Fletcher skoraði þá af stuttu færi eftir góðan undirbúning þeirra Carlosar Tevez og Patrice Evra.

United tók svo öll völd á vellinum í síðari hálfleik og þrátt fyrir að liðinu tækist ekki að bæta við marki þá var Portsmouth aldrei líklegt til þess að jafna og niðurstaðan því 0-1.

Hermann Hreiðarsson var í leikmannahópi Portsmouth en kom ekki við sögu í leiknum. - óþ

Landsbankadeild kvenna:

Umferð í kvöld

FÓTBOLTI Heil umferð fer fram í Landsbankadeild kvenna í kvöld kl. 18.00 þar sem leikur Íslandsmeistarar Vals og Breiðabliks á Vodafone-vellinum ber hæst.

Topplið Vals tapaði sínum fyrsta deildarleik í rúm tvö ár í síðustu umferð gegn KR en Breiðablik hefur nú unnið átta leiki í röð í deildinni eða síðan liðið tapaði 1-2 gegn Val á Kópavogsvelli um miðjan júní.

KR, sem er þremur stigum á eftir Val, heimsækir HK/Víking, Fjölnir mætir Keflavík, Stjarnan mætir Fylki og Afturelding ferðast til Akureyrar og mætir Þór/KA.

- óþ

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

553 5600

rafsol@rafsol.is



RAFSÓL

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Mikill hugur er í kvennalandsliði Íslands í körfubolta fyrir B-deild Evrópukeppninnar sem hefst á morgun:

Hópurinn búinn að æfa vel í allt sumar

KÖRFUBOLTI A-landslið kvenna í körfubolta hefur leik í B-deild Evrópukeppninnar á morgun þegar liðið mætir Sviss að Ásvöllum. Undirbúningur íslenska liðsins hefur sjaldan eða aldrei verið betri og því er mikil tilhlökkun innan hópsins að takast á við komandi verkefni.

„Landsliðshópurinn er búinn að vera að æfa vel í allt sumar fyrir Evrópukeppnina. Stjórn KKÍ, kvennalandsliðsnefnd, stelpurnar sjálfar og þjálfararnir hafa lagt mikið á sig og sameinast um að gera hlutina eins og best verður á kosið í undirbúningi liðsins og það skilar sér vonandi inni á vellinum,“ segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari liðsins.

Íslenska liðið leikur í riðli með Sviss, Hollandi, Slóveníu, Írlandi og Svartfjallalandi og segja má að fyrri umferð fari fram nú í haust og seinni umferð haustið 2009. Ágúst hefur ákveðin markmið í huga upp á framhaldið að gera.

„Ég skrifaði undir fjögurra ára samning við KKÍ á sínum tíma og setti mér þau markmið að ná að byggja upp lið á þessum fjórum árum og ég hef því reynt að hafa leikmannahópinn stóran til þess að auka samkeppni innan



HRESS Það var létt yfir þjálfaranum Ágústi Björgvinssyni og fyrirliðanum Signýju Hermannsdóttir á kynningarfundum kvennalandsliðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

liðsins. Liðið er frekar reynslulítið en lék fyrir skömmu á Norðurlandamóti og fékk þá kjörð tækifæri til þess að slípa sig saman og ég var

í raun og veru mjög ánægður með allt í sambandi við það mót, að úrslitunum undanskildum. Það er alls ekki auðvelt að fara í gegnum mót án þess að vinna en ég sá það að andinn í hópunum er sterkur og stelpurnar gáfust ekkert upp og horfa bara fram á veginn. Evrópukeppnin er náttúrulega tveggja ára dæmi og okkar markmið fyrir fyrra árið er í raun að koma okkur í þá stöðu að við eigum möguleika á því að vinna okkur upp um deild haustið 2009,“ segir Ágúst.


Signý Hermannsdóttir, fyrirliði liðsins, er spennt fyrir leikinn gegn Sviss.

„Það er mikil samstaða og góður mórall innan hópsins og við erum allar búnar að leggja mikið á okkur í sumar og vonandi skilar það sér. Ég hef aldrei spilað við Svisslend- inga og við vitum í raun og veru ekki mikið um þær, en það verður spennandi að sjá hvernig þær mæta til leiks. Við stefnum alla vega á sigur og ekkert annað,“ segir Signý ákveðin.

Stuðningur áhorfenda er mikilvægur og fólk er því hvatt til þess að fjölmenna á leikinn og styðja stelpurnar, en leikurinn fer sem segir fram að Ásvöllum og hefst kl. 19.15 á morgun miðvikudag. - óþ

KEMUR Í VERSLANIR 28. ÁGÚST

GLÆNÝR **SIMS 2 AUKAÐÍSKUR** ÞAR SEM SIMSARNIR
GETA FENGIÐ SÉR SÍNA EIGNA ÍBÚÐ!



SENDU SMS **BTC SMS**
Á NÚMERIÐ **1900!**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU SIMS TÖLVULEIKIR,
DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI, TÖLVULEIKIR,
DVD... OG MARGT FLEIRA!

12
HVER VINNUR!

> Michael Rosenbaum

„Það þarf meira en dugnað ef maður ætlar að halda starfi í sjónvarpsþætti. Maður verður að njóta virðingar frá samleikurum og eiga tryggja aðdáendur.“ Rosenbaum leikur Lex Luthor í þættinum Smallville sem sýndur er á Stöð 2 extra í kvöld.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SÓLMUNDUR HÓLM** SÉR AÐ SÉR

RÚV best eftir að börnin eru sofnuð



SLÚÐUR Courtney Cox stendur sig vel sem grimmi ritstjórninn.

á hann. Þar fer Courtney Cox á kostum sem grimmur ritstjóri glanstímarits og er bara nokkuð trúverðug í því hlutverki. Ég held að þetta sé eina skiptið sem einhver úr Friends-krúinu gerir góða hluti í öðrum þætti. Slíkt hefur því miður ekki verið upp á teningnum hjá hinum aðilunum.

Þriðji þátturinn sem höfðar til mín heitir Sex hlekkir. Ég er eiginlega ekki alveg búinn að átta mig á því um hvað hann er, alla vega tengjast allir á einhvern hátt og það er spennandi.

Þetta fyrirkomulag RÚV að sýna þessa góðu þætti eftir tíu hentar einstaklega vel fyrir fjölskyldufólk þar sem börnin eru yfirleitt sofnuð á þeim tíma. Ég vil því bjóðast afsökunar á að hafa dæmt alla þætti á RÚV fyrirfram, án þess að horfa á þá lengur en þrjár mínútur.

Ekki missa af



► 18.25 Feðgar í eldhúsinu

SIJONVARPIÐ



► 18.40 Coventry - Newcastle beint

STÖÐ 2 SPORT




► 20.00 Seinfeld

STÖÐ 2 EXTRA



► 20.20 Two and a Half Men

STÖÐ 2



► 20.35 Style Her Famous,

LOKAPÁTTUR SKJÁR EINN

SIJONVARPIÐ

16.05 Sportið (e)

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Púkka (18:26)

18.00 Arthúr (131:135)

► 18.25 Feðgar í eldhúsinu (Harry med far í køkkenet) (3:6) Dönsk þáttaröð um sjö ára strák, Harry Kyster, sem er mikill sækleri og liðtækur kokkur og eldar hér gömsæta rétti með pabba sínum.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.00 Everwood (10:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.

20.45 Heilabrot (Hjarnstorm) (6:8) Í þessum sænsku þáttum eru teknir fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt, ákvarðanataka og líkamstjáning.

21.15 19. öldin á röngunni (1800-tallet på vrangen) (6:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni.

22.00 Tíufréttir

22.25 Illt blóð (Wire in the Blood IV) (3:4) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamáli.

23.55 Kastljós (e)

00.15 Dagskrárlok

BIÓ

08.00 Zathura: A Space Adventure

10.00 Because of Winn-Dixie

12.00 The Sound of Music

14.50 Fun With Dick and Jane

16.20 Zathura: A Space Adventure

18.00 Because of Winn-Dixie

20.00 The Sound of Music Nunnan María ræðst sem barnfóstra hjá von Trapp fjölskyldunni í Austurríki árið 1938. Á heimilinu eru sjö börn svo María hefur í nógu að snúast.

22.50 Ice Harvest

00.15 U.S. Seals 3. Frogmen

02.00 The Dreamers

04.00 Ice Harvest

06.00 Meet the Fockers

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar

08.15 Oprah

08.55 Í fínu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 La Fea Más Bella (134:300)

10.15 Sisters (18:24)

11.20 Logi í beinni

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Neighbours

13.10 Phenomenon

15.10 How I Met Your Mother

15.30 Sjáðu

15.55 Ginger segir frá

16.18 Kringlukast

16.43 Shin Chan

17.03 Justice League Unlimited

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.17 Veður

19.30 The Simpsons (16:25)

19.55 Friends (7:24)

► 20.20 Two and a Half Men (4:19) Charlie Harper lifði í vellistingum þar til bróðir hans Alan flutti inná hann slippur og snauður, nýfráskilinn, einstæður faðir.

20.40 The Big Bang Theory (2:17)

21.05 Canterbury's Law (6:6) Elizabeth Canterbury er eldklár verjandi sem villar ekki fyrir sér að sniðganga lögin þegar frelsi skjólstæðinga hennar er í húfi.

21.50 Moonlight (14:16) Mick St. John er ódauðlegur einkaspæjari sem býr og starfar í Los Angeles. Hann stríðir gegn öllu því sem aðrar vampírir standa fyrir með því að nota yfirmátturulega hæfileika sína til að hjálpa hinum dauðlegu.

22.35 Silent Witness (8:10)

23.30 60 minutes

00.15 Ghost Whisperer

01.00 ReGenesis (11:13)

01.45 Phenomenon

03.45 Taxi 3

05.10 The Simpsons (16:25)

05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

17.40 Landsbankamörkin 2008 Allir leikimír, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð.

► 18.40 Enski deildarbikarinn Bein útsending frá leik Coventry og Newcastle í enska deildarbikarnum. Með liði Coventry leikur landsliðsmaðurinn Aron Einar Gunnarsson sem gekk í raðið liðsins fyrir þessa leiktið.

20.40 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum þar sem við Íslendingar eigum tvo fulltrúa.

21.10 Umhverfis Ísland á 80 höggum Magnaður þáttur þar sem Logi Bergmann Eðsson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.

21.50 Countdown to Ryder Cup Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast.

22.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

23.10 Enski deildarbikarinn Útsending frá leik Coventry og Newcastle.

SPORT 2 enski boltinn

07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

14.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

16.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Stoke og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

18.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

18.30 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaði.

19.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.

20.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

22.20 English Premier League

23.15 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Vörutorg

09.45 Óstöðvandi tónlist

16.45 Vörutorg

17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.

19.20 America's Funniest Home Videos (e)

19.45 Family Guy (e)

20.10 Frasier (6:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérvíska hans og snobb eiga sér engin takmörk.

► 20.35 Style Her Famous - Lokapáttur Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjómurnar í Hollywood. Núna hjálpar hann konu sem þráir að líta út eins og kynbomba Cameron Diaz.

21.00 Design Star (6:9) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína.

21.50 High School Reunion (3:6) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný.

22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

23.30 C.S.I. New York (e)

00.20 Da Vinci's Inquest

01.10 Trailer Park Boys

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SIJONVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að Norðan Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12.15 daginn eftir

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Zúúber snýr aftur!

fm957.is



Svali, Gassi og Sigga á FM957

Zúúber

66.3% landsmanna undir fertugu hlustar á FM957

Meðaldekkun á viku frá áramótum - skv. Capacent

Þrjár góðar ástæður til að vakna kl. 7 á morgnanna!



FM957

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40

The Big Bang Theory

Leonard og Sheldon eru bestu vinir og leigja saman. Þeir eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þegar kemur að mannlegum samskiptum eru þeir óttalegir klaufar og þá sérstaklega við hitt kynið. Þetta breytist þó þegar þeir Peggy, nágranna sínum, sem er einlæg, fögur og skemmtileg. Nú fara þeir að sjá lífið í nýju ljósi og læra um eitthvað alveg nýtt og framandi; ástina. Þættirnir eru úr smíðju höfunda Two and A Half Men og hafa fengið stórgóðar viðtökur í Bandaríkjunum og eru með vinsælli þáttum þar.



VIÐ MÆLUM MED

Design Star

Skjár einn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir keppa um að fá sinn eigin sjónvarpsþátt. Ellefu hófu leikinn en fjórir eru nú eftir. Í þættinum í kvöld eru keppendurnir sendir að vinna fyrir kröfuharða stórstjörnu. Kynnir þáttanna er Clive Pearse, sem er kunnur í Bandaríkjunum sem stjórnandi vinsæls fasteignabáttar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Dalakofinn

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútlarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins

13.15 Á sumarvegi

14.03 Tónlistargrúsk

15.03 Útlarpssagan: Hafborg

15.30 Heimsauga

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Flækingur

17.03 Víðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

18.50 Dánarfregnir og auglýsingar

19.00 Á sumarvegi

20.00 Leynifélagið

20.30 Sumarást

21.10 Í fótspor Guðjóns

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð

22.45 Dragspilið dunar

23.30 Saga til næsta bæjar

00.07 Næzturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin /

Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun

/ Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (1:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (2:260)

17.00 Seinfeld (13:13)

17.30 Ally McBeal (10:23)

18.15 Smallville (2:20)

19.00 Hollyoaks (1:260)

19.30 Hollyoaks (2:260)

► 20.00 Seinfeld (13:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.

20.30 Ally McBeal (10:23) Frábærir gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

21.15 Smallville (2:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingarárum. Clark Kent heldur áfram að heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

22.00 So you Think you Can Dance

23.25 So you Think you Can Dance

00.10 Missing (16:19)

00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Valur vængjum þöndum Um-sjón: Þorgrímur Þráinsson. Meðal gesta eru Hermann Gunnarsson.

21.00 Nútímafólk Um-sjón: Randver Þorláksson Gestur: Jakob Frimann Magnússon.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr

10.10 Horisont

10.35 Aftenshowet

11.00 Aftenshowet med Vejret

11.25 Grøn glæde

11.50 Supernabo

12.20 Søren Ryge præsenterer

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.00 DR Update - nyheder og vejr

13.10 Flight 29 savnes!

13.35 Pigebandet Frank

14.00 SPAM

2008

14.30 Musen og Løven

14.35 Ninja Turtles. Tidsrejsten!

15.00 Lucky Luke

15.25 F for Får

15.30 Lille Nørd

16.00 Aftenshowet

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 Aftenshowet med Vejret

17.30 Ha' det godt

18.00 Hammerslag

18.30 Smag på Danmark - med Meyer

19.00 TV Avisen

19.25 Kontant

19.50 SportNyt

20.00 Terror

21.55 Seinfeld

22.20 Conviction

NRK1

10.00 NRK nyheter

10.10 Med hjartet på rette staden

11.00 NRK nyheter

11.05 Jessica Fletcher

12.00 NRK nyheter

12.05 Tinas mat

12.35 Allo, Allo!

13.00 NRK nyheter

13.05 Familien

13.30 Dracula junior

14.00 NRK nyheter

14.10 Pysjklubben

14.35 Edgar og Ellen

15.00 NRK nyheter

15.10 Oddasat - nyheter på samisk

15.25 Samspill med tiden. Henie-Onstad Kunstsenter 40 år

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Dora utforskeren

16.25 Dykk Öllí, dykk!

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Ut i naturen. Magasin

18.25 Redaksjon EN

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.30 Krigen

20.20 Extra-trekning

20.30 Bokprogrammet spesial

21.00 Kveldsnytt

21.15 8 kvinner

23.00 Clement intervjuer Thomas Ricks

23.25 Kulturnytt

23.35 Autofill jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Solens mat

11.50 Sjätte skottet

13.10 Gomorron Sverige

14.00 Rapport

14.05 Hannah Montana

14.30 Ingen tid för skoj

14.55 Wallace & Gromit. Magnifika maskapärer

15.00 Lilla blåa draken

15.10 Tippe

15.20 Meg och Mog

15.30 Piggle Winks äventyr

15.55 Sportnytt

16.00 Rapport

16.10 Regionala nyheter

16.15 Go'kväll

17.00 Kulturnyheter

17.15 Regionala nyheter

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Sixties

18.30 När storken sviker - fem år efteråt

19.00 Får jag lov - till den sista dansen?

20.15 Out of Time

22.00 Kulturnyheter

22.15 Vår käre Elvis

23.10 Sändningar från SVT24

Dansfestival 2008

Lærðu af þeim bestu ...

...í SJÓÐHEITUM DANSTÍMUM hjá verðlaunahafa So You Think You Can Dance? EINUNGIS ÞESSA HELGI! SABRA JOHNSON!

Allt það heitasta frá New York og Los Angeles!

Í glæsilegri aðstöðu í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal **fimmtudag 28. ágúst, föstudag 29. ágúst, laugardag 30. ágúst og sunnudag 31. ágúst!**

100% DANSGLEÐI lofað!!! Námskeiðin eru fyrir **ALLA!**

Tryggðu þér sæti með því að skrá þig strax!

Skráning á Dansfestivalið og önnina fer fram á www.dancecenter.is Nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á info@dancecenter.is, eða hjá Nönnu Ósk Jónsdóttur, framkvæmdastjóra DanceCenter Reykjavík, í síma 861 5658.

SO YOU THINK YOU CAN DANCE?



Sérhjör fyrir 2 VILD

Dan Karaty

Shane Sparks

Sabra Johnson

Danny Tidewell

Haustönn 2008 - DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI!

Kennsla hefst mánudaginn 1. september!

Glæsileg aðstaða í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal. Kennið tvisvar í viklu.

Diskótjútt!

16-19 ára

20-24 ára

25 ára og eldri

Söngleikjadans

10-12 ára

13-15 ára

Jazzfunk/Street/Hip Hop

7-9 ára

10-12 ára

13-15 ára

16-19 ára

20-24 ára

25 ára og eldri

Salsa

Pör og einstaklingar



DanceCenter Reykjavík er aðili að Fristundakorti Reykjavíkurborgar

DansHreyfing fyrir ALLA!

Hreyfing og DanceCenter Reykjavík kynna frábær ný dansnámskeið! Sann-kallað **DANSFJÖR!** Fáðu útrás fyrir **DansGleðina** og skelltu þér á skemmtilegt námskeið. Í boði verður brot af því besta: Jazzfunk, Salsa, Diskó og fl. óvænt! Aldurstakmark 16 ára. Tímar eru 1x í viklu – samtals 15 skipti.



Skráðu þig núna hjá Hreyfingu sími 414 4000!

SKRÁÐU ÞIG NÚNA! dancecenter.is

DANSLIÐ

So You Think You Can Dance?

kemur sérstaklega á vegum:



www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:



ICELANDAIR 



OUTFITTERS[®] NATION



SAMSKIPTI  prentlausnir fyrir skapandi fólk

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Austur-Indíafélagið er bara einfaldlega besti veitingastaðurinn í bænum. Þeir ná að „maxa“ indverska-veitingastaðafilinginn alveg niður í minnstu smáatriði. Með ljótu skrauti og viðbjóðslegan fölbleikan lit á veggjunum. Ég dýrka það.“

Snorri Helgason tónlistarmaður.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. fúss, 6. átt, 8. hagi, 9. klístur, 11. í röð, 12. yfirstéttar, 14. svipað, 16. tveir eins, 17. ögn, 18. pota, 20. grískur bókstafur, 21. vegur.

LÓÐRÉTT

1. gösla, 3. tveir eins, 4. gufuskip, 5. utan, 7. flæmi, 10. poka, 13. tilvist, 15. heimsálfu, 16. kaðall, 19. ólæti.

LAUSN

asíu, 16. tog, 19. at.

5. inn, 7. viðdaga, 10. mal, 13. líf, 15.

LÓÐRÉTT: 1. ösla, 3. v, 4. eimskip,

fls, 18. ota, 20. pí, 21. gata.

LÁRÉTT: 2. svei, 6. sv, 8. vín, 9. lím,

11. mm, 12. aðals, 14. álíka, 16. tt, 17.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Tvær milljónir króna.
2. Fegurðarsamkeppni fyrir nunnur.
3. Thierry Omeyer.

Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið



ÍSLAGNIR

Löggildir rafverktakar

Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur

Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

Sáttur við ÍR-ingana á ÓL í Kína

„Við áttum þrjá uppalda í landsliðinu,“ segir Magnús Paul Korn-top, harðasti ÍR-ingur í heimi. Hann, eins og aðrir Íslendingar, fagnaði dætt silfurverðlaunum íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking á sunnudaginn. Þeir Bjarni Fritzon, Ingimundur Ingimundarson og Sturla Ásgeirsson eru uppald-ir ÍR-ingar. „Maður hefur verið að fylgjast með þeim í gegnum tíðina,“ segir Magnús, sem er vallarþulur á handboltaleikjum ÍR.

Magnús er ekki bara gallharður ÍR-ingur, heldur er hann söngvari og kraftlyftingamaður líka. Þá er hann einnig bloggari

og segir skoðanir sínar á slóðinni korntop.blog.is. Lesendur þeirrar síðu geta séð að Magnús er rammþólitískur og hefur hann meðal annars furðað sig á ástandinu hjá Reykjavíkurborg. „Þetta er bara alger sirkus,“ segir Magnús. „Menn eru að fara illa með það umboð sem þeim er veitt.“

En aftur að ÍR. Þeir eru með sterkt körfuknattleikslíð, knattspyrnuliðið er að rústa 2. deildina og handknattleikslíðið spilar í næstefstu deild. „Ég hef trú á því að innan fimm ára muni ÍR vera með lið í efstu deild í handbolta, körfubolta og fótbolta. Allavega handbolta og fótbolta,“ segir Magnús.

Hann hvetur alla ÍR-inga til þess að vera duglegir að mæta á völinn í vetur. Þannig geti liðið náð markmiðum sínum.

Hvað tónlist Magnúsar varðar þá er hljómsveit hans, Hraðakstur bannaður, að hefja æfingar í næstu viku.

- shs

ÍR-INGUR Magnús Korn-top er gallharður ÍR-ingur. Á myndinni er hann í treyju San Francisco 49'ers í NFL-deildinni. Hann er líka dyggur stuðningsmaður þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Trúbadorinn **Jójó**, sem leikur fyrir gesti og gangandi í miðborginni, þekkir Austurstræti betur en flestir og er nú að vonast til



á perunni. Jójó

er orðinn langþreyttur á því að engar perur utan tvær séu lifandi á ljósastaurum við götuna, en þannig hefur það verið frá dögum **Þórólfs Árna-sonar** borgarstjóra. Jójó hefur

vakið athygli miðborgarstjórans **Jakobs Frímanns**

á þessu, **Júlíusar Vífls Ingv- arssonar** sjálfstæðisflokki og **Þorleifs Gunnlaugssonar** Vg en allt kemur fyrir ekki.

Dagur B. Eggertsson hélt gríðarlega vel heppnaða vöflluveislu á menningarnótt að heimili sínu við Óðinstorg. Svo upptekinn var hann við vöfllubakstur að hann komst ekki til að sjá og heyra fær- eyksu söngkonuna **Sölvu Ford** sem þó söng steinsnar frá heimili hans. Um fjórtán hundruð manns þáðu vöfllur hjá Degi og var stanslaust renneri. Þegar Dagur fór að ganga frá brá honum og heimilisfólki nokkuð í brún því tveir minjagripir frá því Dagur lék í Línu langsockk virtust horfnir. Vöflluveislun var þar með að breytast í martröð en betur fór en á horfðist þegar kom á daginn að vel- viljaðir nágrennar höfðu forð- að munun- um í skjól þegar mest gekk á í vöfllu- veislunni góðu.



- jbg



REBEKKA OG BÚNTIN Rebekka hættir í Mercedes Club og snýr sér að öðrum verkefnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VALGEIR MAGNÚSSON: ENGINN LISTRÆNN ÁGREININGUR

Rebekka hættir sem söngkona í Mercedes Club

„Við erum með ákveðin markmið með hljómsveitinni sem kallar á mikla viðveru erlendis. Rebekka á erfitt með að taka þátt í því þar sem hún er að fara að snúa sér að öðrum verkefnum, meðal annars að vinna að tónlist með bróður sínum [Ivari Erni Kolbeinssyni í Dr. Mister og Mr. Handsome]. Magga Edda Jónsdóttir verður söngkonan,“ segir hinn skeleggi umboðsmaður Mercedes Club – Valgeir Magnússon – öðru nafni Valli sport.

Breytingar standa fyrir dyrum hjá hljómsveitinni Mercedes Club (MC). Rebekka Kolbeinsdóttir söngkona hefur hætt störfum og

MAGGA EDDA Tekur við sem söngkona í Mercedes Club af Rebekku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



mun ekki leiða tónlistarflutning vöðvabúntanna sem skipa hljómsveitina. Stöðu hennar tekur bakraddasöngkona sem ráðin var fyrir um mánuði eftir áheyrnarpróf. Sú er

Taekwondo-stjarnan Magga Edda en hún þekkir frægðina vel sem dóttir eins vinsælasta skemmti-krafts þjóðarinnar, Jóns Gnarr. Valli er ekki í nokkrum vafa um að hún mun rísa undir hinu vandasama hlutverki sem er að leiða þessa ágætu hljómsveit til frægðar á erlendum vettvangi. „Já, við erum að athuga hvort við getum gert eitthvað í þessum tækifærum sem við sjáum erlendis. Rebekka

stefndi í eina átt og hljómsveitin í aðra. Og fólk verður að vera heils- hugar í því að grípa tækifærin þegar þau gefast,“ segir Valli. Og stefnan er einkum og sér í lagi tekin á Suður-Evrópu en þar lifir teknótónlistin sem MC leikur góðu lífi. Spurður segir Valli að aðallaga- höfundur MC sé ekki að semja nýja tónlist fyrir hljómsveitina akkúrat núna enda úr nægu að móða með það efni sem þegar er fyrir hendi.

Að sögn er nokkuð um liðið frá því að ákveðið var að Rebekka segði skilið við hljómsveitina. En beðið var með að tilkynna þar um. „Það er enginn listrænn ágreiningur, og hún hættir í góðu,“ segir Valli. Næst kemur MC fram á Ljós- anótt í Reykjanesbæ og þá verður Magga Edda kynnt sem aðalsöng- kona Mercedes Club.

jakob@frettabladid.is
solli@frettabladid.is

Annar Gunnar á Hlíðarenda

Gunnar Ernir Birgisson má fara að venja sig við það að vera kallaður Gunnar á Hlíðarenda. Gunnar Ernir er nýfluttur að norðan til að þjálfa fimmta og áttunda flokk karla í handbolta hjá Val. Hann býr í húsvarðaríbúð í Valsheimilinu og er því vissulega Gunnar á Hlíðarenda.

Hvernig er að fá nafnbót sem slíka? „Það er bara mjög gaman,“ segir Gunnar. „Það er ekki slæmt að vera annar Gunnar á Hlíðarenda.“ Honum list vel á sig. „Þetta er orðið helvíti fínt. Það var rosa-legt drasl í húsinu þegar ég fékk það. En það er búið að taka allt og skúra það upp.“ Er Óskjuhlíðin fögur? „Já, hún er ávallt fögur.“

Hann hefur ekki áhyggjur af

nágrönnum sínum. „Ég þekki nú Arnór úr Val mjög vel. Svo þekki ég Heimi Árna aðeins, hann þjálf- aði mig nú í „den tid“. Þetta verður örugglega mjög fínt, það er mjög vinalegt fólk þarna.“ Njáll hefur þó ekki látið sjá sig.

Gunnar Ernir var aðstoðarþjálfari í KA, kvennadeildinni, síðasta vetur. Honum list vel á næsta handboltatímabil. „Í meistara- flokknum eru náttúrlega komnir menn eins og Sigfús og Heimir Árna þannig að liðið verður örugg- lega öflugt í vetur.“

Sjálfur er hann tilbúinn í slag- inn. En er Gunnar vígamaður mik- ill eins og nafni hans? „Já, já, alveg svona bæði og. Ég er bara að reyna að gera það sem ég get.“

- kbs



SÁTTUR VIÐ NAFNBÓTINA Gunnari Erni finnst ekki amalegt að búa að Hlíðarenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Laugar
Mosfellsbær
Seltjarnarnes
Spöngin

Dansari Justin Timberlake er LOKSINS kominn til landsins!

Workshop 12. - 14. september

Ekki missa af KENNY WORMALD!

Verð er 5.900 kr.
3.900 kr. fyrir nemendur DWC

Skráning er hafin í s. 553 0000

HAUSTÖNN

hefst 15. september

4 - 6 ára
7 - 9 ára
10 - 12 ára
13 - 15 ára
16 plús
20 plús
25 plús
30 plús

Pú lærir allt á einum stað:

Hip hop - Street Jazz - Contemporary
Barnadansar - Pop - Break - Lyrical
Vogueing - Disco - Broadway - Jazz

Ath. Sér break hópar

Nánari upplýsingar á www.worldclass.is og
www.myspace.com/dansstudioworldclass

KOMDU og vertu með!





BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar

Frá Bíldó til borgríkis

Þegar ég var ungur drengur átti ég oft erfitt með að skilja full-orðna fólkið sem virtist gefa hinum skemmtilegu hlutum lífsins lítið vægi. Ávallt fannst mér það helst hneigt til fábreytni svo maður varð að láta yfir sig ganga að borða soðna ýsu þrisvar til fjórum sinnum í viku meðan góðgæti eins og hamborgarar voru afar fátíðir. Síðan var jóladagur aðeins einu sinni á ári en mánudagur sem allir bölvuðu var hins vegar í hverri einustu viku.


SMÁTT og smátt fór ég að skilja það sem á bak við naumhyggju fullorðna fólksins bjó og um leið að sætta mig við hana. En svo líða árin og maður stendur frammi fyrir öðru yfirvaldi sem engin leið er að skilja né sætta sig við.

MÉR er þetta hugleikið nú þar sem ég var að koma frá Bíldudal, um 400 kílómetrum frá biðlistum, umferðaröngþveiti, borgarstjórnarhneisum og stressi. Það gladdi mig að sjá þar börn og unglinga sem er ekki ekið úrvinda milli stofnana heldur fara þau sjálf leiðar sinnar gangandi í góðra vina hópi. Þau fá meira að segja tækifæri til að hitta eldra fólk, spjalla við það eða fylgjast með því vinna. Þar þekkjast allir og taka tal saman þegar þeir mætast, stoppa jafnvel bílana úti á miðri götu meðan þeir spjalla. Þar kemst enginn upp með að vera afskiptaleysið uppmálað eða dropi í mannhafi sem vill gleyma því að hann skiptir máli.

ÞAÐ er vissulega rifist um skipulagsmál í þessu þorpi jafnvel þótt allt slíkt virðist hjóm eitt innan um fegurð fjallanna sem umkringvir dalinn.

EN þrátt fyrir þau lífsgæði sem fólkið nýtur þarna er nokkur hryggð yfir mannskapnum um þessar mundir. Því þótt enginn hafi verulegan áhuga á því að flytja suður þá mun samt sem áður koma að því fyrr eða síðar. Spurningin um það hver verði næstur til að þynnast út í margmenninu fyrir sunnan hangir eins og mara yfir þorpinu. Sumir giska á að Jón á Hóli verði næstur en aðrir segja sparisjóðsútibúið.

MÉR er svo sem engin vorkunn að hafa alist upp við fábreytilegt mataræði og helgiöld; en guð hjálpi komandi kynslóðum í borgaríkinu sem er í uppsiglingu. Þar verður alvöru fábreytni.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn 26. ágúst, 239. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.53	13.29	21.03
Akureyri	5.31	13.14	20.55

Heimild: Almanak Háskólans

Selva Val Gardena

Toppurinn á Ölpunum

Jólaferð:
20. des. í 7 eða 14 nætur

Áramót:
27. des. í 7 nætur

3. janúar í 11 nætur

14. janúar í 10 nætur

Vikulegt flug frá
24. janúar til 7. mars

Hótel Garni Miara ★ ★ ★



Staðsett rétt við Ciampinoi-skíðabrekkuna, æfingarbrekkuna og skíðaskólann. Hótelid er miðsvæðis í bænum en jafnframt ríkir þar þögn kyrrð. Skíðabrekkurnar renna beint að hótlinu sjálfu og inn í hlýjunu.

Verðdæmi: **123.900,-**
Á mann í tvíþýli m.v. brottför 24. janúar. Vikuferð með morgunverði.

Hótel Somont ★ ★ ★



Fallegt hótél í Alpastil skreytt með útskurdri heimamanna. Persónuleg þjónusta og snyrtimennska einkenna hótelið, sem stendur neðst við eina af skíðabrekkum Selva. Hægt að renna sér að hótlinu.

Verðdæmi: **162.470,-**
Á mann í tvíþýli m.v. brottför 24. janúar. Vikuferð með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

Bókunarsíminn er opinn til kl. 19 alla virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum
ÚRVAL ÚTSÝN - LÁGMÚLA 4 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 585 4000 - FAX 585 4065 - INFO@UU.IS

Selva Val Gardena er lítið fjallaborp í Dólómítafjallgarðinum, einu besta og vinsælasta skíðasvæði heims. Svæðið er einkar sólríkt og skýrt útsýnið yfir snævi þakta Alpna gleymist seint. Frá Selva hafa ferðamenn beinan aðgang að stærsta skíðasvæði heims, 450 lyftur og rúmlega 1000 km af skíðabrautum, flestar tengdar saman í samfellda skíðaparadís.

Öll möguleg þægindi finnast í Selva. Fjöldi „après“-skíðastaða býður ilmandi kaffi og heitt súkkulaði, heimilislegir veitingastaðir reiða fram ítalska rétti - lúnir skíðamenn geta hlakkað til dagsloka. Skíðalyfturnar úr bænum eru í göngufæri frá öllum hótelum Úrvals-Útsýnar. Við fljúgum með Icelandair til Ítalíu, sem gefur ferðamönnum kost á Saga Class-sætum og öllum þeim fríðindum sem því fylgja. Sannarlega toppurinn á tilverunni!

Ódýrustu sætin bókast fyrst!

